


**skoðun 18**

## Börnum boðið til veislu

*Þjóðleikhúsið fagnar sextíu ára afmæli á sunnudag.*

**allt 3**



## 2 SÉRBLÖÐ

í Fréttablaðinu

Allt

**föstudagur**





# FRÉTTABLAÐIÐ

**Föstudagur**

**3. september 2010**

206. tölublað 10. árgangur

Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI




### Syngja í vinsælum þætti

*Stúlkurnar í The Charlies munu koma fram í þættinum Dancing with the Stars.*

**fólk 30**

### Ævisaga væntanleg

*Kristján Jóhannsson óperusöngvari leggur spilin á borðið í nýrri bók.*

**menning 30**



### Helmingsmöguleikar

*Landsliðsþjálfari Íslands gefur liðinu helmingslíkur á sigri á Noregi í kvöld.*

**sport 36 og 38**

### veðrið í dag




**STREKKINGUR SV-TIL** í dag verða suðaustan 8-15 m/s SV-til en annars hægari. Væta S- og V-til en víðast léttskýjað fyrir norðan og austan. Hiti 14-22 stig.

**VEÐUR 4**


Fréttablaðið er með **201%** meiri lestur en Morgunblaðið.




**Allt sem þú þarft...**



Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í maí til júlí 2010.


# Reiðarslag fyrir garðyrkjuna

**Hækkanir á gjaldskrá OR um næstu mánaðamót munu hafa gríðarleg áhrif á garðyrkjubændur. Sjá sumir fram á milljóna króna hækkanir. Óhjákvæmilegt að breytingarnar leiði til hækkandi verðlags á grænmeti.**

**LANDBÚNAÐUR** Aðeins er tímaspursmál hvenær verð á íslensku grænmeti hækkar vegna yfirvofandi hækkana á verði á rafmagni frá Orkuveitu Reykjavíkur, segir Bjarni Jónsson, framkvæmdastjóri Sambands garðyrkjubænda.

Hækkanirnar munu hafa gríðarlega mikil áhrif á orkureikninga garðyrkjubænda og sjá sumir fram á allt að 14,5 prósenta hækkun á rafmagnskostnaði, segir Bjarni. Reikningur grænmetisbænda gæti hækkað um eina og hálfa milljón á ári.

Bjarni segist hafa verulegar áhyggjur af þróuninni og sé það svo sannarlega ekki til að bæta það ástand sem ríkt hafi á markaðnum eftir hrun.

„Það er ekkert fyrirtæki sem getur tekið á sig 14,5 prósenta hækkun og ekki komið til móts við það á einhvern hátt,“ segir Bjarni. Rafmagnsnotkun sé að meðaltali um 30 prósent af rekstrarkostnaði garðyrkjubænda og augljóst sé að hækkanirnar muni skila sér í verulegum mæli inn í þann kostnað.

Ríkið greiðir niður hluta af dreifingu orku til garðyrkjubænda og eru tímabil notkunar misdýr yfir daginn. Dýrust er dreifingin á milli átta á morgnana og sex á kvöldin og verið er að skoða möguleika á að breyta lýsingartíma og stýringu notkunar til aukinnar hagkvæmni fyrir bændur.

> Það er ljóður á bændastétt að þurfa að vera á ölmusu frá ríkinu.
>
> **HAFBERG ÞÓRISSON**
> GARÐYRKJUBÓNDI Á LAMBHAGA

Hafberg Þórisson, garðyrkjubóndi á Lambhaga, segir þessar síðbúnu hækkanir Orkuveitunnar munu verða til þess að árlegur reikningur hans hækki um eina og hálfa milljón á ári. Lambhagi sé að stækka og áætlanir séu fyrir hendi um að auka rafmagnsnotkun um 100 prósent. Hann noti nú að meðaltali rafmagn fyrir um tíu milljónir á ári.

„Þetta er verulega mikil aukning. En hún er þess eðlis að það er ekki möguleiki að demba henni út í verðlagið strax, það verður að koma seinna,“ segir Hafberg. „En ég er mjög ánægður með störf Orkuveitunnar hingað til. Þeir hafa staðið sig mjög vel í afhendingu og öryggi og það er ekki bara heppni,“ segir Hafberg.

Hann er ósammála því að ríkið niðurgreiði orkukostnað garðyrkjubænda og segir bændur eiga að vera sjálfbæra. „Það er ljóður á bændastétt að þurfa að vera á ölmusu frá ríkinu.“ **- sv**




**FÖST Í EÐJUNNI** Árbotninn þar sem rútan festist hafði breyst mikið á nokkrum klukkustundum, segir staðarhaldari í Húsadal. Hún segir ána vel færa fjórhjóladrifnum rútum og vel búnum jeppum, en rútan var ekki með fjórhjóladrif. MYND/ERIK VAN DE PERRE

Rúta festist í eðju í Krossá:

## Unglingarnir ferjaðir í land

**SAMGÖNGUR** Rúta með um 50 unglinga í tíundu bekkjum Lindaskóla festist í Krossá á leið sinni með hópinn í Þórsmörk skömmu eftir hádegi í gær. Engan sakaði, en krökkunum var bjargað úr rútunni í land af kennurum og starfsmönnum í Þórsmörk.

„Krakkarnir voru ekki í neinni hættu,“ segir Gunnsteinn Sigurðsson, skólastjóri Lindaskóla.

„Rútan rak afturendann í bakkann, og þegar hún stöðvaðist fór áin strax að grafa undan henni,“ segir Pjetur Maack, kennari við skólann, sem var í rútunni. „Við ákváðum að brjóta rúðu aftarlega í rútunni og komumst út á eyri sem þar var.“

Engan sakaði þótt nokkrir blotnuðu í fæturna, en farangur krakkanna blotnaði og því eitthvert eignatjón, segir Pjetur.

Ragnheiður Hauksdóttir, staðarhaldari í Húsadal í Þórsmörk, segir að mikil aska hafi borist í ár á svæðinu og rútan hreinlega sogast föst í eðjuna. **- bj**

Guðbjartur Hannesson og Ögmundur Jónasson hafa tekið sæti í ríkisstjórn:

# Nýliðarnir fá risaráðuneyti

**STJÓRNMÁL** Fjórir ráðherrar viku úr ríkisstjórn í gær fyrir Guðbjarti Hannessyni úr Samfylkingu og Ögmundi Jónassyni úr Vinstri grænum. Ráðherrum fækkar þar með úr tólf í tíu. Til stendur að fækka þeim um einn til viðbótar um komandi áramót.

Úr stjórninni hurfu Álfheiður Ingadóttir, Kristján L. Möller og utanþingsráðherrarnir Gylfi Magnússon og Ragna Árnadóttir. Ekki var annað að heyra á þeim í gær en að þau hyrfu sátt frá borði, öll nema Kristján, sem sagðist hefðu viljað sitja lengur í embætti og ljúka mikilvægum verkefnum. Þá var Árni Páll Árnason færður úr félagsmálaráðuneytinu í efnahags- og viðskiptaráðuneytið.

Nýju ráðherrarnir tveir – þótt Ögmundur hafi raunar setið við borðið áður – takast á hendur risavaxin verkefni. Guðbjartur mun stjórna rúmum helmingi allra ríkisútgjalda í nýju velferðarráðuneyti og Ögmundur fær dóms- og samgöngumál í fangið í nýju innanríkisráðuneyti.

**- sh /** **sjá síðu 16**



**RÍKISRÁÐSFUNDUR Á BESSASTÖÐUM** Ögmundur og Guðbjartur, nýir ráðherrar Jóhönnu Sigurðardóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Opið hús

á morgun kl. 14-16



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

**SPURNING DAGSINS**



*Baldur, ertu ekki hræddur um að þakið rifni af húsinu?*

„Ef það verður þungarokk gætum við lent í vandræðum en við ætlum að reyna að hafa þetta á léttu nótunum þannig að þakið haldi.“

Baldur Þórir Guðmundsson hjá Geimsteini boðar mikla tónleika fjölda hljómsveita á þaki Rokkheima Rúnars Júlíussonar á Ljósanótt.

Forsvarsmenn Keilis vilja reisa fjölnota orkustöð þar sem meðal annars verða seldar veitingar og bensín:

# Söluskáli hjá Leifsstöð skapi tekjur fyrir Keili

**SKIPULAGSMÁL** Keilir – miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs hefur óskað eft því við sveitarfélagið Garð að fá allt að fimm þúsund fermetra lóð undir „fjölnota orkustöð“ hjá síðasta hringtorginu áður en beygt er inn að Leifsstöð.

Hjálmar Árnason, framkvæmdastjóri Keilis, segist sjá fyrir sér þjónustumiðstöð á borð við Staðarskála þar sem leiðirnar í Leifsstöð, Keflavík og Sandgerði mætast.

„Við hugsum þetta sem fyrsta möguleika á stoppi fyrir útlendinga þegar þeir eru komnir úr stressinu úr flugstöðinni og þeir sem eru að taka á móti einhverjum að utan geta beðið þarna frekar en að standa þreyttir og pirraðir inni í flugstöð,“ útskýrir Hjálmar sem kveður verkefnið unnið í samstarfi við sveitarfélögin í nágrenninu, Þróunarfélagið og ýmsa aðila sem hafi áhugaverðar hugmyndir.

Ætlun Keilis er að bjóða upp á vistvæna orkugjafa á borð við metan, vetni, bíódísil og rafmagn auk þess sem bensín og dísil verður selt í samstarfi við aðra. Hjálmar segir Keili vilja þjálfa nemendur orkuskóla síns í að umgangast vistvænt eldsneyti. „Við erum að fara í þetta til að skapa flotta kennsluaðstöðu en vonandi um leið góðar tekjur,“ segir hann.

Lóðaumsóknin er enn á borði sveitarstjórnarinnar í Garði. Hjálmar segir viðtökurnar þar hafa verið mjög jákvæðar og vonast til að málið gangi sem hraðast fyrir sig. „Málið er enn á hugmyndastigi og við eigum eftir að halda kynningu um það og umræðufundi með okkar samstarfsaðilum,“ segir Hjálmar sem kveðst sannfærður um að nýi skálinn leiði af sér „endalausa“ aðra starfsemi. - gar




**KEILIR** Framkvæmdastjóri Keilis segist sjá fyrir sér þjónustumiðstöð á borð við Staðarskála þar sem leiðirnar í Leifsstöð, Keflavík og Sandgerði mætast.



**SLÖKKVISTARF** Björgunarmenn dældu vatni yfir borpallinn til að slökkva eldinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Annað óhapp í Mexíkóflóa:

## Sprenging í olíuborpalli

**BANDARÍKIN, AP** Sprenging varð í olíuborpalli í Mexíkóflóa út af ströndum Louisianaríkis í gær, um 160 kílómetrum frá þeim stað þar sem olíuborpallurinn Deepwater Horizon stóð áður en hann eyðilagðist í sprengingu í apríl síðastliðnum.

Þrettán manns voru á pallinum þegar sprengingin varð. Allir sluppu lifandi en einn slasaðist.

Eldur logaði í pallinum í gær og sáu björgunarmenn olíuslikju á sjónum. Ekki var í gær vitað hvort mikið magn olíu læki frá pallinum. Sjávardýpið við olíuborpallinn er um 100 metrar, og aðstæður til að stöðva leka því mun betri en hjá Deepwater Horizon. - gb

Stjórn ósátt við fjárfestingar:

## Óánægja með Framtakssjóð

**EFNAHAGSMÁL Til greina kemur að lífeyrissjóðir félagsmanna VM – félags vélstjóra og málmtæknimanna dragi sig út úr Framtakssjóði Íslands, samkvæmt yfirlýsingu frá stjórn félagsins.**

**Þar er lýst furðu á fjárfestingum sjóðsins, og þær sagðar fara langt fram úr samþykktum hans.**

**Stjórnin telur það skaða Framtakssjóðinn og gera hann ótrúverðugan að tengjast banka eða bönkum. Bankinn keypti nýverið Vestia af Landsbankanum.** - bj

# Gapandi brunarúst kvelur fjölskylduna

**Frænka ungs manns sem fórst í eldsvoða á Hverfisgötu 28 í janúar segir fjölskylduna ekki fá frið á meðan brunarústirnar gapi óbreyttar til himins. Hún vill að borgarstjóri beiti sér. Búast má við borgin krefjist viðgerða á húsinu.**

**FÓLK** „Ósk mín er að gengið sé til þess að rífa þetta hús sem fyrst,“ segir frænka manns sem fórst í eldsvoða á Hverfisgötu í ákalli til Jóns Gnarr borgarstjóra.

Konan segir frá því í bréfinu til borgarstjórans að 25 ára maður sem lést í brunanum á Hverfisgötu aðfararnótt 7. janúar síðastliðinn hafi verið frændi borgarstjórans. Sá sem lést hafi borið mikla virðingu fyrir Jóni og hún voni að hann beiti sér fyrir því að húsið verði rifið. Að sjá húsið ennþá svart og sótugt valdi fólki enn meiri sorg en orðin er.

„Virðing og frændsemi sé að húsið verði rifið, ekki bara fyrir miðbæ Reykjavíkur heldur fjölskylduna sem í raun fær ekki frið fyrr en eitthvað hefur verið gert í þessu máli,“ segir í bréfi konunnar sem Fréttablaðinu hefur ekki tekist að ná tali af og er því ónefnd hér.



**MAGNÚS SÆDAL**

„Húsið stendur ennþá hálfbrunnið og skemmt líkt og hræ, eins og það var strax eftir brunann. Gapandi upp í loftið, brunnar þaksperrur sem blasa við öllum sem eiga leið þarna framhjá,“ segir enn fremur í bréfi konunnar.

Frá skrifstofu borgarstjóra var erindið sent til meðferðar hjá framkvæmda- og eignasviði. Málið er nú til skoðunar hjá byggingarfulltrúa.

Magnús Sædal byggingarfulltrúi segir ófært að brunahúsið haldi áfram að vera í núverandi ömurlegu ástandi. Eigandinn hafi engar tillögur sett fram til hans embættis um framtíð eignarinnar. „Húsið er talið viðgerðarhæft að mati tryggingarfélaga. Það hefur ekkert verið ákveðið enn af hálfu borgaryfirvalda í þessu máli en væntanlega munu þau gera kröfu um að eigandinn hefji viðgerðir á húsinu og það mál fái þannig farsælan endi,“ segir Magnús Sædal. gar@frettabladid.is



**HVERFISGATA 28** Staðurinn þar sem 25 ára gamall maður fórst í eldsvoða blasir enn óhreyfður við, átta mánuðum eftir hinn voveiflega atburð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Virðing og frændsemi sé að húsið verði rifið, ekki bara fyrir miðbæ Reykjavíkur heldur fjölskylduna sem í raun fær ekki frið fyrr en eitthvað hefur verið gert.
>
> ÚR BRÉFI TIL BORGARSTJÓRA



Ungur maður fórst í bruna á Hverfisgötu

**FRÉTTABLAÐIÐ 8. JANÚAR 2010**

Seðlabankastjóri yfirheyrður:

## Stórir bankar eru hættulegir

**BANDARÍKIN, AP** Ben Bernanke, seðlabankastjóri Bandaríkjanna, segir nauðsynlegt að stjórnvöld séu tilbúin að loka hreinlega stórum bönkum ef þeir standa á brauðfótum og gætu tekið fjármálakerfi landsins með sér í fallinu.



**BEN BERNANKE**

„Ef kreppan hefur kennt okkur eitthvað eitt, þá er það að finna verður lausn á þeim vanda að sumir séu of stórir til að mega falla,“ sagði hann í yfirheyrslum hjá bandarískri þingnefnd, sem er að ljúka rannsókn sinni á fjármálahruninu vestra árið 2008.

Hann segir stóru fjármálafyrirtækin hafa verið í senn orsök kreppunnar og meðal þess sem helst kom í veg fyrir að stjórnmálamenn gætu haldið henni í skefjum. - gb

Nauðganir í Kongó:

## Ráðist á hjálparstarfsmenn

**KONGÓ, AP** Ráðist var á hjálparstarfsfólk í austanverðu Kongó á miðvikudag. Fólkið hafði unnið að því að hjálpa hundruðum kvenna, sem nauðgað hafði verið í árásum á fjögur þorp dagana 30. júlí til 4. ágúst.

Alls er vitað um 242, sem var nauðgað. Margar þeirra flúðu inn í skóginn og hafa verið að koma smám saman fram með sögu sína allt fram á síðustu daga.

Hjálparstarfsfólkið komst undan árásarmönnunum, gat falið sig í skógi og var bjargað síðar um daginn. - gb




Nauðsynlegt að takast á við skuldavanda heimilanna segir forsætisráðherra:

# Bjartari tímar fram undan

**ALÞINGI** Mikill árangur hefur náðst á flestum sviðum samfélagsins. Það er árangur sem bjartsýnustu menn óraði ekki fyrir og hefur vakið athygli erlendis, sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra þegar þing tók aftur til starfa í gær að loknu sumarleyfi.

Jóhanna benti á að aukinnar bjartsýni gætti í samfélaginu, atvinnuleysi hefði minnkað og helstu hagvísar bentu til að bjartari tímar væru fram undan.

Jóhanna sagði að mörg erfið mál væru fram undan og að veturinn yrði ekki auðveldur. Loka þyrfti rösklega 40 milljarða fjárlagagati. Um þrír fjórðu hlutar þess yrðu brúaðir með niðurskurði en fjórðungur með auknum skatttekjum. Þá sagði forsætisráðherra nauðsynlegt að takast á við skuldavanda heimila og fyrirtækja. Einnig væri enn vandi fyrir höndum vegna þeirrar óvissu sem dómur Hæstaréttar um gengistryggð lán skildi eftir sig.

Sitjandi ríkisstjórn getur ekki þakkað sér þau jákvæðu teikn sem nú eru á lofti í efnahagslífinu, sagði Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, á Alþingi í gær. Hann sagði jákvæð tekn tilkomin vegna ytri skilyrða og stefnumörkunar fyrri ríkisstjórnar. Skattahækkanir núverandi ríkisstjórnar hefðu slæm áhrif. - jhh



**ÞING SETT** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði mikilvægt að nýta alþjóðlega þekkingu á sviði efnahagsmála, einangrun veiki landið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



## Komdu og verslaðu beint af bændum

# Uppskerumarkaður

## laugardag og sunnudag frá 11 til 16

| | | |
|---|---|---|
| lífrænt ræktað grænmeti | öðruvísi kartöflur | fullt af kynningum í heilsudeild |
| nýbakaðar flatkökur og ástarpungar | lífrænt skyr | Yggdrasill / heilsa – hafðu það gott |
| ferskt nauta- og alikálfakjöt | sultur og marmelaði | BIOVÖRUR / Bio-Bú |



## Erikurnar komnar!

Fullt af fallegum haustplöntum í garðinn



## Haustlaukarnir komnir!



**25%** helgarafsláttur

af garðljósum



**20%** helgarafsláttur

Ný stór sending af **pottaplöntum**

## Ikebana

japönsk blómaskreytilist

**30%** helgarafsláttur af öllum afskornum blómum



Sayoko Iguchi verður með sýnikennslu frá föstudegi til sunnudags frá kl. 14.00 til 17.00

## Uppskerudagar frá föstudegi til sunnudags



Vaffla með rjóma og heimalagaðri rabarbarasultu á 250kr



Grænmetis-lasagne á 990kr

spíran. bistro

GARÐHEIMAR

*heimur skemmtilegra hluta og hugmynda*

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

## GENGIÐ 02.09.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 119,43 | 120,01 |
| Sterlingspund | 183,89 | 184,79 |
| Evra | 153,07 | 153,93 |
| Dönsk króna | 20,559 | 20,679 |
| Norsk króna | 19,376 | 19,49 |
| Sænsk króna | 16,423 | 16,519 |
| Japanskt jen | 1,4183 | 1,4265 |
| SDR | 180,88 | 181,96 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
197,0888

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

ASÍ kannaði vöruverð í fjórum lágvöruverðsverslunum á höfuðborgarsvæðinu:

# Bónus er tuttugu prósentum ódýrari heldur en Kostur

**NEYTENDUR** Bónus er með ódýrasta vöruverðið samkvæmt nýjustu verðkönnun ASÍ. Könnunin var gerð í lágvöruverðsverslunum á höfuðborgarsvæðinu í fyrradag og sýndi hún fram á að allt að 20 prósenta verðmunur reyndist vera á vörukörfunni. Kannað var verð í verslunum Nettó í Breiðholti, Krónunnar á Granda, Kosti á Dalvegi og Bónuss í Garðabæ.

Karfan kostaði 13.547 krónur í Bónus og 16.225 í Kosti, þar sem hún var dýrust. 745 króna munur var á Bónus og Krónunni, eða fimm prósent, en 1.208 króna munur var á Bónus og Nettó, eða níu prósent.

Könnun ASÍ leiddi í ljós að almennt var munurinn minnstur á mjólkurvörum en mestur á grænmeti og ávöxtum. Talsverður verðmunur var einnig á dósamat og þurrvöru.

Vörukarfa ASÍ samanstendur af 43 almennum neysluvörum til heimilisins og eru flestar frá þekktum vörumerkjum. Mið er tekið af lægsta mælieiningaverði vörunnar í hverri verslun. Þar sem vörumerki eru mismunandi eftir tegundum er verð tekið á ódýrustu fáanlegu vöru sem uppfyllir sett skilyrði í viðkomandi verslun.

- sv

**Vörukarfa í verslunum 1. september 2010**




Heimild: ASÍ



**BÖRN Í HÆTTU** Mikil sjúkdómahætta er vegna flóðavatns sem þekur fimmtung lands í Pakistan. NORDICPHOTOS/AFP

Hamfarirnar í Pakistan:

## Milljónir barna í mikilli hættu

**PAKISTAN** Enn eru um 2,3 milljónir barna í Pakistan undir fimm ára aldri án lífsnauðsynlegrar hjálpar. Barnaheill – Save the Children hafa náð til um 10 prósent þeirra barna sem hafa þurft að flýja heimili sín vegna þeirra gríðarmiklu flóða sem hafa geisað í landinu undanfarnar fjórar vikur.

Mengað flóðavatn þekur enn um 20 prósent landsins og er álitið að um 3,5 milljónir barna séu í mikilli hættu að fá sjúkdóma sem berast með vatninu. Um 100 þúsund þungaðar konur munu að auki eignast börn sín í næsta mánuði á svæðunum.

- sv

### LEIÐRÉTTING

Í aðsendri grein Sigrúnar Helgadóttur Um rithöfundalaun, sem birtist í blaðinu í gær, var rangt farið með fjölda þeirra mánaðarlauna sem úthlutað var úr launasjóði fræðirithöfunda árið 2008. Rétt er að það ár var sextíu mánaðarlaunum úthlutað til tíu höfunda og fékk hver þeirra laun í sex mánuði.

# 22 sveitarfélög fá aðvörun vegna skulda

**Eftirlitsnefnd hefur aðvarað tólf sveitarfélög vegna slæmrar skuldastöðu og ætlar að aðvara tíu til viðbótar á næstu dögum. Þurfa að gera grein fyrir hvernig snúa eigi stöðunni við. Rekstrartekjur sveitarfélaga dragast saman og skuldir aukast.**

**STJÓRNSÝSLA** Tólf sveitarfélög hafa fengið aðvörun frá eftirlitsnefnd vegna mikilla skulda. Tíu til viðbótar munu fá slíka aðvörun á næstunni. Nefndin krefst upplýsinga um hvernig sveitarfélögin ætli að draga úr mikilli skuldsetningu.

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga telur þörf á að athuga nánar fjármál allra sveitarfélaga þar sem heildarskuldir eru meiri en 150 prósent af heildartekjum sveitarsjóðs, samkvæmt upplýsingum frá nefndinni.

Samkvæmt síðustu ársreikningum allra sveitarfélaga í landinu eru 22 sveitarfélög með skuldir umfram þessi viðmiðunarmörk. Peningaleg staða þessara sveitarfélaga var þó afar misjöfn vegna eigna sem geta komið á móti miklum skuldum.

Eftirlitsnefndin hefur þegar sent tólf sveitarfélögum aðvörun vegna mikillar skuldsetningar og/eða slæmrar rekstrarafkomu. Öll skulduðu þessi sveitarfélög meira en tvöfalt meira en þau afla á ári.

Sveitarfélögin tólf eru: Reykjanesbær, Vogar, Sandgerðisbær, Fjarðabyggð, Grundarfjarðarbær, Hafnarfjörður, Fljótsdalshérað, Kópavogsbær, Vestmannaeyjabær, Djúpavogshreppur, Árborg og Stykkishólmsbær. Ekki þótti ástæða til að senda Álftanesi viðvörun þar sem það er nú í umsjá sérstakrar fjárhagsstjórnar.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum um hvernig sveitarstjórnirnar ætluðu sér að bregðast við fjárhagsvanda sveitarfélaganna. Auk þess óskaði nefndin eftir endurskoðaðri fjárhagsáætlun til þriggja ára frá sveitarfélögunum.

Tíu sveitarfélög til viðbótar munu á næstu dögum fá aðvörunarbréf frá eftirlitsnefndinni. Þau skulda öll milli 150 og 200 prósent af tekjum. Nefndin óskar eftir því að þessi sveitarfélög upplýsi um þær aðferðir sem þau ætli að beita til að draga úr skuldsetningu og bæta rekstrarafkomu sína.

Starfsemi sveitarfélaga er skipt í tvo hluta. A-hlutinn er sveitarsjóðurinn og stofnanir sem fjármagnaðar eru að mestu með skattfé. B-hlutinn eru stofnanir og fyrirtæki sem eru að meirihluta í eigu sveitarfélagsins og eru rekin að mestu fyrir sjálfsaflafé.

Þegar aðeins er litið til A-hluta starfsemi sveitarfélaganna í landinu hafa rekstrartekjur þeirra aukist lítillega milli áranna 2008 og 2009. Þegar A og B hlutar eru skoðaðir saman hafa tekjur hins vegar dregist saman um tæp fjögur prósent milli ára. Á sama tíma hafa skuldirnar aukist um ríflega ellefu prósent, samkvæmt úttekt eftirlitsnefndarinnar.

brjann@frettabladid.is

**Staða skuldsettustu sveitarfélaganna**




Hér má sjá skuldir og skuldbindingar verst stöddu sveitarfélaganna með 1.000 íbúa eða fleiri fyrir árið 2009. Skuldirnar eru sýndar sem hlutfall af tekjum sveitarfélaganna. Aðeins er tekið til skulda og tekna af A-hluta, sem er samstæða sveitarfélaganna. Ástandið er verst á Álftanesi þar sem skuldir eru ríflega fimm sinnum meiri en árstekjur. Í Reykjanesbæ og Vogum eru skuldirnar tæplega fjórum sinnum meiri en árstekjurnar.

Heimild: Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga



NORDICPHOTOS/AFP

**KÆFANDI HITI Í JAPAN** Tugir þúsunda hafa þurft að leggjast inn á sjúkrahús.

Hitabylgja í Japan:

## Hitametin féllu víða í sumar

**JAPAN, AP Gríðarleg hitabylgja hefur verið í Japan í sumar og mælast hitarnir þar þetta sumarið meiri en nokkru sinni, en mælingar þar hófust árið 1898.**

**Í höfuðborginni Tókíó hefur hitinn farið upp í 37 stig. Tugir þúsunda hafa lagst inn á sjúkrahús vegna hitanna og 150 látið lífið.**

**Japan er þar reyndar ekkert einsdæmi, því alls hafa sautján lönd á norðurhveli jarðar upplifað heitara sumar þetta árið en nokkru sinni hefur mælst.**

**Þannig hafa hitametin fallið í Rússlandi, víða í Bandaríkjunum, víða í Mið-Austurlöndum og í Shanghaí í Kína, svo nokkuð sé nefnt.**

- gb

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Þjófur handtekinn**

Karlmaður á fertugsaldri var handtekinn í Árbæ í fyrrinótt en maðurinn hafði brotist inn í hús í hverfinu. Þjófurinn var fluttur á lögreglustöð en í fórum hans fundust nokkrir illa fengnir hlutir.

**Bifhjól og bíll í árekstri**

Karlmaður um fimmtugt var fluttur á slysadeild eftir umferðarslys á Vesturlandsvegi á móts við Korpúlfsstaðaveg í fyrrakvöld. Maðurinn ók bifhjóli og lenti í árekstri við fólksbíl í hringtorgi sem þarna er. Meiðsli mannsins voru ekki talin alvarleg.






### VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**VÍÐA SUMARBLÍÐA** um landið norðan- og austanvert þar sem líkur eru á að sólin muni skína glatt og hitinn nái víða 20°C næstu daga. Hins vegar verður strekkingur og væta sunnan og vestan til en hitinn þar verður einnig með ágætum.



**Á MORGUN** 8-15 m/s SV-til, annars hægari.

**SUNNUDAGUR** Víðast 5-10 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 28° |
| Basel | 23° |
| Berlín | 18° |
| Billund | 18° |
| Frankfurt | 19° |
| Friedrichshafen | 23° |
| Gautaborg | 16° |
| Kaupmannahöfn | 16° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 20° |
| Mallorca | 25° |
| New York | 29° |
| Orlando | 35° |
| Ósló | 16° |
| París | 23° |
| San Francisco | 21° |
| Stokkhólmur | 13° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Sigmundur Halldórsson *sigmundur@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

# VERÐ HRUN

## Á VÖLDUM FATNAÐI!

# 500-1500kr.

fatamarkaðir í Kringlunni, Smáralind og Skeifunni
dömu- og barnafatnaður og skór.

## VERÐDÆMI:

| VERÐ ÁÐUR | VERÐ NÚ |
|---|---|
| 1.299 - 1.699 kr. | 500 kr. |
| 1.999 - 2.499 kr. | 750 kr. |
| 2.999 - 3.999 kr. | 1.000 kr. |
| 4.499 - 6.999 kr. | 1.500 kr. |

*Fyrstur kemur fyrstur fær!*

Gildir á meðan birgðir endast.

OPIÐ til 20 alla daga

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**KJÖRKASSINN**



*Sérðu eftir Gylfa Magnússyni og Rögnu Árnadóttur úr ríkisstjórn?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 65,6% |
| NEI | 34,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Telur þú að ríkisstjórnin sé betri eftir breytingar sem gerðar voru í gær?*

Segðu þína skoðun á visir.is — Vísir

Kristján Möller segir heimild flugmálastjóra vegna ECA snúast um gagnaöflun en ekki leyfisveitingu:

# Málið frá Steingrími og Jóhönnu komið

**ATVINNUMÁL** „Þetta var ekki mitt síðasta embættisverk. Þetta var ákveðið eftir ríkisstjórnarfund síðastliðinn þriðjudag. Ég ræddi þetta við Steingrím og Jóhönnu og fékk grænt ljós á að senda þetta til Flugmálastjórnar," segir Kristján Möller, fráfarandi samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

Kristján gefur lítið fyrir þann orðróm að ákvörðunin hafi verið tekin án vitneskju ráðherra Vinstri grænna. „Það var Steingrímur sem hélt á málinu ásamt Jóhönnu. Þau fólu okkur að afla meiri upplýsinga. Það hlýtur að segja þér hversu mikið er spunnið í þær sögur allar," segir Kristján.

Ráðuneytið sendi frá sér tilkynningu í gær um að Kristján hefði veitt flugmálastjóra heimild til að hefja undirbúning á skráningu loftfara fyrir hollenska fyrirtækið ECA Program Limited hér á landi. „Eftir mikla yfirlegu og rannsóknarvinnu var ákveðið að veita Flugmálastjórn Íslands heimild til að hefja undirbúning að skráningu loftfaranna hér á landi," segir í tilkynningunni. Eins og kunnugt er felst rekstur ECA í að þjálfa flugmenn herþotna. Málið er mjög umdeilt og hefur meðal annars verið fordæmt af Samtökum hernaðarandstæðinga og stórs hóps innan Vinstri grænna.

„Því fer fjarri að þetta þýði að leyfi hafi verið gefið fyrir þessum rekstri. Það á einfaldlega að leita svara við vissum spurningum um þennan rekstur, eins og hvort þetta hafi áhrif á losunarkvóta og hvort vélarnar fengju yfirleitt lendingarleyfi í Evrópu ef til þess kæmi," segir Kristján. **- shá**



**ODDVITARNIR** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra komu málinu af borði nýs ráðherra á þriðjudag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




Atvinnulausir fá 25% styrk frá NTV af auglýstu staðgreiðsluverði

ÞAÐ VANTAR GÓÐA SÖLUMENN!

**Sölu- og markaðsnám**

264 stundir - Verð: 229.000.- Einingar til stúdentprófs: 10

Líflegt og fjölbreytt nám fyrir alla þá sem vilja tileinka sér þekkingu á sölu- og markaðsmálum. Námið er sérstaklega fjölbreytt eins og sést hér að neðan:

- Hlutverk sölumanns (6) • Windows, Internet og tölvupóstur (6)
- Samskipti við viðskiptavini (6) • Sölu- og viðskiptakerfi (24)
- Verslunarreikningur (24) • Word ritvinnsla og tilboðsgerð (30)
- Markaðsfræði (30) • Excel töflureiknir og gerð söluáætlana (30)
- PowerPoint og gerð sölukynninga (12) • Framkoma og framsögn (6)
- Sölutækni og aðferðir (18) • Markaðsrannsóknir (12)
- Auglýsingatækni (6) • Markaðsfræði 2 (6) • Publisher umbrot (6)
- Tímastjórnun (6) • Fyrra lokaverkefni og sölukynning - 30

Næstu námskeið:
Morgunnám byrjar 13. sept.
Kvöld- og helgarnám byrjar 14. sept.

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – HLÍÐASMÁRA 9 - SÍMI 544 4500 - WWW.NTV.IS

vísir.is
„...ég sá það á vísi"




**BLÁA LÓNIÐ FLÆÐIR YFIR BAKKA SÍNA** Annaðhvort verður fráveitulögn til að koma vatninu til sjávar lögð ofan jarðar eða grafin í jörðu. Framkvæmdin mun kosta um 500 milljónir króna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Hálfur milljarður í fráveitu Bláa lónsins

**HS Orka fer í miklar framkvæmdir á næstunni vegna yfirfalls úr Bláa lóninu. Samkomulag um að veita umframvökva til sjávar vestan Grindavíkur. Aðstoðarforstjóri HS Orku segir forsvarsmenn Magma Energy meðvitaða um stöðuna.**

**ORKUMÁL** HS Orka þarf að fara út í um fimm hundruð milljóna króna framkvæmdir á næstu árum til að veita umframvökva úr Bláa lóninu til sjávar. Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu er yfirborð lónsins orðið of hátt þar sem niðurfallsholur eru stíflaðar og flæðir jafnvel upp á veg á köflum.

Lónið er í landi Grindavíkur, en Róbert Ragnarsson bæjarstjóri segir í samtali við Fréttablaðið að samkomulag hafi tekist við HS Orku um að bregðast við vandanum með tvennum hætti. „Annars vegar verður lögð lögn frá lóninu ofan í niðurdælingarholu sem er ofan í sprungu og á að leysa málið til næstu mánaða og ára. Endanlega lausnin er hins vegar sú að lögð verður fráveitulögn frá orkuverinu, vestur fyrir [fjallið] Þorbjörn, inn á iðnaðarsvæði sem er á skipulagi hjá okkur og þaðan til sjávar."

Vegagerðin og heilbrigðiseftirlit eiga enn eftir að samþykkja þessar áætlanir, en Róbert segir að ef engar athugasemdir verði gerðar, megi gera ráð fyrir að tillagan verði samþykkt af bæjaryfirvöldum í Grindavík. HS Orka mun bera allan kostnað af framkvæmdum þar sem það er þeirra að sjá til þess að frárennsli sé viðunandi.

Albert Albertsson, aðstoðarforstjóri HS Orku, segir í samtali við Fréttablaðið að þessi útlát hafi vissulega áhrif. „En þetta veltir fyrirtækinu engan veginn. Langtímaframkvæmdin hefur hangið yfir okkur og við höfum gert áætlun sem fer núna fyrir næstu fjárhags- og framkvæmdaáætlun."

Albert segir að framkvæmdin muni taka að minnsta kosti eitt ár þar sem ekki sé enn búið að taka ákvörðun um nákvæma útfærslu. „Ef við byrjuðum í dag yrði það ekki fyrr en einhvern tíma á árinu 2011 sem þessi varanlega lausn yrði komin í gagnið."

Albert segir að um tvær útfærslur sé að ræða, annaðhvort verður lögnin grafin í jörð eða lögð ofanjarðar, en hann vonast til að þess að fyrir áramót verði til reiðu forhönnun á endanlegu mannvirki.

Eins og kunnugt er, hefur staðið mikill styr um eignarhald á HS Orku, en Albert segist ekki hafa heyrt nokkuð um það hvort nýr eigandi, Magma Energy, hyggist gera kröfu á fyrri eigendur sökum þessara útgjalda, en hann eigi erfitt með að ímynda sér það. „Eigandinn veit af þessu en það hefur ekki eitt neikvætt orð fallið."

Á næstunni verður gripið til bráðabirgðaaðgerða til að losa stíflur í niðurfallsholum.

**thorgils@frettabladid.is**

Evrópusambandið setur viðmið um gott umhverfisástand sjávar:

# Stuðlað að betri heilsu hafsins

**EVRÓPUMÁL** Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins ákvað á miðvikudag að setja viðmið um gott umhverfisástand sjávar. Þessu er ætlað að auðvelda aðildarríkjum að þróa samhæfðar áætlanir um þessi mál á hverju hafsvæði fyrir sig. Þetta á að tryggja samræmi og þannig auðvelda samanburð milli svæða.

Viðmiðin tengjast annarri vinnu framkvæmdastjórnarinnar á þessu sviði, með það að markmiði að koma umhverfismálum í gott lag á öllum hafsvæðum ESB fyrir árið 2020. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá framkvæmdastjórninni.

„Við viljum að hafsvæði okkar sé við góða heilsu og gefi vel af sér," segir þar Janez Potocnik, sem fer með sjávarútvegsmál fyrir framkvæmdastjórnina.

Viðmiðin snúast um vistkerfi sjávar með áherslu á meðal annars líffræðilegan fjölbreytileika, umfang fiskistofna, ofauðgun (vegna offlæðis næringarefna). Einnig mengunarvalda, rusl og hávaðamengun.

Í tilkynningunni segir að viðmiðin byggi á vísindalegri ráðgjöf óháðra sérfræðinga. Margt sé þó óunnið og þau verði endurskoðuð þegar aukin þekking kemur fram. **– kóþ**



**MYKONOS** Evrópusambandið hefur sett ný viðmið í umhverfismálum tengdum verndun sjávar. NORDICPHOTOS/GETTY




Frumsýnum í dag nýjan og glæsilegan Kia Sorento. Nýr Sorento býr yfir fjölda eiginleika sem koma kröfuhörðustu ökumönnum skemmtilega á óvart. Hann er þægilegur og rúmgóður jeppi sem hægt er að fá bæði **5 og 7 manna**.

Ný **197 hestafla dísilvél** og **6 þrepa sjálfskipting** gera þennan öfluga jeppa sérstaklega skemmtilegan í akstri. Þrátt fyrir þetta mikla afl er Kia Sorento mjög sparneytinn og eyðir einungis **7,4 lítrum/100 km** í blönduðum akstri.

Nýjum Kia Sorento fylgir **7 ára ábyrgð** líkt og öllum nýjum Kia bílum.

**Komdu við í sýningarsal Öskju að Krókhálsi 11 eða hjá umboðsmönnum okkar á Akranesi, Akureyri og Selfossi og sjáðu frábæra hönnun Kia Sorento með eigin augum.**

Kia Sorento, sjálfskiptur, dísil 197 hö.
**Verð frá 6.990.000 kr.**

Kia Sorento, beinskiptur, dísil 150 hö.
**Verð frá 5.690.000 kr.**

KIA

ASKJA

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvað er næstelsta timburhús Grjótaþorpsins kallað?*
2. *Hvar fara fyrirhugaðar friðarviðræður Ísraela og Palestínumanna fram?*
3. *Hvað heitir fyrrverandi trommuleikari hljómsveitarinnar Endless Dark?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 42

Ríkisstofnanir sem taka við verkefnum Varnarmálastofnunar skulu bjóða starfsfólki hennar starf:

# Verkefnisstjórn tekur við Varnarmálastofnun

**VARNARMÁL** Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra hefur skipað verkefnisstjórn til að fara með stjórn Varnarmálastofnunar og bera ábyrgð á daglegum rekstri hennar frá 1. september til áramóta er stofnunin verður lögð niður, að því er segir í frétt frá utanríkisráðuneytinu.

Á þessu tímabili er ráðgert að verkefni Varnarmálastofnunar verði samþætt hlutverki annarra opinberra stofnana í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um endurskipulagningu opinberrar þjónustu. Getur verkefnisstjórnin gert tillögur til utanríkisráðherra um ráðstöfun verkefna samkvæmt ákvæðum varnarmálalaga. Samkvæmt lögunum skulu ríkisstofnanir sem taka við verkefnum Varnarmálastofnunar bjóða því starfsfólki sem fæst við þau verkefni starf fyrir 1. janúar 2011.

Í verkefnisstjórninni sitja Guðmundur B. Helgason, formaður, fyrir hönd utanríkisráðuneytis, Anna Jóhannsdóttir, fulltrúi forsætisráðuneytis, Halla Gunnarsdóttir fyrir hönd fjármálaráðuneytis, Valur Ingimundarson fyrir hönd dómsmála- og mannréttindaráðuneytis og Margrét S. Björnsdóttir, fulltrúi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis.

Samsetning verkefnisstjórnarinnar er sögð endurspegla þá stefnumörkun ríkisstjórnarinnar að samræma ákvörðun um að leggja Varnarmálastofnun niður við áform um stofnun innanríkisráðuneytis með sameiningu samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytis og dómsmála- og mannréttindaráðuneytis.

Ekki hefur náðst í Össur Skarphéðinssson utanríkisráðherra vegna málsins. - jss



**UTANRÍKISRÁÐHERRA** Ekki hefur náðst í Össur Skarphéðinsson vegna Varnarmálastofnunar.



**NÝJA BRAUTIN** Krefjandi leiðir eru á hjólabrautinni.

Lyftistöng fyrir hjólreiðafólk:

## Fjallahjólabraut í Kjarnaskógi

**ÍÞRÓTTIR** Fyrsta sérhannaða fjallahjólabraut landsins verður vígð á laugardag í Kjarnaskógi við Akureyri. Þriggja kílómetra braut var lögð sumarið 2008 og segir í tilkynningu frá Skógræktarfélagi Eyfirðinga að hún hafi strax orðið vinsæl. Hjólreiðafólk sæki mikið í Kjarnaskóg en umferð gangandi og hjólandi fari ekki alltaf saman.

„Í kjölfar mikilla vinsælda brautanna sem lagðar voru var ákveðið að leggja fleiri brautir og nú er orðin til sérhönnuð fjallahjólabraut þar sem hægt er að hjóla um tólf kílómetra hring sem er lengsta sérhannaða fjallahjólabraut landsins,“ segir í tilkynningunni. - gar

# Árásin mikið áfall fyrir DV

**Tölvuþrjótar réðust á fréttasíðu DV á þriðjudag og þurfti að loka síðunni í kjölfarið. Virðist hafa átt sér upptök á vesturströnd Bandaríkjanna. Áfall fyrir ímynd fyrirtækisins, segir framkvæmdastjóri DV.**

**FJÖLMIÐLAR** Fréttavefur DV varð fyrir árás tölvuhakkara í fyrradag og þurfti að loka síðunni í kjölfarið. Árásin átti sér stað klukkan 17.40 á miðvikudaginn og var síðunni lokað um hádegi í gær. Forsvarsmenn DV benda þeim notendum síðunnar sem hafa farið þar inn á milli klukkan 17.40 á miðvikudeginum til 11.50 í gær að gæta fyllstu varúðarráðstafana og skanna tölvur sínar fyrir vírusum.

Veiru var komið fyrir í vefþjóni síðunnar og allt útlit er fyrir að hún eigi sér upptök á vesturströnd Bandaríkjanna. Svo virðist sem töluverðir veikleikar hafi verið í auglýsingakerfi DV.is og nýttu tölvuhakkararnir sér það.

Bogi Örn Emilsson, framkvæmdastjóri DV, segir árásina vera mikið áfall fyrir DV og þeirra ímynd. Blaðið sé í harðri samkeppni við önnur fjölmiðlafyrirtæki um veftraffík og hætt sé við að árásin hafi áhrif á það.

„En við bindum vonir við það að lesendur DV.is sjái hvað við tókum vel á þessu máli og treysti okkur enn frekar eftir þetta,“ segir Bogi. Gögn síðunnar frá 1. september eru glötuð en segir Bogi að fyrirtækið hafi ekki orðið fyrir frekara gagnatapi. Hann telur óvíst að þrjótarnir hafi ráðist að DV af öðrum orsökum en þeim að síðan sé ein af þremur mest sóttu síðum landsins og það geri hana sjálfkrafa skotmark fyrir árásir sem þessar.

> Tilgangurinn er í mörgum tilvikum sá að ef farið er inn á síðu sem notandi treystir þá er ekki ólíklegt að hann samþykki niðurhal á uppfærslu á hinum ýmsu forritum.
>
> **GUÐJÓN MAGNÚSSON**
> SÉRFRÆÐINGUR HJÁ UPPLÝSINGATÆKNIFÉLAGNU

Guðjón Magnússon, sérfræðingur hjá Upplýsingatæknifélaginu, segir tilganginn að ráðast á síður sem séu eins vel sóttar og DV.is, að koma fyrir dulinni óværu sem geri eitthvað af sér.

„Tilgangurinn er í mörgum tilvikum sá að ef farið er inn á síðu sem notandi treystir þá er ekki ólíklegt að hann samþykki niðurhal á uppfærslu á hinum ýmsu forritum. Þar dvelur vírusinn og er fyrr en varir kominn út um allt.“

Guðjón segir öryggisgallann í auglýsingakerfi DV koma sér á óvart og viðgerð á síðunni taki óvenju langan tíma. Hann taldi þó afar ólíklegt að notendur síðunnar hefðu orðið fyrir smiti, þó ekki sé hægt að fullyrða um það.

Að sögn framkvæmdastjóra DV benti til þess að síðan kæmist aftur í gagnið um fimmleytið í gærdag, en hún lá enn þá niðri þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi. sunna@frettabladid.is



**ÁRÁS TÖLVUÞRJÓTA** Fréttavefur DV varð fyrir fólskulegri árás tölvuhakkara sem gerði það að verkum að gögn töpuðust og loka þurfti síðunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA








FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**STÆRSTA SEGLSKIP HEIMS** Stærsta seglskip heims, Sedov, lagðist að Reykjavíkurhöfn í gærmorgun. Skipið, sem er rússneskt, er 120 metra langt og 15 metra breitt og telst það stærsta í hópi seglskipa af eldri gerð. Hæstu masturstoppar skipsins eru 58 metrar. Skipið var smíðað í Þýskalandi árið 1921. Fyrstu árin var skipið notað til vöruflutninga en eftir seinna stríð var skipið selt til Rússlands og gegnir nú hlutverki skólaskips. Alls eru 240 í áhöfn skipsins, þar af 120 nemar.

# Fjögur ár
# ein tölva




**Inspiron N5010**
Intel® Core™ i3-330M Processor
2.13GHz, 800/1333MHz, 3MB SmartCache
Mobile Intel 5 express HM57 kubbasett
4GB 1333MHz DDR3 vinnsluminni (1x2048 + 1x1024)
15.6 HD WLED TrueLife skjár (1366x768)
Innbyggð 1.3MP vefmyndavél & hljóðnemi
Intel HD skjástýring
250GB 5.400rpm harður diskur

Bjóðum upp á
**12 mánaða**
vaxtalaus lán




Dell Inspiron fartölvur á skólatilboði

VERÐ
**109.900 kr. – 169.900 kr.**

DELL

**Þriggja ára ábyrgð**

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og ófyrirsjáanlegar breytingar. Öll tilboð gilda á meðan birgðir endast.

Intel, the Intel Logo, Intel Inside, Intel Core, and Core Inside are trademarks of Intel Corporation in the U.S. and other countries. For more information about the Intel processor feature rating, please refer to www.intel.com/go/rating.



## Dell fartölvubakpoki
5 dot curve fartölvubakpoki sem hentar fartölvum með allt að 16" skjá.

VERÐ
**9.850 kr.**



## Dell þráðlaus mús
3ja hnappa þráðlaus fartölvumús með háglans áferð og nanó móttakara.

VERÐ
**5.450 kr.**



## Dell ferðahátalarar
Flott hátalarastöng sem hentar vel með fartölvum.

VERÐ
**8.950 kr.**



## Kingston USB minnislyklar
Nettur og litríkur minnislykill (svartur, blár, rauður og fjólublár) sem fæst í 4 GB, 8 GB, 16 GB og 32 GB.

VERÐ frá
**2.450 kr.**



## Internet Security PRO 2010
Alhliða vírusvörn fyrir tölvur. 3ja ára leyfi fyrir allt að þrjár tölvur.

VERÐ
**5.950 kr.**



## Office Home and Student 2010
Inniheldur Word, Excel, PowerPoint og One Note. Leyfi fyrir þrjár tölvur.

VERÐ
**19.950 kr.**

# Það er til lausn á öllu

www.ejs.is ▶ Grensásvegi 10, Reykjavík ▶ Sími 563 3000 ▶ Tryggvabraut 10, Akureyri ▶ Sími 463 3000

Fylgstu með okkur á facebook.com/ejsehf

EJS 1939 70 2009

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • 1414

Varp lundans í Vestmannaeyjum hefur líklega misfarist að langstærstum hluta:

# Hverri lundapysju tekið fagnandi

**NÁTTÚRA** Útlit er fyrir að mjög fáar lundapysjur komist á legg í Vestmannaeyjum í sumar. Egg hafa ýmist verið afrækt eða pysjurnar drepist fljótlega eftir klak í öllum þeim holum sem Náttúrustofa Suðurlands fylgdist með í sumar.

Varpárangurinn í Vestmannaeyjum hefur verið slæmur undanfarin ár en aldrei sem nú. Lundaveiði var leyfð í fimm daga í Vestmannaeyjum í ár en lítið var veitt. Varpstofn Vestmannaeyja 2010 er talinn vera um 860 þúsund pör.

Ein og ein lundapysja hefur hins vegar skilað sér niður í Vestmannaeyjabæ þessa dagana og má segja að hverri þeirra sé tekið fagnandi.

Þau Indiana Guðný Kristinsdóttir og Sigþór Yngvi Kristinsson fundu pysju þar sem Lifrarsamlagið stóð áður. Þau fóru með pysjuna í vigtun og mælingu á Náttúrustofuna og slepptu henni síðan.

Indiana segir að í sumar hafi hún og vinir hennar aðeins fundið þessa einu pysju, sem þó var vel haldin og virtist hafa haft nóg að éta. „Í fyrra fundum við miklu fleiri, eitt kvöldið fundum við fimmtán eða tuttugu. Áður fundum við kannski fjörutíu eða fimmtíu á einu kvöldi,“ segir Indiana. - shá



**EIN PYSJA BETRI EN ENGIN** Þau Indiana Guðný og Sigþór Yngvi Kristinsbörn fóru með pysjuna í vigtun áður en henni var sleppt. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR



**GÆÐIR SÉR Á MELÓNU** Dmitrí Medvedev Rússlandsforseti naut þess í botn að bíta í safaríka melónu þegar hann var í heimsókn í samyrkjubúi í Saratov-héraði. NORDICPHOTOS/AFP

# Friðarviðræður á ný

**Bæði Benjamin Netanjahú og Mahmoud Abbas segja að tími sé kominn til að láta reyna á viðræður. Obama segir ef til vill langt í að annað tækifæri gefist.**

**BANDARÍKIN, AP** Beinar friðarviðræður Ísraela og Palestínumanna hófust í gær í Bandaríkjunum eftir tveggja ára hlé. Þátttakendur sögðust hóflega bjartsýnir, en stefna á að ljúka viðræðum innan árs með samningi um stofnun Palestínuríkis.

„Þetta tækifæri fæst ef til vill ekki fljótt aftur,“ sagði Barack Obama Bandaríkjaforseti, sem hafði boðið þeim Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, og Mahmoud Abbas, forseta Palestínustjórnar, til viðræðna í Washington.

Viðræðurnar fóru fram í húsakynnum utanríkisráðuneytis Bandaríkjanna, undir stjórn Hillary Rodham Clinton utanríkisráðherra og George Mitchell, sérlegs sendifulltrúa Bandaríkjanna í málefnum Mið-Austurlanda.

Deilumálin eru í meginatriðum þau sömu og fyrr, nefnilega hvar endanleg landamæri ríkjanna eiga að liggja, hver verður staða Jerúsalemborgar og hvað verður um palestínska flóttamenn, svo nokkur þau erfiðustu séu nefnd.

Sem fyrr er óttast að andstæðingar viðræðna heima fyrir, bæði úr röðum Palestínumanna og Ísraela, muni gera sitt til að upp úr þeim slitni með því að fremja ofbeldisverk og ögra mótherjanum á alla lund.

Þetta sýndi sig þegar vopnaðir Hamasliðar skutu til bana fjóra ísraelska landtökumenn á Vesturbakkanum fyrr í vikunni, áður en viðræðurnar hófust.

Bæði Netanjahú og Abbas sögðu rétt að láta reyna á viðræður. Netanjahú sagði að hugsanlegur samningur yrði að tryggja fullkomlega öryggi Ísraela, en Abbas sagði að Ísraelar yrðu að gefa Palestínumönnum skýr merki um raunverulegan samningsvilja.

Innan fárra vikna mun reyna á það þegar sú frysting, sem Ísraelsstjórn setti í sumar í kjölfar harðra deilna á framkvæmdir ísraelskra landtökumanna, rennur út.

gudsteinn@frettabladid.is

## Viðræður í þrjá áratugi

1978 · 1979 · 1980 · 1981 · 1982 · 1983 · 1984 · 1985 · 1986 · 1987 · 1988 · 1989 · 1990 · 1991 · 1992 · 1993 · 1994 · 1995 · 1996 · 1997 · 1998 · 1999 · 2000 · 2001 · 2002 · 2003 · 2004 · 2005 · 2006 · 2007 · 2008 · 2009 · 2010

**1978 Camp David samkomulagið**
Jimmy Carter Bandaríkjaforseti, Anwar Sadat Egyptalandsforseti og Menachem Begin, forsætisráðherra Ísraels, undirrita fyrsta friðarsamkomulag Ísraela og araba. Palestínumenn fá takmarkaða sjálfstjórn á herteknu svæðunum og drög eru lögð að friðarsamkomulagi Ísraels og Egyptalands.

**1991, Madrid-ráðstefnan**
Leiðtogar Ísraelsmanna hitta sendinefnd Palestínumanna og leiðtoga arabaríkja á fjölþjóðaráðstefnu. Viðræður í kjölfarið skila ekki árangri.

**1993 Óslóarsamkomulagið**
Fyrsta samkomulag Ísraela og Frelsissamtaka Palestínu, PLO, sem Jasser Arafat var í forystu fyrir, felur í sér gagnkvæma viðurkenningu og gefur fyrirheit um stofnun Palestínuríkis.

**2000 Camp David viðræður**
Bill Clinton Bandaríkjaforseti reynir að ná lokasamningi um legu landamæra, stöðu Jerúsalem og afdrif flóttamanna, sem lögð voru til hliðar í Óslóarviðræðunum. Maraþonviðræðum milli Arafats og Ehuds Barak, forsætisráðherra Ísraels, lýkur í fjandskap og önnur Intifada-uppreisn Palestínumanna hefst í kjölfarið.

**2001 Taba-viðræðurnar**
Lokasamningar þóttu í sjónmáli þegar Ariel Sharon sigraði í kosningum í Ísrael og kjörtímabili Bills Clinton lauk í Bandaríkjunum.

**2007 Annapolis-viðræðurnar**
George W. Bush Bandaríkjaforseti bauð Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, og Mahmoud Abbas, forseta Palestínustjórnar, til viðræðna. Báðir samþykktu að ljúka viðræðum innan árs, en upp úr þeim slitnaði þegar ísraelski herinn réðst inn á Gasasvæðið.

**2010:** Barak Obama Bandaríkjaforseti tekur á móti leiðtogum Ísraels og Palestínu til nýrra viðræðna, sem aftur er stefnt á að ljúki innan árs.



Mynd/AP ©Graphic News



**VERKIÐ HANDSALAÐ** Dilip Mohite, forstjóri DM Corporation, og Björn Örvar, framkvæmdastjóri ORF Líftækni.

ORF vinnur með Indverjum:

# Stofna fyrirtæki á Indlandi

**VIÐSKIPTI** ORF Líftækni og indverska fyrirtækið DM Corporation stefna að samstarfi við þróun, framleiðslu og markaðssetningu á prótínlyfjum fyrir alþjóðlegan markað.

Forsvarsmenn fyrirtækjanna skrifuðu undir viljayfirlýsingu þessa efnis í fyrradag. Viðstaddir voru þeir Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra og Preneet Kaur, ráðherra utanríkismála Indlands.

Viljayfirlýsingin felur í sér stofnun nýs lyfjafyrirtækis sem mun framleiða og markaðssetja sérvirk prótín. ORF leggur til sérþekkingu sína og einkaleyfisbundið framleiðslukerfi í erfðabreyttu byggi. - jab

Ákærður fyrir húsbrot og árás:

# Barði mann með felgulykli

**DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært tvítugan mann fyrir húsbrot og líkamsárás. Manninum er gefið að sök að hafa ruðst inn í íbúð og slegið þar mann með felgulykli og kýlt hann í andlit og tekið hann hálstaki. Árásin var gerð í maí 2009.**

**Fórnarlambið hlaut margvísleg áverka.** - jss



**BRÁÐABIRGÐAHÚSNÆÐIÐ** Þessir skúrar sem ætlað var að hýsa frístundastarfið verða fjarlægðir.

Samráð í Vesturbæjarskóla:

# Börnin fá leiksvæðið aftur

**REYKJAVÍK Frístundastarf yngstu nemenda Vesturbæjarskóla verður fært inn í skólann. Þetta er gert í samráði foreldra, skólastjóra og stjórnenda frístundaheimilisins.**

**Færanlegar skólastofur, sem áttu að leysa húsnæðisvanda frístundaheimilisins, verða fjarlægðar af skólalóðinni á næstu dögum.**

**Jón Gnarr borgarstjóri segir það fagnaðarefni að náðst hafi farsæl lausn á málinu. „Það sem mestu máli skiptir er að hagsmunir barnanna séu hafðir að leiðarljósi. Þeirra þarfir eiga ávallt að vera í fyrirrúmi hvort sem það er í starfi eða leik.“**

Útreikningur gengislána:

# Frestur lengdur

**VIÐSKIPTI** Fjármálaeftirlitið hefur veitt fjármálafyrirtækjum lengri frest til að endurútreikna lán með óskuldbindandi gengistryggingarákvæðum til viðskiptavina sinna á grunni sameiginlegra tilmæla Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands frá 30. júní síðastliðnum.

Upphaflega var mælst til að endurútreikningum ætti að vera lokið um síðustu mánaðamót en nú hefur fresturinn verið framlengdur til 1. október næstkomandi.




Stephen Hawking segir náttúrulögmálin nægja til að útskýra tilurð heimsins:

# Ekki lengur þörf fyrir guð

**VÍSINDI** Breski vísindamaðurinn og metsöluhöfundurinn Stephen Hawking hefur komist að þeirri niðurstöðu að engin þörf sé fyrir guð til að útskýra tilurð heimsins. Heimurinn hafi einfaldlega orðið til af sjálfu sér, án íhlutunar guðs.

„Vegna þess að til eru lögmál á borð við þyngdarlögmálið, þá bæði getur og mun alheimurinn skapa sjálfan sig úr engu. Sjálfkvæm sköpun er ástæða þess að eitthvað er til frekar en ekkert, að alheimurinn er til og að við erum til,“ segir Hawkings í nýrri bók, sem kemur út innan skamms og nefnist The Grand Design, eða Mikludrög.

Í bók sinni Saga tímans, sem kom út árið 1988 og varð metsölubók, sagðist Hawking ekki geta útilokað að guð hafi átt hlut að sköpun heimsins: „Ef við uppgötvum allsherjarkenninguna, þá yrði það endanlegur sigur mannlegrar skynsemi – því þá myndum við þekkja huga guðs.“

Nú segir hann náttúrulögmálin hafa ráðið því alfarið hvernig heimurinn varð til.

„Ef þú kýst svo, þá geturðu kallað öll vísindalögmálin „guð“,“ segir hann, „en það væri ekki persónulegur guð sem þú gætir hitt og spurt spurninga.“ - gb



**STEPHEN HAWKING** Sendir í næstu viku frá sér nýja bók um tilurð heimsins. NORDICPHOTOS/AFP


BORGUN
Við fylgjum þeim alla leið!
Borgun er stoltur styrktaraðili KSÍ og sendir landsliðinu baráttukveðjur fyrir leikinn í kvöld.
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA
BORGUN
AUÐVELDAR
VIÐSKIPTI
Ármúla 30 | 108 Reykjavík | Sími 560 1600 | www.borgun.is



**ÞÚSUNDIR ENN Á FLÓTTA** Eldfjallið Sinabung á Indónesíu spýr ennþá ösku, fimm dögum eftir að það lét á sér kræla í fyrsta sinn í fjórar aldir. Þúsundir íbúa þurftu að forða sér. NORDICPHOTOS/AFP

Formaður stjórnar Félags ráðgjafa og stuðningsfulltrúa segir félagsmenn vilja tilheyra SFR áfram:

# Gera kröfu um að fá að velja sér stéttarfélag

**KJARAMÁL** Stjórn Félags ráðgjafa og stuðningsfulltrúa (FRS) mótmælir kröfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, um að félagar FRS verði skyldaðir til að ganga í starfsmannafélög sveitarfélaga. Um áramótin mun málaflokkur fatlaðra færast frá ríki til sveitarfélaga, en starfsfólk svæðisskrifstofa málefna fatlaðra vill engu að síður halda aðild sinni að stéttarfélaginu SFR.

Vésteinn Valgarðsson, formaður stjórnar FRS, segir að félagsmenn vilji tilheyra SFR vegna lífeyrissjóðsmála sem og til að missa ekki aðgang að styrktar- og símenntunarsjóðum BSRB. Vésteinn telur einnig að félagafrelsi sé ógnað. „Við viljum að okkar fólk fái að velja hvort það sé í SFR eða einhverju öðru félagi, eftir atvikum.“ Verði kröfum félagsmanna ekki mætt, mun FRS þrýsta á um lagabreytingu til að geta áfram átt aðild að SFR.

Halldór Halldórsson, formaður stjórnar Sambands sveitarfélaganna, segir að ekki komi til greina að þessi hópur haldi SFR-aðildinni þar sem um sé að ræða félag ríkisstarfsmanna. Aðkoma SFR myndi gjörbreyta samningsumhverfi sveitastjórnarstigsins. „Þar sem við erum sannfærð um að fólk muni njóta sambærilegra réttinda í bæjarstarfsmannafélögunum, þá höfum við ekki áhyggjur af þeim þætti,“ segir Halldór. - þj



**DEILA UM AÐILD AÐ SFR** Stuðningsfulltrúar vilja tilheyra SFR. NORDICPHOTOS/AFP

Ákærð fyrir ofbeldisverk:

# Kastaði gleríláti í lögreglukonu

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært konu á þrítugsaldri fyrir brot gegn valdstjórninni og sérstaklega hættulega líkamsárás.

Konunni er gefið að sök að hafa í nóvember á síðasta ári ráðist á lögreglukonu, sem þar var við skyldustörf. Er konan ákærð fyrir að kasta gleríláti í höfuð lögreglukonunnar, sem bólgnaði og marðist á enni. Atvikið átti sér stað við veitingastaðinn 800 Bar í Árborg. Konan neitar sök.

Í málinu gerir lögreglukonan kröfu um miskabætur að fjárhæð kr. 300.000, ásamt vöxtum. - jss

Breytingar á Suðurgötu:

# Einstefna fyrir akandi umferð

**REYKJAVÍK Suðurgata verður einstefnugata fyrir akandi umferð til suðurs frá Kirkjugarðsstíg að Skothúsvegi en tvístefnugata fyrir hjólandi umferð. Þetta var samþykkt í umhverfis- og samgönguráði fyrr í vikunni.**

**„Við vonum að þessi breyting bæti aðstæður fyrir gangandi, hjólandi og almenningssamgöngur,“ segir Karl Sigurðsson formaður ráðsins. Hann segir að einnig muni um leið draga úr umferðarhraða og hávaða.**


2 Skemmtilegri

FYRIR 229 KRÓNUR FÆRÐ ÞÚ:



EINN BARNAÍS

EÐA



FRÁBÆRA SKEMMTUN Í HEILAN SÓLARHRING FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Stöð 2, Stöð 2 Bíó og Stöð 2 Extra kosta aðeins 229 krónur á dag. Tryggðu þér áskrift í dag!




**VARNARMÁLASTOFNUN** Vodafone segir Varnarmálastofnun hafa samþykkt að breyta orðalagi í þjónustusamningi við Mílu sem ætti að nægja til að Vodafone fái aðgang að ljósleiðara Nató. Talsmaður Mílu segir það ekki nægja. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Míla segir samning um sameign vanta

**Vodafone ætti að beina málarekstri sínum vegna Nató-ljósleiðara til utanríkisráðuneytisins að mati Mílu. Vodafone sakar Mílu um að standa í vegi samkeppni. Míla segir vanta samning um framkvæmdir við Varnarmálastofnun.**

**UPPLÝSINGATÆKNI** Ásakanir Vodafone vegna dráttar á því að fyrirtækið hafið fengið aðgang að svonefndum Nató-ljósleiðara beinast að röngum aðila, að því er fram kemur í yfirlýsingu frá Mílu.

Míla bendir á að fimm af átta þráðum ljósleiðarakapalsins séu í eigu Mílu og þrír séu í eigu Nató og á forræði utanríkisráðuneytisins. „Ekki hefur verið gerður sameignarsamningur á milli Mílu og Varnarmálastofnunar. Míla sendi drög að slíkum samningi að beiðni Varnarmálastofnunar um miðjan júní 2010. Núverandi þjónustusamningur Mílu og Varnarmálastofnunar tilgreinir ekki hvernig hátta skuli þjónustu við þriðja aðila. Til þess að þriðji aðili komist inn á þráðinn þarf að ráðast í verklegar framkvæmdir og ekki er til samningur um hvernig þeim skuli háttað. Það er á forræði utanríkisráðuneytisins, sem umsýsluaðila ljósleiðaraþráðanna, að gera slíkar ráðstafanir með samningi við Mílu,“ segir í yfirlýsingu Mílu.

Bent er á að með leigu ljósleiðara sé ráðuneytið komið á fjarskiptamarkað, án þess að hafa sótt um heimild til slíkrar starfsemi. „Telji Vodafone að tafir séu á aðgangi að þeim ljósleiðara sem fyrirtækið hefur leigt af utanríkisráðuneytinu, þá eru það vinsamleg tilmæli Mílu til Vodafone að fyrirtækið beini máli sínu til réttra aðila, það er utanríkisráðuneytisins.“

Samkvæmt upplýsingum frá Vodafone kveðst fyrirtækið munu bera allan kostnað sem til kynni að falla vegna tenginga inn á ljósleiðarakapalinn og því er haldið fram að Míla hafi boðist til að opna fyrir aðgang á tengistöðum sem þegar séu til staðar, svo sem á Gunnólfsvíkurfjalli á Langanesi og Bolafjalli við Bolungarvík. Eva Magnúsdóttir, forstöðumaður sölu hjá Mílu, segir ekki rétt að slíkur aðgangur hafi verið boðinn.

Þá telur Vodafone rök um skort á sameignarsamningi ekki halda og að orðalagsbreytingar á þjónustusamningi Mílu og Varnarmálastofnunar nægi til þess að tryggja Vodafone, eða einhverjum öðrum, aðgang að nauðsynlegum búnaði. Varnarmálastofnun er sögð hafa óskað eftir því ítrekað við Mílu að fyrirtækið geri drög að breyttum texta, en þau hafi ekki skilað sér. Eva áréttar enda að ekki myndi nægja að breyta orðalagi þjónustusamningsins, nauðsynlegt væri að gera sérstakan samning um sameignina í ljósleiðarakaplinum.

olikr@frettabladid.is

Hague snýst til varnar:

# Hafnar sögusögnum um samkynhneigð

**BRETLAND William Hague, utanríkisráðherra Bretlands, hefur sent frá sér yfirlýsingu þar sem hann hafnar sögusögnum um að hann sé samkynhneigður.**



**WILLIAM HAGUE**

**Hague, sem eitt sinn var formaður breska Íhaldsflokksins, hefur verið milli tannanna á fólki undanfarna daga eftir að ýjað var að því að hann hafi átt í ástarsambandi við aðstoðarmann sinn.**

**Hague þvertekur fyrir að eiga í ástarsambandi við manninn og í yfirlýsingunni greinir hann frá því að hann sé hamingjusamlega kvæntur, þrátt fyrir að þeim hjónum hafi gengið illa að eignast börn.**



**UNDIR PALLINUM** Einn mótmælendanna þegar veðrið var enn gott. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Grænfriðungar handteknir:

# Aðgerðum hætt vegna óveðurs

**GRÆNLAND, AP** Fjórir Grænfriðungar hafa verið handteknir á olíuborpalli út af vesturströnd Grænlands, þar sem þeir höfðu verið með mótmælaaðgerðir í tvo daga.

Mennirnir héngu í fjallgöngubúnaði undir pallinum, en neyddust til að fara upp á pallinn vegna hvassviðris. Þar biðu þeirra lögregluþjónar.

Samtökin Greenpeace vildu með aðgerðum sínum mótmæla djúpsjávarborun. Skoskt fyrirtæki fullyrti í síðustu viku að fundist hefði mikið magn af náttúrugasi í bergi á þessum slóðum. - gb

Svipaður fjöldi úrskráninga úr þjóðkirkjunni í ágúst þessa árs og sumarið 1996:

# Líklega um 2.500 úrskráningar

**ÞJÓÐKIRKJAN** Úrsagnir úr þjóðkirkjunni hafa verið miklar á síðustu vikum. Nákvæmar tölur frá þjóðskrá munu ekki liggja fyrir fyrr en í næstu viku, en Haukur Ingibergsson, forstjóri Þjóðskrár, sagði í samtali við Bylgjuna í fyrradag að fjöldi úrsagna í ágúst hafi verið svipaður og árið 1996.

Sumarið 1996 var fjöldi úrskráninga úr þjóðkirkjunni 2.344, eða um eitt prósent skráðra meðlima. Skráðir meðlimir þjóðkirkjunnar í júlí 2010 voru 251.487 talsins, sem gerir það að verkum að líklega hafi um 2.500 manns skráð sig úr Þjóðkirkjunni í ágúst.



**PRESTASTEFNA ÞJÓÐKIRKJUNNAR** Talið er að um eitt prósent meðlima þjóðkirkjunnar hafi skráð sig úr henni í síðasta mánuði.

Mikil bylgja úrsagna gekk yfir eftir að mál varðandi kynferðisbrot Ólafs Skúlasonar, fyrrverandi biskups Íslands, kom á ný fram á sjónarsviðið snemma í síðasta mánuði. Hefur kirkjan verið harðlega gagnrýnd fyrir að hafa lítið aðhafst þegar þrjár konur stigu fram árið 1996 og ásökuðu þáverandi biskup um kynferðislega áreitni. Dóttir biskups, Guðrún Ebba Ólafsdóttir, steig síðan fram á síðasta ári og fjallaði um þá kynferðislegu misnotkun sem hún varð fyrir af hendi föður síns þegar hún var barn að aldri og fram til unglingsára. Kirkjan og hennar viðbrögð við málunum virðast hafa orðið til þess að almenningur hefur fundið sig knúinn til þess að skrá sig úr þjóðkirkjunni. - sv

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Í vímu undir stýri

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu tók í fyrradag karlmann um sextugt fyrir að aka í vesturborginni undir áhrifum fíkniefna. Þá voru tveir ökumenn teknir fyrir ölvunarakstur í austurborginni. Um var að ræða karlmann á fimmtugsaldri og konu á sextugsaldri.

Betri notaðir bílar

TOYOTA

# Skiptibílamarkaður

## Skólabókardæmi um betri bílakaup




**Gríptu tækifærið!** Fjöldi betri notaðra bíla á frábæru verði.
Komdu með bílinn þinn, við skoðum hann, metum hann og gerum
þér tilboð sem er skólabókardæmi um betri bílakaup.

**Við lengjum daginn!! Erum í gírnum frá kl. 9.00 til 20.00 í dag föstudag
og á morgun laugardag frá kl. 10.00 til 17.00.**

**Allir fá kók og prins!**

**Toyota Kópavogi**
**Nýbýlavegi 4**
**Sími: 570-5070**

**Toyota Kletthálsi**
**Kletthálsi 2**
**Sími: 570-5220**

**www.toyotakopavogi.is**

Today
Tomorrow
Toyota


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Óbreytt stefna lægra vöruverð
298
KR. 2 LTR.
BÓNUS-ÍS 2 LTR.
Vanillu-súkkulaði-jarðarberja
598
KR. KG
LAMBASÚPUKJÖT 1. FLOKKUR / ALLIR BESTU BITARNIR
259
KR.PK
DANSKUR PRETTY COW
SMUROSTUR 140g
398
KR. 2 LTR.
1258
KR. KG
BÓNUS FERSKT LAMBALÆRI ÓKRYDDAÐ
40%
AFSLÁTTUR
ÍSLANDSFUGL FROSNIR
KJÚKLINGALEGGIR
359 KR.KG. MERKT VERÐ 598 KR.KG.
198
KR.KG
MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770G
279
KR. 12 stk.
STJÖRNU FERSK UNGAEGG 12 STK
698
KR. 200g
ÍTALSKUR
PARMIGIANO
OSTUR 200g
40%
AFSLÁTTUR
BÓNUS FROSIÐ KJÚKLINGAFILLET
1198 KR.KG. MERKT VERÐ 1998 KR.KG.
MEÐ SULTU
259
KR. 250ml
HALTA
ÞEYTIRJÓMI
250ML
798
KR. 700g.
BÓNUS SÚKKULAÐIKAKA 700G
MEÐ KREMI OG SULTU
SEX GLÖS Á VERÐI ÞRIGGJA !
398
KR. 125g
COW&GATE APPLE-BANANAMAUK 125g
VARA HÆTTIR
Í BILI !
195
KR.1 KG
EUROSHOPPER
SYKUR 1 KG
98
KR. STK
SULTUKRUKKUR
290ml
359
KR. PK
SULTUSYKUR MEÐ
SULTUHLEYPI 1 KG
VARA HÆTTIR
39
KR. 250g
EUROSHOPPER
HEILL ASPARS
98
KR.1 LTR.
98
KR. 2 LTR.
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS B

# ð og sama verð um land allt




898 KR.800g

FERSKAR *ÚRBEINAÐAR* GRÍSAHNAKKASNEIÐAR




898 KR.KG

ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR




798 KR.KG

169 KR.KG

ÍTALSKT SPAGHETTI BOLOGNESE

*ÞESSI EINA SANNA ÍTALSKA UPPSKRIFT !*

SMELLTU ÞÉR Á: WWW.BONUS.IS / UPPSKRIFTIR

EUROSHOPPER SPAGHETTI 1 KG **169 KR.**

FERSKT BLANDAÐ NAUTA/GRÍSAHAKK **798 KR.KG.**




30% AFSLÁTTUR

ÍSLANDSNAUT FERSKT UNGNAUTAPIPARSTEIK ÚR INNRALÆRI

**2098 KR.KG** MERKT VERÐ 2998 KR.KG



NONNI LITLI
BERNAISE SÓSA 225 ml
**298 KR.**

FRÁBÆR SÓSA MEÐ NAUTASTEIKINNI

**MS GOUDAOSTUR 26% RAUÐUR**
**Nú með *25% afslætti***
MERKT VERÐ 1296 KR.KG.




972 KR. KG

## Hollenskar frystar ungnautalundir

*komnar aftur í Bónus !*



**2698 KR./KG.**




2698 KR. KG

ÍSLANDSNAUT FERSKT UNGNAUTAFILLET FULLMEYRNAÐ

***25% AFSLÁTTUR*** MERKT VERÐ 3598 KR.KG.

**Sérskorið** ferskt jurtakryddað lambalæri þar sem efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!




30% AFSLÁTTUR

ÍSLANDSLAMB FERSKT KRYDDAÐ LAMBLÆRI

**1398 KR.KG.** MERKT VERÐ 1998 KR.KG.




159 KR. 3 fernur

TRÓPÍ 3 x 250 ml EPLA OG APPELSÍNU.

## Bónus nýreyktur hamborgarhryggur




**998 KR./KG.**

## Ali Bayonneskinka nú með *40% afslætti*



**1198 KR./KG.**

MERKT VERÐ 1998 KR.KG.




198 KR. 2 LTR.

EGILS APPELSÍN 2 LTR.

*MEÐ OG ÁN SYKURS*

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

AFGREIÐSLUTÍMI
**FÖSTUDAGUR**
**10:00-19:30**

# FRÉTTASKÝRING: Breytingar á ríkisstjórninni

## Vildi sitja lengur

Kristján L. Möller, fyrrverandi samgönguráðherra, segir að kappsamir menn eins og hann vilji að sjálfsögðu ekki hætta sem ráðherrar. „Sérstaklega vegna þess að ég tel að við hefðum þurft svona tvo mánuði í viðbót til að klára viðræður við lífeyrissjóðina, sem er stórmál og má ekki tefjast.“ Brýnt sé að koma því verki í gang, bæði til að skapa atvinnu og umferðaröryggi. Forsætisráðherra hefur boðið Kristjáni að leiða þær viðræður áfram.

Aðspurður segir Kristján að sér lítist ekki illa á að samgöngumálin séu nú á forræði ráðherra af höfuðborgarsvæðinu.




**Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti**
Ragna Árnadóttir




**Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti**
Kristján L. Möller




**Innanríkisráðuneyti**
Ögmundur Jónasson

## Hætt í pólitík

Ragna Árnadóttir, fráfarandi dómsmála- og mannréttindaráðherra, segist ganga sátt frá borði ríkisstjórnarinnar. Hún hefði ekki viljað sitja þar lengur og segist ekki geta hugsað sér að snúa aftur í pólitík, né eigi hún von á því að fara aftur til starfa í ráðuneytinu.

„Nei. Ég geng ekki um með neinar grillur um að ég sé akkúrat rétta manneskjan til að gera þessa hluti og að allt sem ég hef gert sé ósnertanlegt,“ segir hún spurð um það hvort hún hafi áhyggjur af því að Ögmundur Jónasson kollvarpi því sem hún hefur áorkað. Þá segir hún ekki óeðlilegt að starfinu gegni ólöglærður maður.

## Styrkir eininguna í ríkisstjórninni

Álfheiður Ingadóttir segist standa sátt upp úr stól heilbrigðisráðherra. Með breytingunum sé gengið í tvö mikilvæg verkefni: að endurskipuleggja stjórnarráðið og styrkja eininguna í stjórnarliðinu.

Hún óttast ekki framgang þeirra mála sem hún hefur unnið að í sinni embættistíð. „Ég treysti því að góðum málum verði fram haldið, bæði af nýjum ráðherra og starfsmönnum heilbrigðisþjónustunnar og ráðuneytisins.“

Spurð um ójafna kynjaskiptingu í ráðherraliðinu segist hún helst hafa viljað halda jafnri stöðu kynjanna. „En það verður ekki á allt kosið.“ Takmarkið sé þó að svo verði á nýjan leik sem fyrst.

## ESB og Icesave ekki fyrirstaða

Ögmundur Jónasson kemur á nýjan leik inn í ríkisstjórnina og tekur við embættum dómsmála-, mannréttinda-, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. „Ég byggi á starfi forvera minna í starfi og alls þess starfsfólks sem vinnur verkin í þessum ráðuneytum,“ segir Ögmundur.

Icesave-málið, sem olli því að hann sagði sig úr ríkisstjórn fyrir ári, sé nú komið í annan farveg og hvorki það né Evrópumálin muni flækjast fyrir hans starfi í ríkisstjórninni. Spurður hvort breytingarnar séu einkum hugsaðar til þess að friðmælast við hina svokölluðu órólegu deild innan Vinstri grænna, segir Ögmundur annarra að svara því. „En ég er ekkert sérstaklega órólegur maður. Ég er bara fullkomlega rólegur.“




**Heilbrigðisráðuneyti**
Álfheiður Ingadóttir



**Félags- og tryggingamálaráðuneyti**
Árni Páll Árnason




**Efnahags- og viðskiptaráðuneyti**
Gylfi Magnússon




**Velferðarráðuneyti**
Guðbjartur Hannesson



**Efnahags- og viðskiptaráðuneyti**
Árni Páll Árnason

## Verður erfitt

„Þetta verður erfitt og það var vitað fyrirfram. Þetta er gríðarlega stórt verkefni og krefjandi en ég nálgast það af auðmýkt og veit að það er gott fólk á bak við mig alls staðar,“ segir Guðbjartur Hannesson, nýr félags-, trygginga- og heilbrigðisráðherra.

Guðbjartur segir að til standi að ná fram meiri hagkvæmni með því að sameina ráðuneytin í velferðarráðuneyti, og tilgangurinn með því sé að peningarnir skili sér sem mest til þeirra sem þurfa á þeim að halda, í heilbrigðismálum, málefnum fatlaðra og vinnumarkaðsmálum. Ekki sé ástæða til að hafa áhyggjur af því að ráðuneytið verði of stórt og svifaseint. Stærri einingar eigi þvert á móti að geta ráðið við stærri og flóknari verkefni.

## Aftur í Háskólann

Gylfi Magnússon, fyrrverandi efnahags- og viðskiptaráðherra, segist ánægður með málalyktir.

Hann segist ekki telja að umræða síðustu vikna um vinnubrögð hans í kringum lögfræðiálit um lögmæti gengistryggðra lána hafi ráðið miklu um það að hann hverfi nú úr stjórninni. „Það var auðvitað ekki notaleg uppákoma en þessar breytingar ráðast af öðrum þáttum sem eru vel þekktir.“

Gylfi á von á því að snúa núna aftur til kennslu í Háskóla Íslands. Hann hefur verið í leyfi á meðan á störfum hans fyrir ríkisstjórnina stóð.

## Eykur samheldni stjórnarinnar



Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segist ekki í vafa um að breytingarnar á ríkisstjórninni komi til með að styrkja hana. „Þetta eru sterk skilaboð um það að þessi ríkisstjórn er ekkert á förum heldur að endurskipuleggja sig og styrkja með hliðsjón af verkefnunum framundan,“ segir hann.

Þá styrki þetta einnig samstarf flokkanna og sé líklegt til að auka samheldni í stjórninni.

Hann segist ekki telja að stóru ráðuneytin tvö, undir stjórn Guðbjarts Hannessonar og Ögmundar Jónassonar, verði of þunglamaleg. „Auðvitað eru þau stór og fyrirferðarmikil og það er afar ábyrgðarmikið hlutverk sem þeir takast á hendur Ögmundur og Guðbjartur vegna þess að þarna er stór hluti ríkisútgjaldanna undir en um leið eru miklir hagræðingarmöguleikar í því að samþætta betur stofnanir og verkefni innan félagslega geirans og heilbrigðisgeirans.

Ég held að því sé vel skipað að fá þar reyndan formann fjárlaganefndar Alþingis til að halda utan um þá miklu fjármuni sem þar eru á ferðinni og sömuleiðis er mikilvægt að endurskipulagningin í innanríkisráðuneytinu gangi vel.“

Hann segir utanþingsráðherrana tvo hafa skilað mjög góðu verki en þessi nýja stjórn sæti tíðindum að því leyti að hún sé nú fyrsta hreina pólitíska vinstri stjórnin í lýðveldissögunni.

Aðspurður segist hann ekki telja að breytingarnar hafi nokkur áhrif á aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu. „Einfaldlega vegna þess að það mál er í tilteknum farvegi og afstaða manna breytist ekkert hvort sem þeir eru innan eða utan ríkisstjórnar. Það er alþingi sem tekur grundvallarákvarðanirnar og svo þjóðin.“

## Kynjaskekkjan leiðréttist um áramót



Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segist eiga von á að töluverður sparnaður hljótist af þeirri sameiningu ráðuneyta sem gert er ráð fyrir að verði að veruleika á næstu dögum.

„Þarna verður farið í breytingar sem staðið hafa til í áratugi,“ segir hún. Þær séu enn fremur í samræmi við það sem fram kom í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um mikilvægi hagræðingar í stjórnkerfinu. „Þetta auðveldar okkur líka að fara í það stóra verkefni sem er fram undan, sem er hagræðing og fækkun stofnana.“

Jóhanna segir ljóst að sameiningin muni hafa í för með sér einhverja fækkun starfsfólks.

Spurð um þá staðreynd að hlutfall kvenna í ríkisstjórninni lækki með þeim breytingum sem gerðar voru í gær minnir Jóhanna á að þær breytingar séu einungis fyrsti áfanginn í uppstokkun á ríkisstjórninni. „Við erum líka að fara í breytingar um áramót og þá vona ég að sú skekkja leiðréttist,“ segir Jóhanna.

Jóhanna var einnig spurð hvort andstæðingar aðildar Íslands að Evrópusambandinu væru að styrkja stöðu sína í flokknum í ljósi þess að Jón Bjarnason heldur ráðherrasæti sínu og Ögmundur Jónasson kemur inn á nýjan leik. „Við erum að vinna með tillögu sem Alþingi samþykkti um umsókn að Evrópusambandinu og ráðherrar verða auðvitað að vinna í samræmi við þá tillögu,“ segir forsætisráðherra.



**NÝJA STJÓRNIN** Á myndinni eru Ögmundur Jónasson, Árni Páll Árnason, Jón Bjarnason, Össur Skarphéðinsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Ólafur Ragnar Grímsson, Steingrímur J. Sigfússon, Katrín Jakobsdóttir, Katrín Júlíusdóttir, Svandís Svavarsdóttir og Guðbjartur Hannesson. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

# Ráðherrum fækkað í tíu

**Fjórir ráðherrar viku úr ríkisstjórn í gær og einungis tveir komu í þeirra stað. Nýliðarnir taka við risavöxnum ráðuneytum velferðar- og innanríkismála.**

Ráðherrar í ríkisstjórn Íslands eru nú tíu í stað tólf eins og verið hefur undanfarið ár. Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra, frá Vinstri grænum, Kristján L. Möller samgönguráðherra, frá Samfylkingu og utanþingsráðherrarnir Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, og Ragna Árnadóttir, dómsmála- og mannréttindaráðherra, viku úr stjórninni á ríkisráðsfundi í gær.

Tveir komu inn í staðinn. Guðbjartur Hannesson, sem gegnt hefur formennsku í fjárlaganefnd Alþingis, fær það risavaxna verkefni í hendurnar að stýra heilbrigðis-, félags- og tryggingamálum í sameinuðu velferðarráðuneyti.

Hinn er ekki ókunnugur ríkisstjórnarborðinu. Sá er Ögmundur Jónasson og gekk úr ríkisstjórn í fyrrahaust vegna ágreinings um Icesave-málið. Hans verkefni er ekki síður stórt, hann fær í fangið dóms- og mannréttindamál auk samgöngumála í sameinuðu innanríkisráðuneyti.

Árni Páll Árnason flyst um set úr félags- og tryggingamálaráðuneytinu yfir í efnahags- og viðskiptaráðuneytið. Aðrir ráðherrar halda stólum sínum, að minnsta kosti þangað til stokkað verður upp að nýju í stjórninni um næstu áramót. Þá er ráðgert að sjávarútvegs-, landbúnaðar- og iðnaðarráðuneyti verði að einu atvinnuvegaráðuneyti.

### Segja viðsnúning hafa orðið

Í tilefni breytinganna á stjórninni gáfu formenn stjórnarflokkana út sameiginlega yfirlýsingu um þann árangur sem náðst hefur í samstarfinu og verkefnin fram undan.

Þar segir að á þeim 19 mánuðum sem flokkarnir hafi starfað saman hafi þeim tekist að framkalla viðsnúning í efnahagslífi landsins. Hagvöxtur hafi mælst undanfarna sex mánuði, hálfu ári fyrr en áætlað var. Atvinnuleysi sé komið í 7,5 prósent, sem sé mun minna en gert var ráð fyrir, verðbólga sé komin úr 18 prósentum í 4,5 og stýrivextir hafi lækkað úr 18 prósentum í 7. Þá hafi gengið styrkst verulega.

Á sama tíma hafi farið fram uppgjör í íslensku samfélagi gagnvart þeirri stefnu og vinnubrögðum sem viðgengust í atvinnulífi, stjórnmálum og stjórnsýslu fyrir bankahrun. Það uppgjör birtist í „víðtækri uppstokkun á innviðum samfélagsins“ og við þá vinnu sé skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis grundvallargagn sem áfram verði unnið eftir.

### Verkefnin fram undan útlistuð

Í plagginu gefur að líta lista með tuttugu atriðum sem formenn flokkanna eru sammála um að þurfi að hrinda í framkvæmt á næstu mánuðum.

Þar ber helst að nefna að til stendur að endurskoða lög um stjórn fiskveiða á grunni niðurstöðu sáttanefndar og tryggja ákvæði um sameign þjóðarinnar á auðlindum í stjórnarskrá. Mistakist sáttanefndinni ætlunarverk sitt, og engin sátt næst, verði þjóðaratkvæðagreiðsla um kvótakerfið undirbúin.

Þá á að samþykkja rammaáætlun og verndum og nýtingu íslenskrar náttúru, halda áfram að afnema gjaldeyrishöft, klára þriðju og fjórðu endurskoðun áætlunar Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, stórefla embætti Umboðsmanns skuldara og lögfesta austurrísku leiðina varðandi kynbundið ofbeldi.

Einnig stendur til að breyta lögum „til að innleiða nýskipan ráðningarmála og breyta stjórnarhætti í Stjórnarráði Íslands“ og skoða það að koma Þjóðhagsstofnun á fót á nýjan leik.

**Stígur Helgason**
stigur@frettabladid.is





40% AFSLÁTTUR!
AMELIA FIRM
KING KOIL HEILSURÚM
(Queen Size 153x203)
Fullt verð 159.451 kr.
NÚ 95.671 kr.

# RISA ÚTSALA REKKJUNNAR

# 30-70% AFSLÁTTUR!

# SÍÐUSTU DAGAR!

30% AFSLÁTTUR



**ERGOMOTION**
með þrýstijöfnunar-dýnum (2x80x203)

**FRÁ 473.503 kr.**

- Ergomotion er einn öflugasti og sterkasti stillanlegi botninn sem er fáanlegur í dag.
- Botninn er inndraganlegur á sleða svo hægt er að nýta ljósið á náttborðinu.
- Lyftigetan er gífurleg þar sem í botninum eru 2 mótorar. Einn fyrir höfuðgafl og annar fyrir fótgafl.
- Öll tannhjól og liðamót eru úr hágæða næloni svo ekkert ískur og óþarfi að smyrja.
- Hljóðlátt og öflugt.
- 3 mm. tvíhert stálgrind undir öllum botninum.
- Fáanleg með öflugu nuddi, þremur mismunandi hraðastillingum og tímarofa.
- 20 ára ábyrgð á mótor og grind.
- Þráðlaus fjarstýring með útvarps-sendi svo ekki þarf að beina fjarstýringunni á móttakara.
- Rúmið fært niður í flata stöðu með einum takka.
- Þyngdarleysistakkinn (Zero G) færir rúmið í þyngdarleysisstöðuna. Njóttu þægindanna og upplifðu þyngdarleysistilfinninguna. Staðan hjálpar blóðrásinni og minnkar pressu á mjóbak og axlir.
- 4 gerðir af dýnum með mismunandi uppbyggingu. Þrýstijöfnunardýnur, Latextdýnur o.s.frv.
- 400 línan er með öflugu nuddi. þremur mismunandi hraða-stillingum og tímarofa.

Argh! 030910



HEILSUKODDAR
30% AFSLÁTTUR
Verð nú frá
5.915 kr.



40% AFSLÁTTUR!
CORSICA PLUSH
KING KOIL HEILSURÚM
(Queen Size 153x203)
Fullt verð 249.636 kr.
NÚ 149.782 kr.
= 99.854 kr.
AFSLÁTTUR!



SÆNGURFÖT
30% AFSLÁTTUR
Verð nú frá
4.130 kr.

**rekkjan**
HEILSURÚM

Rekkjan ehf · Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) · 108 Reykjavík · 588 1955 · www.rekkjan.is · Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Fyrsta raunverulega vinstristjórnin:

## Ríkisstjórn þjappar liðinu saman

Sú ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur sem tók við völdum í gær er kannski fyrsta réttnefnda vinstristjórnin hér á landi. Fyrsta ríkisstjórn Jóhönnu var sem kunnugt er minnihlutastjórn, sem studdist við hlutleysi Framsóknarflokksins. Í öðru ráðuneyti hennar sátu utanþingsráðherrarnir tveir, Ragna Árnadóttir og Gylfi Magnússon, sem höfðu ekki pólitískan bakgrunn. Þau létu af embætti í gær og hafa yfirleitt fengið lofsamlegan vitnisburð um stuttan ráðherraferil.

Ríkisstjórnin sem varð til á Bessastöðum er hins vegar hefðbundin meirihlutastjórn. Í henni sitja tíu stjórnmálamenn, þingmenn Samfylkingar og Vinstri grænna.


SKOÐUN



Pétur Gunnarsson

peturg@frettabladid.is


Erfiður línudans bíður Jóhönnu Sigurðardóttur og Steingríms J. Sigfússonar að halda utan um störf ríkisstjórnarinnar og ná fram málum. Ljóst er að um skeið hefur erfitt samstarf innan þingflokks VG staðið samstarfinu fyrir þrifum. Breyttri ráðherraskipan er ætlað að þjappa liðinu saman.

Ögmundur Jónasson er að margra mati oddviti þriðja aflsins sem stendur að ríkisstjórninni. Það kemur nú í hlut Ögmundar að búa til nýtt innanríkisráðuneyti úr dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu annars vegar og samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytinu hins vegar. Hér skal það staðhæft að fyrir fáum árum hefði þótt óhugsandi í íslenskum stjórnmálum að svo róttækur vinstrimaður sem Ögmundur Jónasson gæti orðið ráðherra dómsmála og þjóðkirkju á Íslandi. Þetta er til marks um jákvæða þróun sem er að verða í samfélaginu fyrir tilverknað núverandi ríkisstjórnarmeirihluta.

En það er ekki mikil pólitísk dirfska sem einkennir þá yfirlýsingu um stöðu efnahagsmála sem formenn stjórnarflokkanna tveggja gáfu í gær í tilefni af breytingum á ríkisstjórninni. Á þeirri yfirlýsingu er að skilja að ástand mála sé nú harla gott í meginatriðum: „Gengið styrkist jafnt og þétt og hefur ekki verið hærra skráð í eitt og hálft ár. Forsvarsmenn SA, ASÍ, Seðlabanka, AGS ofl. hafa lýst því yfir að kreppunni sé lokið og bjartsýni fer vaxandi í samfélaginu.“

Þarna er sleginn tónn sem er býsna ólíkur því sem sést og heyrist í fréttatímum fjölmiðla þar sem kyrrstaða í atvinnulífi, greiðsluvandi, gjaldskrárhækkanir opinberra aðila, yfirvofandi skattahækkanir og niðurskurður eru jafnan ofarlega á baugi. Í yfirlýsingunni er líka lítil áhersla lögð á skuldavanda heimila og fyrirtækja. Þau mál hafa verið yfir og allt um kring í þjóðfélagsumræðunni frá hruninu haustið 2008. Á lista yfir tuttugu helstu áherslumál ríkisstjórnarflokkanna næstu mánuði er aðeins vikið að skuldum heimila og fyrirtækja á einum stað og þá með þessum orðum: „Eyða óvissu um lánamál fyrirtækja og einstaklinga, efla upplýsingaöflun, kynna úrræði og stórefla embætti Umboðsmanns skuldara.“ Fróðlegt verður að fylgjast með pólitískum viðbrögðum við nálgun tveggja helstu foringja ríkisstjórnarinnar á þetta málefni.


FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871







## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Súr Siglufjarðarbarón

Jóhanna Sigurðardóttir þurfti að taka erfiðar ákvarðanir um ráðherraskipti í gærmorgun. Lendingin varð að landsbyggðarþingmaðurinn Kristján Möller vék úr stjórninni fyrir öðrum landsbyggðarþingmanni – Guðbjarti Hannessyni. Ekki munu allir hafa verið á eitt sáttir um þessa tilhögun – til dæmis sýttu femínistar kynjahallann – en líklega var þó enginn óánægðari en Kristján sjálfur, sem taldi sig hafa unnið gott starf á niðurskurðartímum í samgönguráðuneytinu og ekki verið umbunað í samræmi við það.



### Kannski síðar

Jóhanna kvaddi Kristján að sínum sið á flokksstjórnarfundi Samfylkingarinnar á Loftleiðum í gærmorgun. „Þinn tími mun koma… kannski síðar,“ sagði Jóhanna í pontu. Þar er ekki alveg eins fast að orði kveðið og þegar hún fullyrti – réttilega – árið 1994 að hennar eigin tími myndi koma. Og ekkert ef og kannski. Hún virðist ekki jafnsannfærð um bjarta framtíð samherja síns að norðan.



### Með ráðherra á skilorði

En Jóhanna sagði fleira þegar hún útskýrði val sitt fyrir flokksmönnum. Talið barst meðal annars að fyrirhugaðri uppstokkun um komandi áramót – þá yrðu líklega gerðar frekari breytingar. Og við það tilefni nefndi formaðurinn að hún væri með ráðherra á skilorði. Hvort þau orð áttu við einn ráðherra eða fleiri var ósagt látið en víst er að einhverjir þeirra hljóta nú að skjálfa á beinunum. Það er vonandi að duldar hótanir sem þessar valdi því að menn hagi sér sæmilega skikkanlega næstu mánuði.

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Leikjastefna Reykjavíkur


Borgarmál



Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir

borgarfulltrúi


Af hverju eru ekki fleiri ungbarnarólur á leikvöllum? Getur borgin ekki sett niður brettagarða fyrir unglinga? Hvar eru trimmtækin við hlaupaleiðir? Þurfa að vera eins leiktæki á öllum leikvöllum? Hvernig eiga eldri borgarar að geta sótt þjónustu gangandi ef þeir geta ekki hvílt sig á bekk á leiðinni? Mega hundarnir hvergi vera? Fjölmargir íbúar spyrja þessara réttmætu spurninga og borgarfulltrúar hafa til margra ára ekki getað svarað öðruvísi en að ganga í einstök mál. Úr verður óskipulögð borg opinna svæða sem tekur tillit til margra að litlu leyti, sumra að engu leyti, og á mismunandi hátt í ólíkum hverfum.

Tillaga um gerð leikjastefnu Reykjavíkur var samþykkt í umhverfis- og samgönguráði í júní 2009. Tillagan gerði ráð fyrir að unnið væri að breskri og hollenskri fyrirmynd. Samkvæmt henni er núverandi notkun svæða, gönguleiða og leiktækja í hverju hverfi skoðuð. Íbúafundir eru haldnir um hvað vantar og sérstök skoðun fer fram á þörfum hópa eins og til dæmis eldri borgara, unglinga og hundaeigenda. Nú þegar liggur fyrir fyrsta úttekt á Vesturbænum. Hún leiddi m.a. í ljós nauðsyn þess að tryggja öruggar gönguleiðir að vinsælum svæðum. Næsta verkefni er samtal við íbúa um þarfir ólíkra hópa og skráning á því hvernig íbúar nota eða nota ekki núverandi svæði.

Þegar illa stendur á í fjármálum eru líkur á að dýrmæt svæði borgarinnar drabbist niður. Viðhald er skorið við nögl og endurnýjun leiktækja í lágmarki. Þá er mikilvægara en áður að hafa skýra stefnu um hvernig eigi að verja því fé sem til er. Borgarstjórn Reykjavíkur og hverfisráðin þurfa að setja kraft í að vinna þessa leikjastefnu áfram. Forgangsröðun fjárfestinga munu þá grundvallast á vel útfærðri leikjastefnu. Slíkt getur til dæmis leitt til þess að íbúar sameinist um að efla verulega eitt opið leiksvæði á kostnað nokkurra lítilla svæða. Þannig vinnst fjármagn til fjárfestinga og viðhalds og betri sátt um leiksvæði borgarinnar.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* MENNING: Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* ALLT OG SÉRBLÖÐ: Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Áfellisdómur Ríkisendurskoðunar

**Þjónusta við fatlaða**

**Gerður A. Árnadóttir og Friðrik Sigurðsson.**
Gerður er formaður en Friðrik framkvæmdastjóri Landssamtakanna Þroskahjálpar





Ríkisendurskoðun hefur nýlokið gerð skýrslu fyrir Alþingi um þjónustu við fatlað fólk á Íslandi. Niðurstöður eru áfellisdómur yfir Alþingi og Félags- og tryggingamálaráðuneyti. Fram koma alvarlegar athugasemdir við stjórnun og skipulag málaflokksins. Heildarstefnu í málaflokknum skorti.

Þá kemur fram að fjárveitingar til þjónustu eru ekki byggðar á mati á þjónustuþörf þrátt fyrir að lög kveði á um að svo skuli vera. Ekki sé fylgst með gæðum þjónustunnar né tryggt að jafnræðis sé gætt milli þjónustuþega. Þá er það mat Ríkisendurskoðunar að eftirlit með þjónustu við fatlaða sé óviðunandi. Gagngerar breytingar verði að gera á núverandi eftirlitskerfi til að tryggja hagsmuni notenda. Ríkisendurskoðun telur einnig alls kostar ótækt að engar reglur séu til um hámarksbiðtíma eftir lögbundinni þjónustu.

Landssamtökin Þroskahjálp hafa í áratugi barist fyrir hagsmunum fatlaðs fólks á Íslandi. Samtökin hafa kallað eftir því að samþykkt verði heildarstefna í þjónustu við fatlað fólk hér á landi en skort hefur á pólitískan vilja til slíks. Félags- og tryggingamálaráðuneytið telur sig, skv. umræddri skýrslu, vinna skv. þeim drögum að stefnumótun sem lögð voru fram 2006 en raunveruleikinn er annar þegar kemur að veigamiklum þáttum eins og þjónustu við fatlaða fólk á heimilum sínum.

Þroskahjálp hefur í fleiri ár bent á þá lögleysu að umsækjendur um þjónustu fá engin svör um hvenær þeir geti vænst þess að lögbundin aðstoð standi til boða. Margendurtekið hefur verið bent á að fjárveitingar séu ekki byggðar á þjónustuþörf.

Ekki hefur verið til staðar vilji valdhafa til að tryggja nægilegt fjármagn til þjónustunnar þrátt fyrir að hér sé um að ræða grunnþjónustu við fólk sem háð er aðstoð samfélagsins til að geta lifað eðlilegu lífi. Brotin hafa verið lög á fötluðu fólki með fullri vitund Alþingis og Félags- og tryggingamálaráðuneytisins.

Þá hafa samtökin margoft komið á framfæri við stjórnvöld skoðunum sínum á nauðsyn þess að endurskoða núverandi réttindagæslukerfi og eftirlit með þjónustu. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar í því máli er afdráttarlaus; núverandi staða er óviðunandi. Ekki verður öllu fastar að orði kveðið. Áratugur er síðan Þroskahjálp lagði fram tillögur að úrbótum varðandi réttindagæslu fatlaðs fólks. Nefnd til að endurskoða réttindagæslu fatlaðs fólks var loks sett á laggirnar og skilaði ítarlegum tillögum og drögum að nýju frumvarpi til laga um réttindagæslu í mars 2009. Frá þeim tíma hafa tillögurnar legið hjá ráðherra, enn bólar ekki á viðbrögðum til úrbóta. Benda má á að Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks kveður á um að réttindi skuli vera tryggð með öruggum hætti. Ísland hefur skrifað undir samninginn og ber að virða hann.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar er afdráttarlaus í gagnrýni á stjórnun og skipulag þjónustu við fatlaða. Stofnunin leggur fram nokkar ábendingar til úrbóta. Landssamtökin Þroskahjálp geta tekið undir þær ábendingar. Samtökin leggja áherslu á að nú þegar verði farið í eftirfarandi úrbætur:

1. Lagt verði fram frumvarp til úrbóta í réttindagæslu fatlaðs fólks og eftirlit með þjónustu bætt. Slíkt frumvarp liggur á borði Félags- og tryggingaráðherra og því má leggja það fram nú á haustþingi.
2. Lögð verði fram raunsæ áætlun um uppbyggingu búsetuþjónustu við fatlað fólk til að útrýma biðlistum. Brýnt er að Alþingi axli ábyrgð á núverandi ástandi og tryggi nauðsynlegar fjárveitingar þannig að farið verði að lögum og einstaklingum tryggð sú þjónusta sem nauðsynleg er til að lifa eðlilegu lífi.
3. Endurskoðun reglugerðar um búsetuþjónustu fatlaðs fólks verði lokið hið fyrsta og þar sett ákvæði er tryggi gæði þjónustu og hámarksbiðtíma til framtíðar.
4. Mótuð verði heildarstefna í þjónustu við fatlaða á Íslandi.
5. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks verði fullgiltur og lögfestur á Íslandi. Þannig fái mannréttindi fatlaðs fólks aukið vægi í íslensku samfélagi.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar felur í sér alvarlegan boðskap um það hvernig íslensk stjórnvöld hafa staðið sig gagnvart þjónustu við fatlað fólk. Hún kallar á að stjórnvöld axli ábyrgð sína og bregðist við með úrbótum. Ekki verður unað við óbreytt ástand. Landssamtökin Þroskahjálp skora á Alþingi og Félags- og tryggingamálaráðherra að bregðast ekki þeirri skyldu sinni að tryggja fötluðu fólki tækifæri til að lifa fullgildu lífi.

FYRIR 229 KRÓNUR FÆRÐ ÞÚ:
2 skemmtilegri



EINN BARNAÍS

EÐA



FRÁBÆRA SKEMMTUN Í HEILAN SÓLARHRING FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Stöð 2, Stöð 2 Bíó og Stöð 2 Extra kosta aðeins 229 krónur á dag.
Tryggðu þér áskrift í dag!

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

512 54 01
Auglýsingasími
Allt sem þú þarft...

SUMARAUKI Í MIÐBORGINNI

Langur Laugardagur

TÓNLIST, TÍSKA, LJÓÐ & GAMANMÁL

Hegningarhúsið Skólavörðustíg kl. 14:00 & 15:00:
**Hljómsveitin GÆÐABLÓÐ.** *Sérstakir gestir:* **SPOTTARNIR**
*Óvæntir gestir og góðkunningjar lögreglunnar velkomnir*

Bakarabrekkan Lækjargötu kl. 13.30 og 14.30:
**Brúðubíllinn sýnir leikritið AFMÆLISVEISLAN**

Lækjartorg frá kl. 12:00: **Fatamarkaður**
kl. 15:00: **Unghönnunarsýning & tískusýning**

Ingólfstorg frá kl. 13:00:
**Koppí og Peist farand-dúettinn leggur í´ann gegnum miðborgina**

Hljómalindarreitur kl. 15:00 og 16:00:
**Caterpillar Men og Jam-Session**
*Hljóðfæraleikarar og söngvarar velkomnir.*

Kassinn hjá Kjörgarði kl. 14:15: **Ljóðalestur**

Kjarvalsstaðir kl. 11:00:
**Hverfishátíð Miðborgar og Hlíða.**
Fjölbreytt dagskrá og útimarkaður til kl. 15:00




*Fjölmennum í miðborgina þar sem hjartað slær!*

KRAFTAVERK

# Endurskoðum fyrirkomulag opinberra ráðninga

Starfsmannamál

Gunnar Haugen
framkvæmdastjóri Capacent ráðninga



Opinberar ráðningar hafa verið mikið til umræðu upp á síðkastið og í einstaka tilvikum hafa orðið harðar deilur um verklag og fyrirkomulag slíkra ráðninga. Reynslan af núverandi lagaumhverfi er almennt góð en jafnframt blasa við ákveðnir gallar sem í sumum tilvikum geta haft slæm áhrif á hina endanlegu niðurstöðu ráðningarferlis. Það er því tímabært að endurskoða þær reglur sem um þessi mál gilda, án þess að fórna með nokkrum hætti þeirri fagmennsku sem skapast hefur.

### Ókostir nafnbirtingar

Flestir þekkja til reglunnar um birtingu nafna umsækjenda að loknum umsóknarfresti. Tilgangur þeirrar reglu er að gera opinbert að um starfið sækir fjöldi fólks og koma þannig í veg fyrir að hægt sé að ráða í stöðuna án þess að skoðaðir séu fleiri en einn einstaklingur. Ég hef hins vegar í mínu starfi séð mýmörg dæmi um að mjög frambærilegir og jafnvel frambærilegustu umsækjendur hafa dregið umsóknir sínar til baka vegna þessarar ófrávíkjanlegu reglu.

Ef við lítum á málið frá sjónarhóli væntanlegra umsækjenda er fullkomlega eðlilegt og skiljanlegt að vilja ekki láta birta nafn sitt í tengslum við umsókn um starf. Slík nafnabirting getur hugsanlega leitt til uppsagnar eða framgangsstöðvunar í núverandi starfi. Sömuleiðis er ekki óalgengt að einstaklingar, sem eru komnir á þann stað að vilja skipta um starf, sæki um fleiri en eitt starf. Í hugum margra er það lítillækkandi að þurfa hugsanlega að láta birta nafn sitt á mörgum umsóknum án þess að hljóta nokkurt starf. Sumir telja að slíkt skaði jafnvel framtíðarmöguleika þeirra á starfi og framgangi.

Reglan um nafnabirtingu hefur því orðið til að útiloka stóran hóp hæfra umsækjenda frá því að eiga möguleika á opinberu starfi.

### Trúnaður og andmælaréttur

Þegar unnið er eftir ráðningarferli er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að ráðningarferli er í eðli sínu höfnunarferli. Með því er átt við að í flestum skrefum ferlisins er verið að leita að því hvort að einhverjar frábendingar sé að finna í upplýsingum um umsækjenda enda markmið ferlisins að þegar upp er staðið standi einn umsækjandi eftir er hlýtur starfið. Um þetta geta áhugasamir lesið ágæta samantekt Gylfa Dalmann í vefritinu Stjórnmál og stjórnsýsla (1. tbl, 2006).

Eitt af því sem stuðst er við í mati á umsækjendum eru meðmæli eða umsagnir aðila sem þekkja til umsækjenda úr vinnu. Oftast er um að ræða næstu yfirmenn eða samstarfsfélaga. Vegna upplýsingaskyldu og laga um opinbera stjórnsýslu getur umsagnaraðili búist við að umsögn hans verði hluti af opinberu máli og að það sem hann segir um umsækjandann verði borið á borð fyrir hann til kynningar. Það eru ekki flókin sannindi að frekar koma fram upplýsingar sem geta verið neikvæðar fyrir umsækjandann þegar fólk ræðir sín á milli í trúnaði, en þegar rætt er við umsagnaraðila án trúnaðar er umsögnin ekki eins hreinskilin.

Það að ekki megi lofa umsagnaraðila trúnaði á rætur að rekja til þess að í lögum segir að umsækjandi skuli hafa kost á að beita andmælarétti vegna upplýsinga sem geti haft mikil áhrif á niðurstöðu hans máls. Þetta ákvæði á sennilega aðeins að ná til þess þegar verið er að meta staðreyndir. Hins vegar er eðli umsagna slíkt að verið er að leita eftir skoðun einstaklings á öðrum einstaklingi. Skoðun einhvers á öðrum getur í eðli sínu ekki verið röng og því óþarft að bera hana undir annan aðila.

### Hámarkslaunareglur

Nýlega bættist nýr þröskuldur í gátt umsækjenda – nefnilega reglur um hámarkslaun starfsfólks í opinberri þjónustu. Sem betur fer er það samt þannig að til er fólk sem af hugsjón tekur að sér ýmis störf fyrir okkur og sættir sig við verulega skerðingu á sínum kjörum – en við getum ekki treyst á það til lengdar. Í starfi okkar höfum við séð fjöldamörg dæmi um einstaklinga sem vel hafa átt heima í hópi umsækjenda um opinbert starf og hefðu hugsanlega verið valdir til starfa, en þegar þeir voru upplýstir um kaup og kjör hvarf allur áhugi þeirra á starfinu. Til að Ísland geti verið samkeppnishæft til framtíðar er nauðsynlegt að endurskoða þetta opinbera þak á laun stjórnenda og annars starfsfólks.

Opinber þjónusta gegnir lykilhlutverki í okkar samfélagi. Því skiptir miklu að við opinberar ráðningar sé stuðst við þær aðferðir sem líklegastar eru til að skila samfélaginu og okkur sem í því búum sem bestri niðurstöðu.

Mikið hefur unnist í þeim efnum á síðustu árum og stjórnsýsla og vinnubrögð við ráðningar einkennist almennt af fagmennsku og skilvirkni. Í ljósi reynslunnar er þó tímabært að kanna hvort ekki sé rétt að endurskoða ofangreinda þætti og koma þessum málum í enn betri farveg öllum landsmönnum til hagsbóta.

# Ekki sýnt fram á öryggi erfðabreytts lyfjabyggs

Erfðabreytt matvæli

Sandra B. Jónsson
sjálfstætt starfandi ráðgjafi



Í Fréttablaðsgrein 23. ágúst s.l. auglýsa forráðamenn Orf Líftækni hf. ágæti vísinda sinna og fullyrða að útiræktun fyrirtækisins á erfðabreyttu lyfjabyggi sé örugg. Áhætta sem þeir ræða, svo og áhætta sem þeir láta hjá líða að ræða, kallar á andsvör.

Leyfi Orf til ræktunar á erfðabreyttu lyfjabyggi á allt að 10 ha lands í Gunnarsholti á 5 ára tímabili var veitt á grundvelli áhættumats sem byggði einkum á mjög takmörkuðum tilraunum sem einn af hluthöfum þess, Landbúnaðarháskóli Íslands, gerði. Í áðurnefndri grein klifa höfundar á öryggi ræktunar á erfðabreyttu byggi á grundvelli þessara litlu tilrauna. Þeir telja fráleitt að erfðabreytt lyfjabygg víxlfrjóvgist við annað bygg eða villtar plöntur þrátt fyrir að notkun sjálffrjóvgandi tegunda eins og byggs fyrirbyggi ekki heldur einungis minnki hættu á víxlfrjóvgun. Þeir halda því fram að erfðabreytt byggfræ dreifist ekki meir en 25 metra út frá vaxtarstað og að hafa megi hemil á plöntum sem vaxi af því fræi með því að slá þær. Hugsanlegt er að sú aðferð dugi þegar um er að ræða litla tilraunabletti undir nánu eftirliti þeirra sem stýra viðkomandi rannsókn en er með öllu ógerlegt þegar ræktað er á stærra landi með lágmarks starfsliði. Það er fjárhagslega óhagkvæmt að leita uppi og eyða liðhlaupaplöntum ef rækta á erfðabreytt bygg til framleiðslu; tími og vinnukostnaður myndu eyða mögulegum hagnaði af útiræktun erfðabreytts byggs. Orf hefur kynnt áform um „stórfellda" ræktun á erfðabreyttu byggi í Gunnarsholti og lætur sem frædreifing sé ekkert vandamál því fræ sem sleppi lifi ekki af utan ræktunarakra. Hvarvetna í heiminum þar sem erfðabreyttar plöntur hafa verið ræktaðar um nokkurt skeið hafa erfðabreytt fræ sloppið út í villta náttúru þar sem þau spíra og fjölga sér. Lifun liðhlaupafræs mun aukast á Íslandi með hlýrri og styttri vetrum.

Orf flaggar vísindalegu ágæti eigin áhættumats en lætur þess ekki getið að þar er hvergi fjallað um greiningu á grunnvatni og jarðvegi, – nokkuð sem allt faglegt mat á umhverfisáhættu tekur fyrir í ljósi þess að erfðabreytt DNA getur haft áhrif á jarðvegsörverur og mengað vatnasvið. Þótt Orf hafi aðeins leyfi til tilraunaræktunar í Gunnarsholti hefur fyrirtækið kynnt áform um stórfellda ræktun á erfðabreyttu byggi. Í Bandaríkjunum og í Evrópu eru leyfi til framleiðsluræktunar erfðabreyttra plantna aðeins veitt að undangengnum fóðrunartilraunum á dýrum og mati yfirvalda á niðurstöðum þeirra. Orf hefur ekki gert slíkar tilraunir og fyrirtækið hefur heldur ekki leyfi til ræktunar fyrir framleiðslu í Gunnarsholti. Er hugsanlegt að fyrirtækið hyggist misnota tilraunaleyfi sitt í Gunnarsholti til framleiðsluræktunar á erfðabreyttu byggi?

Orf fullyrðir að erfðabreytt byggyrki þess séu óskaðleg dýrum en hafa samt ekki gert neinar prófanir til að sanna það. Þess í stað fullyrðir fyrirtækið að ef dýr innbyrði erfðabreytt byggfræ yrðu þau ekki fyrir heilsutjóni vegna þess að DNA í erfðabreyttum plöntum eyðileggist í meltingarvegi þeirra. Orf hlýtur að gera sér grein fyrir að sú fullyrðing stenst ekki vísindalega rýni. Óháðar ritrýndar vísindarannsóknir hafa sýnt fram á að hvorki meltingarvegur manna né dýra sundri öllu DNA úr erfðabreyttum plöntum. Þvert á móti sýna þær að DNA berst úr erfðabreyttum matvælum og fóðri í þarma manna og dýra og berst með blóði til einstakra líffæra. Genaflæði af þessum toga (horizontal gene transfer) var þekkt þegar árið 2001 og hefur síðan verið vísindalega staðfest í rannsóknum. Prófanir á búfé, t.d. sauðfé, svínum og geitum, hafa leitt í ljós erfðabreytt DNA í líffærum dýra sem neytt hafa erfðabreyttra plantna. Ekki færri en þrettán ritrýndar rannsóknir á tilraunadýrum sem fóðruð voru á erfðabreyttum afurðum leiddu í ljós tjón á næstum öllum helstu líffærum þeirra.

Nýleg rannsókn sem birtist í tímaritinu Fisheries Science vekur sérstakar áhyggjur varðandi erfðabreyttar plöntur á Íslandi. Við rannsókn á regnbogasilungi og beitarfiski fundust efni úr erfðabreyttum plöntum ekki aðeins í nokkrum líffærum beggja tegunda, heldur í næstum öllum innri líffærum þeirra. Ræktun erfðabreyttra plantna, ekki síst mjög lífvirkra erfðabreyttra plantna á borð við lyfjabygg, gæti ógnað villtum og ræktuðum fiski sem þjóðin byggir afkomu sína mjög á. Fiskistofnum landsins gæti jafnvel stafað ógn af inniræktun erfðabreyttra plantna í gróðurhúsum án fastra gólfa á svæðum með háa grunnvatnsstöðu eða í nánd við ár og vötn.

Það er brýn þörf á því að bæta gæði og umfang umhverfisáhættumats sem krafist er af líftæknifyrirtækjum sem sækjast eftir að rækta erfðabreyttar plöntur á Íslandi, innandyra sem utandyra.

# 101 Öræfasveit

Fjarskipti

Ómar Svavarsson
forstjóri Vodafone



Íbúar Öræfasveitar skrá sig á spjöld sögunnar í dag þegar þeir taka formlega í notkun nýtt háhraða ljósleiðaranet. Netið lögðu þeir inn í hvert hús í sveitinni á eigin kostnað. Þar til nú hafa Öræfingar þurft að sætta sig við afar lélega netþjónustu og víða í sveitinni náðist eingöngu ein sjónvarpsstöð. Með tilkomu ljósleiðarans standa Öræfingar hins vegar jafnfætis og raunar framar mörgum íbúum höfuðborgarsvæðisins.

Hvergi á landinu er í dag hraðari nettenging í boði en í þessari fallegu sveit milli sanda. Ljósleiðarann geta Öræfingar notað til að ná útsendingum 70 sjónvarpsstöðva eða jafnvel til að leigja sér kvikmynd með fjarstýringuna eina að vopni.

Drifkraftur Öræfinga er aðdáunarverður. Verkefnið var umfangsmikið og kostnaður á hvert heimili í sveitinni nemur um hálfri milljón króna. Fjarskiptafélag Öræfinga var stofnað í þeim tilgangi að kippa sveitinni í einu vetvangi úr tæknilegri fornöld og inn í nútímann. Það hefur nú tekist og starfsfólk Vodafone er stolt af því, að Öræfingar skuli hafa valið okkur sem sinn þjónustuaðila á hinu nýja fjarskiptaneti í Öræfasveit.

Örugg og góð fjarskipti, ekki síst öflug nettenging, er ein lykilforsenda þess að dreifðari byggðir landsins megi dafna. Þau auka lífsgæði fólks, gera því auðveldara að stunda fjarnám, sækja sér afþreyingu og stunda nútímaleg samskipti við umheiminn. Þau bæta rekstrarumhverfi fyrirtækja, auka gæði skólastarfs og ættu í raun að teljast til sjálfsagðra réttinda íbúa um land allt.

Öræfingar hafa sýnt að þeir eru framsýnir ekki síður en stórhuga. Þeir hefðu getað farið ódýrari leið og fengið með því hefðbundna netþjónustu. Sú leið hefði kostað minna en að sama skapi hefði hún dugað skemur og haft takmarkaðari nýtingarmöguleika.

Með lagningu ljósleiðara inn á hvert heimili í sveitinni hafa íbúar stigið stórt skref inn í framtíðina og sýnt í verki að ekkert fær stöðvað góða hugmynd ef fólk vinnur saman. Til hamingju með daginn Öræfingar.

# Ertu með eða á móti?

Evrópumál

Eiður Guðnason
fyrrverandi sendiherra og umhverfisráðherra



Ertu með eða á móti aðild Íslands að Evrópusambandinu (ESB)? Þessari spurningu er ekki hægt að svara fyrr en vitað er hvaða kostir og ókostir munu fylgja aðild eða höfnun aðildar. Það verður hins vegar ekki ljóst fyrr en samningsdrög liggja fyrir að loknum samningaviðræðum. Þess vegna er spurningin ekki tímabær. Hægt er hins vegar að spyrja: Ertu með eða á móti því að rætt sé við ESB um aðild Íslands, – samninga leitað um að Ísland bætist í hóp þeirra 27 Evrópuríkja,sem hafa ákveðið að starfa náið saman? Ertu fylgjandi því að Ísland velji sömu leið og Danmörk, Finnland og Svíþjóð hafa farið?

Það virðist borin von, enn sem komið er að minnsta kosti, að umræða um þetta mikilvæga mál fari fram á viti bornum nótum.

Nýlega flutti einn af andstæðingum umsóknar pistil í Útvarpi Sögu, þar sem eftirfarandi kom fram:

1. Látið var í veðri vaka að ESB væri að stofna her, sem við yrðum að eiga aðild að við inngöngu í bandalagið.

2. Ýjað var að því að „Stórráð" (hvað sem það nú er) ESB kynni að vilja setja upp eldflaugaskotpalla á Íslandi.

3. Aðild að NAFTA, Fríverslunarsamtökum Kanada, Bandaríkjanna og Mexíkó, væri besti valkostur Íslendinga. Sá valkostur hefur reyndar aldrei staðið okkur til boða. Ekki frekar en tvíhliðasamningur við ESB, sem Sjálfstæðisflokkur tönnlaðist á um 1990. Sá flokkur tók svo 180° beygju í stuttri Viðeyjarferð á vordögum 1991 og skrifaði upp á EES-samninginn og Jón Baldvin og Davíð mynduðu stjórn.

4. Í pistlinum var því haldið fram, að vandamál umheimsins kæmu okkur ekki við. Við ættum bara að huga að okkur sjálfum og okkar. Láta umheiminn afskiptalausan. Þetta var ekki heimssýn heldur heimsýn.

Annar svarinn fjandmaður ESB umsóknar skrifaði nýlega grein í Morgunblaðið þar sem hann sakaði þá sem hann kallaði ESB-sinna um ódrengskap og að vera ekki vandir að meðulum. Það var reyndar ekki stutt rökum.

Meðan málflutningur andstæðinga ESB-umsóknar er á þessu stigi og Útvarp Saga, að Mogganum ógleymdum, er helsti vettvangur þeirra sem ekki vilja auka samstarf við þjóðir Evrópu og ekki vilja að þjóðin fá að greiða atkvæði um niðurstöður samningaviðræðna, þá er umræðan á leiðinni út og suður og norður og niður. Við sem viljum taka afstöðu til aðildarkosta, þegar þeir liggja fyrir, ættum kanski að vera andstæðingum okkar þakklátir fyrir málflutning þeirra. Og þó.

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

# THE BODY SHOP

## 25% kynningarafsláttur af verði vörutegunda fyrir húð andlitsins dagana 1.-5. september

Í verslunum The Body Shop fæst mikið úrval vandaðra vörutegunda fyrir húð andlitsins. Veittur verður sérstakur kynningarafsláttur af verði allra vörutegunda innan eftirtaldra vörulína í nokkra daga:

**Aloe, Natrulift, Nutriganics, Seaweed, Tea tree, Vitamin C, Vitamin E og Wise woman.**

Innan allra þessara vörulína fást að sjálfsögðu allar nauðsynlegustu vörurnar, s.s. hreinsimjólk, andlitsvatn, næturkrem, andlitssápa og margt, margt fleira.
**25% afsláttur er gefinn af verði allra vörutegunda innan hverrar línu**
þótt hér séu einungis gefin dæmi um dagkrem hverrar vörulínu.






**Natrulift**-vörulínan fyrir þroskaða húð (40 ára og eldri)
Verðdæmi með afslætti:
Natrulift-dagkrem (50ml) **2167 kr.**




**Aloe**-vörulínan fyrir viðkvæma húð
Verðdæmi með afslætti:
Aloe-dagkrem (50ml) **1485 kr.**







**Seaweed**-vörulínan fyrir blandaða/feita húð.
Kemur í veg fyrir gljáa
Verðdæmi með afslætti:
Seaweed-dagkrem (50ml) **1485 kr.**




**Nutriganics**, lífrænt vottuð vörulína (fyrir 30 ára og eldri)
Verðdæmi með afslætti:
Nutriganics-dagkrem (50ml) **1867 kr.**










**Tea tree**-vörulínan fyrir unglinginn
Verðdæmi með afslætti:
Tea tree-dagkrem (50ml) **1035 kr.**

**C-vítamín**-vörutegundirnar mynda meðferðarlínu sem ljær hörundi jafnframt aukinn ljóma
Verðdæmi með afslætti:
C-vítamín-sermi (30ml) **2167 kr.**

**Wise woman**-vörulínan fyrir þroskaða húð (50 ára og eldri)
Verðdæmi með afslætti:
Wise woman-dagkrem (50ml) **3442 kr.**

**E-vítamín**-vörulínan fyrir blandaða/þurra húð
Verðdæmi með afslætti:
E-vítamín-dagkrem (50ml) **1117 kr.**

# THE BODY SHOP™

Kringlunni Smáralind Glerártorgi

# Herþjónusta Íslendinga í ESB?

Evrópumál

Þórir Stephensen
fyrrverandi Dómkirkjuprestur



Samtök ungra bænda birtu stórar, myndskreyttar auglýsingar í dagblöðum 28. maí sl. Þar var mynd af vel vopnaðri, brynvarinni bifreið og undir henni orðin: **Við viljum ekki senda afkomendur okkar í Evrópuherinn**. Jafnframt var vitnað til ræðu, sem Angela Merkel kanslari Þýskalands var sögð hafa flutt nokkru áður, þ.e. 13. maí. Ekki er nú vinnan við þessa auglýsingu beysin, því 13. maí flutti kanslarinn, samkvæmt heimasíðu frúarinnar, aðeins eina ræðu. Hana hef ég þegar lesið, og þar er hvergi að finna tilvitnunina, sem á að gefa auglýsingunni þungavigtina. Þó að dagsetningin sé e.t.v. aðeins mistök þess, sem upplýsingarnar gaf, teljast þessi vinnubrögð vart traustvekjandi fyrir málefnastarf Samtaka ungra bænda, enda tilgangurinn sá einn að koma blekkingum inn í umræðuna.

Þó að auglýsingin nefni ekki orðið „herskylda“, er hún samt lævísleg tilraun til að vekja upp ótta hér á landi um að herskylda gæti orðið eitt af því, sem aðild að ESB leiddi af sér. Enda þótt aðeins 7 af 27 þjóðum ESB hafi herskyldu, þá eru þær þó með heri. Einhverjum hefur að vísu dottið í hug að koma upp sameiginlegum her innan ESB, en það er fjarlægur möguleiki og háður samþykki allra aðildarríkjanna. Eins og ég hef áður nefnt í grein um þessi mál, þá fengu Írar samþykkta ákveðna yfirlýsingu, áður en þeir samþykktu Lissabonsáttmálann. Sú yfirlýsing segir allt, sem við þurfum að vita um þessi mál. Þær kröfur, sem ESB myndi gera til okkar, hvað þennan málaflokk snertir, yrðu miklu minni en þær, sem NATO gerir í dag, enda er ESB ekki hernaðarbandalag.

Í áður nefndri samþykkt koma einnig vel fram hugsjónir og göfug markmið samtakanna. Ég hef þegar aflað mér þessarar yfirlýsingar í íslenskri þýðingu og birti hana hér til að staðfesta skrif mín:

**C-HLUTI**
**ÖRYGGIS- OG VARNARMÁL**

„Aðgerðir Evrópusambandsins á alþjóðavettvangi fylgja meginreglunni um lýðræði, réttarreglu, algild og ódeilanleg mannréttindi og mannfrelsi, virðingu fyrir mannlegri reisn, jafnræðisreglunni og meginreglunni um samstöðu, sem og virðingu fyrir sáttmála Sameinuðu þjóðanna og þjóðarétti.

Sameiginleg stefna ESB í öryggis- og varnarmálum er óaðskiljanlegur hluti sameiginlegu stefnunnar í utanríkis- og öryggismálum og veitir ESB bolmagn til að takast á hendur verkefni utan ESB á sviði friðargæslu, forvarna gegn átökum og eflingar alþjóðaöryggis í samræmi við meginreglur sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Hún gengur ekki gegn öryggis- og varnarmálastefnu aðildarríkjanna, þ.m.t. Írlands, eða skuldbindingum neins aðildarríkis.

Lissabon-sáttmálinn hefur ekki áhrif á eða gengur gegn hefðbundinni stefnu Írlands um hlutleysi í hernaði.

Ef til hryðjuverkaárásar eða vopnaðra átaka kæmi á yfirráðasvæði aðildarríkis kæmi það í hlut aðildarríkjanna, þ.m.t. Írlands, í anda samstöðu og án þess að það gengi gegn hefðbundinni stefnu þess um hlutleysi í hernaði, að ákveða hvers konar hjálp eða aðstoð því yrði veitt. Sérhver ákvörðun um að grípa til sameiginlegra varna krefst einróma ákvörðunar leiðtogaráðsins. Það kæmi í hlut aðildarríkjanna, þ.m.t. Írlands, að ákveða, í samræmi við ákvæði Lissabon-sáttmálans og viðeigandi stjórnarskipuleg skilyrði sín, hvort gripið skuli til sameiginlegra varna eða ekki.

Ekkert í þessum kafla hefur áhrif á eða gengur gegn stöðu eða stefnu neins aðildarríkis í öryggis- og varnarmálum.

Það er einnig hvers aðildarríkis fyrir sig að ákveða, í samræmi við ákvæði Lissabon-sáttmálans og lagaskilyrði sín, hvort það tekur þátt í varanlegu, skipulegu samstarfi eða gerist aðili að Varnarmálastofnun Evrópu.

Í Lissabon-sáttmálanum er ekki kveðið á um stofnun evrópsks hers eða að kalla megi inn hermenn í hersveitir af neinu tagi.“

# Er RÚV dottið úr sambandi?

Ríkisútvarpið

Elín Skeggjadóttir
húsfreyja og tryggur útvarpshlustandi



Ég hef alltaf haldið að fyrirtækjum væri í mun að það sem þau hefðu fram að færa félli fólki í geð. Það virðist sem hjá RÚV sé þessu öfugt farið. Ekki var ég fyrr búin að jafna mig á því að Spaugstofan skyldi vera strokuð út en hafði þó á því ákveðinn skilning vegna of mikils kostnaðar. Dynur þá ekki yfir að þau ætla að skrúfa fyrir einn vinsælasta þáttinn á Rás 1 sem verið hefur um langa hríð. „Orð skulu standa“ hafa unnið sér þann sess að fágætt er og hafa stjórnendur gert hann með óvenjulegum ágætum. Og ekki aðeins þáttinn, heldur settu þau á markað spil sem heitir „Kollgátan“ og seldist það upp á skömmum tíma. Ég var svo heppin að fá þetta spil í jólagjöf og síðan þá hefur það verið í stöðugu láni til ungra jafnt sem aldinna, og spilað í öllum sumarbústaðaferðum og fjölskyldumótum hvers konar.

Allt þetta sýnir hve vel tókst með „Orð skulu standa“. Það efldi umræðu, vitund og áhuga á málinu okkar svo um munaði.

Því er þessi ráðagerð þeirra á RÚV óskiljanleg ... nema þeim sé illa við að fólk hlusti á útvarpið.

Annar þáttur er Andrarímur á sunnudagskvöldum sem margir sakna mjög. Og ef þið dirfist að segja að þetta sé nú bara gömul kerling að tuða þá er það út af fyrir sig rétt, en ekki flögrar að mér að biðja forláts á því nema síður sé og vitið þið hvað? Ég er meira að segja líka með kosningarétt. Pælið í því!

En nú vil ég gjarnan vera dálítið hjálpleg og legg hér fram sparnaðartillögur sem mætti íhuga áður en vandaðir þættir sem höfða til fólks á öllum aldri eru slegnir af:

Á Rás 2 eru oftlega þættir þar sem tveir ungir menn eru óþreytandi við að gaspra hvor upp í annan, flissandi að eigin aulabröndurum. Getur svona þáttur staðið í tvo eða þrjá tíma. Hvað kostar það? Í sjónvarpi horfa margir á boltann og ekki skal amast við því en er nauðsynlegt að safna saman mörgum mönnum til að „fjalla“ um leikina og hvað kostar það? Útlistanir þeirra eru eflaust mjög djúpvitrar, ég efa það ekki. Eru þetta aðeins tvö dæmi af ýmsum sem gætu hugsanlega sparað stofnuninni töluvert fé. Einnig mætti íhuga sjónvarpslaust kvöld einu sinni í viku eins og tíðkaðist um árabil því betra er að hafa enga dagskrá en lélega.

Ekki dettur mér í hug að minnast á dýra jeppa eða há laun, sei sei nei, en er kannski hægt að ætlast til að ráðsfólk á RÚV stingi sér í samband og skoði hverjum þau eiga að þjóna?

AF NETINU

## Erlendur veruleiki

Með Icesave ósamið, AGS á leið úr landi og enga pólitíska einingu um framtíðarstefnu og markmið er tíminn að renna okkur úr greipum. Sú stund færist æ nær þegar Norðurlöndin og AGS munu segja, hingað og ekki lengra. Þá rennur hinn kaldi raunveruleiki upp. Þá er að hrökkva eða stökkva. Þá verðum við að ákveða hvort við ætlum að vinna í sátt og samvinnu við okkar nágranna, eða standa einir og yfirgefnir og þrauka með höft og ósjálfbjarga skuldir.

blog.eyjan.is/andrigeir
**Andri Geir Arinbjarnarson**

airgreenland.com







## Höfuðborg Grænlands - spennandi áfangastaður

Þú færð nýja sýn á lífið í ferð til Nuuk. Í þessari aðlaðandi höfuðborg mætast fortíð og framtíð í götumynd gamalla tréhúsa og nýrra bygginga. Það er ógleymanleg tilfinning að sigla inn 100 km langan Nuuk fjörðinn með 1000 metra há fjöll á hvora hlið og sjá í fjarðarbotninum hvernig skriðjökulinn teygir sig ofan í sjó. Frá Nuuk er einnig upplagt að heimsækja þorpið Kapisillit og kynnast hefðbundnu veiðimannaþorpi í stórfenglegri náttúru.

**FLUG FRÁ KEFLAVÍK TIL NUUK, ÖNNUR LEIÐIN FRÁ AÐEINS 24.518,- ISK***
Skattar og gjöld innifalin.

*1.156 DKK. Miðað við Visa kortagengi 01.09.2010 og 21.21 ISK = 1 DKK, með fyrirvara um breytingar á gengi ISK.

50
1960-2010
air greenland



**Leikverkið Þetta er lífið… og om lidt er kaffen klar** verður frumsýnt í Iðnó á morgun. Sýningin er óður til lífsins og samanstendur af hugleiðingum, sögum og söng í flutningi Charlotte Bøving. Undirleikari er Pálmi Sigurhjartarson.




FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447



Gjafabréf Perlunnar
Góð tækifærisgjöf!



# 4ra rétta tilboðsseðill

Kryddlegin bleikja
*með rússneskri pönnuköku, dillrjóma og piparrótarsósu*

Humarsúpa
*rjómalöguð, með Madeira og grilluðum humarhölum*

Fiskur dagsins
*það ferskasta hverju sinni; útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar*

*** eða / Or ***

Lambatvenna
*með steinseljurótarmauki, aspas, rófu, soðkartöflu og basil-myntu gljáa*

Kókoshnetu Tapioca
*með steiktu mangói og lychee sorbet*

**Verð aðeins 7.290 kr.**

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hringbrot

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




Kryddjurtir eins og lavender og blóðberg rata oftar en ekki í sulturnar hjá Auði Ögn Árnadóttur.

# Leikur sér með bragðið

Stílistinn Auður Ögn Árnadóttir er ævintýragjörn þegar kemur að sultugerð og setur í þær alls kyns óhefðbundin bragðefni. Hún parar saman bláberjum og lavender og býr til krækiberjahlaup með blóðbergi svo dæmi séu nefnd. „Ég kaupi lavender í kryddhillunni í Tiger, set það í einnota tepoka sem ég fæ í Söstrene Grene og sýð með sultunni,“ segir Auður. Hún miðar við að setja eina matskeið af lavender á móti kílói af berjum og það sama á við um blóðbergið en markmiðið er ekki að kryddið taki yfir bragðið heldur gefi smávegis keim.

Auður hefur prófað alls kyns samsetningar. „Ég hef gert berjahlaup úr hrútaberjum, bláberjum, krækiberjum og kóríanderfræjum, rabarbarasultu með chilli og jarðarberjasultu með púðursykri svo dæmi séu nefnd, en púðursykurinn gefur sérstaklega góðan karamellukeim. Þá sýð ég alltaf rifsberjahlaup með vanillustöngum auk þess sem mér finnst gott að sjóða kanilstangir með bláberjasultu,“ upplýsir Auður.

Auður sýður niður í stórum stíl á hverju hausti og prófar ávallt nýjar samsetningar. „Það er langt síðan ég fór að gefa ættingjum mínum mat í jólagjafir enda eiga margir þeirra allt sem þarf og langar ekki endilega í enn eina styttu.“ Auður setur sulturnar í fallegar krukkur og merkir þær með ýmsum hætti og fallegt handbragðið leynir sér ekki. Hún rekur fyrirtækið Tilefni.is og tekur að sér að stílisera veislur, myndatökur, heimili og fyrirtæki. Þá hannar hún peppúða og aðrar textílvörur en þær er hægt að skoða nánar á facebook undir leitarorðinu tilefni. Hún gefur uppskrift að bláberjasultu en segir óhætt að prófa önnur ber og krydd.

*vera@frettabladid.is*

## KRYDDUÐ BLÁBERJASULTA

med kóríander og kardimommum

1-2 vanillustangir, skornar eftir endilöngu
7 bollar bláber
5 bollar sykur
safi úr einni sítrónu
2 tsk. sítrónubörkur, fínrifinn
2 tsk. fínrifið engifer
½ tsk. malaðar kardimommur
½ tsk. möluð kóríanderfræ

*Setjið öll innihaldsefni í pott og komið upp suðu, sjóðið í 1 mínútu og lækkið svo hitann á lægsta straum og látið malla í 20-30 mínútur. Setjið á sótthreinsaðar krukkur. Ef vill má krydda þessa sultu enn frekar með því að bæta út í hana ½ tsk. múskati, ½ tsk. af kanil og ½ tsk. af svörtum pipar.*








**Myndlistarmaðurinn Ráðhildur Ingadóttir** mun ræða innsetningu sína, Svefnljós, sem stendur nú yfir í Ásmundarsafni, í safninu á sunnudag klukkan 14.


# Cos hættir!
**Komdu núna og gerðu frábær kaup.**
**Útsölunni lýkur 7. September.**



Cos Glæsibæ



Yfirfærum myndbönd yfir á DVD
Verð frá 1196kr fyrir 30 mín
60mín 1596kr - 90mín 1996kr með afslætti
20% afsláttur



VHS - Hi8 - VHSC - miniDV - HDV
Gagnvirkni - Hamraborg 1
s. 517-4511 www.gagnvirkni.is
Tilboðið gildir til 30. sept. 2010




Hljómsveitin Caterpillar Men spilar framsækið rokk á Hljómalindarreitnum á löngum laugardegi á morgun milli klukkan 14.30 og 17.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Sumarauki í miðbænum

**Langur laugardagur verður í miðborg Reykjavíkur á morgun. Uppákomur verða víða um miðbæinn og munu tónlistarmenn og skáld troða upp ásamt því að nýjasta fatatískan verður sýnd.**

Listamenn munu troða upp víða í miðborginni á löngum laugardegi á morgun. Jakob Frímann Magnússon miðborgarstjóri segir daginn marka lokahnykkinn á íslensku tónlistarsumri í miðborginni.

„Þetta verður sumarauki í miðborginni þar sem tónlist, tíska, ljóð og gamanmál fléttast saman. Á Hljómalindarreitnum verður meðal annars „jam-session“ þar sem listamönnum gefst tækifæri á að að taka í hljóðfæri með hljómsveitinni Caterpillar Men. Ég tek jafnvel með þeim eitt „session“ sjálfur,“ segir Jakob.

Hljómsveitina Caterpillar Men skipa Zakarías Gunnarsson á bassa, Andri Þórhallsson á trommur, Ísak Örn Guðmundsson á gítar og Ingimundur Guðmundsson á hljómborð.

Hljómsveitin mun spila frá klukkan 14.30 til 15 þá getur fólk mætt með hljóðfærin sín og spilað með til klukkan 16. Caterpillar Men spila þá aftur milli klukkan 16.30 og 17. Zakaríasi Gunnarssyni líst vel á að miðborgarstjórinn muni jafnvel grípa í hljóðfærin með þeim. „Já, það er aldeilis! þetta vissi ég ekki,“ segir hann og lofar góðri stemningu á morgun.

„Þetta er ekki í fyrsta sinn sem við rokkum þetta pleis en við spiluðum á Hljómalindarreitnum á Gay Pride. Við spilum framsækið rokk og flytjum okkar eigin lög. Kannski tökum við líka eitthvað annað á morgun, ef okkur langar til.“

Fyrsta plata Caterpillar Men, Adopt a Monkey, kom út í fyrra en von er á tveimur plötum til viðbótar fyrir jól.

Auk tónleikanna á Hljómalindarreitnum verður farand-dúettinn Copy & Paste á ferðinni um bæinn og leggur af stað frá Ingólfstorgi klukkan 13. Á Lækjartorgi verður fatamarkaður og tískusýning klukkan 15 og fyrir ljóðaunnendur munu ljóðskáld flytja verk sín á Kassanum svokallaða, fyrir framan Kjörgarð.

Kassann segir miðborgarstjóri eiga að verða vettvang ljóða og ólíkra trúarhópa. „Þarna geta menn hrópað sinn fagnaðarboðskap yfir lýðinn, hvort sem er í bundnu máli eða innblásnu og óbundnu. Gerilsneydd erindi komast ekki á kassann.“

Við Hegningarhúsið á Skólavörðustíg klukkan 14 og 15 kemur fram hljómsveitin Gæðablóð og eru óvæntir gestir og góðkunningjar lögreglunnar velkomnir að sögn miðborgarstjóra. „Þetta verður fjölbreytileikinn í sinni víðustu mynd,“ segir Jakob Frímann.

*heida@frettabladid.is*


Virk efni í engifer ásamt reynslusögum viðskiptavina okkar hafa sýnt að engiferdrykkurinn aada hefur virkað vel á:

> Astma
> Deburð
> Magasýrur
> Meltinguna
> Bólgur
> Sogæðakerfið
> Gigt
> Orkuna
> Mígreni/höfuðverk
> Magavandamál
> Tíðarverki
> Flensu og hálsbólgu
> Ristilvandamál
> Sykurfíkn
> Eykur grunnbrennslu líkamans
> Ýmis húðvandamál
> Ýmis ofnæmi




Í engifer eru:
• Yfir 100 efnasambönd
• 12 andoxunarefni
• 17 efni sem þekkt eru fyrir sótthreinsandi eiginleika

Nú fæst aada í 300 ml og 2 lítra flöskum í völdum verslunum

www.mysecret.is Sími: 527-2777



# SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR
ALLT Á AÐ SELJAST

Tvö verð:
990 • 1990
ALLIR ÚTSÖLUSKOKKAR
4990

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUR

MINDX
Sími 534 0073
**Erum með opið á lau. kl. 11–16**
Við erum á fyrstu hæðinni í Firði.
FJÖRÐUR www.fjordur.is




Hægt verður að hjóla samtals tólf kílómetra á brautinni í Kjarnaskógi.
MYND/JOHAN HOLST

# Sérhönnuð hjólabraut

**Lengsta fjallahjólabraut landsins verður vígð í Kjarnaskógi á morgun.**

Ný sérhöfnnuð fjallahjólabraut í Kjarnaskógi við Akureyri verður vígð á morgun klukkan 10.

Hafist var handa við að leggja þriggja kílómetra langar brautir í Kjarnaskógi sumarið 2008 og vegna vinsælda meðal hjólreiðafólks var ákveðið að leggja fleiri í kjölfarið. Nú er svo komið að til er orðin sérhönnuð fjallahjólabraut, um tólf kílómetra hringur sem hægt er að hjóla og er jafnframt sú lengsta sinnar tegundar á landinu.

Vígslan fer fram við Snyrtihúsið Kjarnakot á morgun klukkan 10, eins og áður sagði, og eftir það leiðsögn um krefjandi fjallahjólaleiðir. Mælst er til að áhugasamir um að prófa brautina mæti með hjól og reiðhjólahjálm. *- rve*


## FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...

# Sígildar persónur á sveimi

**Ræningjarnir þrír, Soffía frænka, Lilli klifurmús og fleiri sögupersónur sem hafa sést á fjölum Þjóðleikhússins frá upphafi til dagsins í dag skemmta gestum í sextíu ára afmæli leikhússins á sunnudag.**



Þjóðleikhúsið er sextíu ára og efnir af því tilefni til afmælisveislu á sunnudag. Þar verður megináhersla lögð á barnaskemmtun enda hafa fjölmargar ógleymanlegar barnasýningar verið settar upp á fjölum leikhússins og margar persónur þeirra lifa enn þá góðu lífi.

„Við erum búin að setja saman hálftíma skemmtidagskrá þar sem við leiðum saman lykilpersónur úr nokkrum sígildum sýningum. Þarna verða ræningjarnir þrír, Lilli klifurmús, bakaradrengurinn, Soffía frænka og Litli Klaus svo dæmi séu nefnd. Allt ruglast þetta saman og fara ræningjarnir til að mynda að borða ofpipruðu piparkökur bakaradrengsins og fleira í þeim dúr,“ segir Þórir Hrafnsson markaðs- og kynningarstjóri Þjóðleikhússins.

Afmælisdagur Þjóðleikhússins er 22. apríl og var afmælissýningin Íslandsklukkan frumsýnd um svipað leyti. „Nú hefjum við leikárið með því að bjóða til veislu,“ segir Þórir. Hann segir húsið koma til með að sprikla af fjöri. „Hér verða Fíasól og Ingólfur Gaukur hlaupandi um alla ganga ásamt prinsessunni í leikritinu Ballið á Bessastöðum sem verður frumsýnt eftir jól. Krakkar geta látið taka mynd af sér með henni auk þess sem alls kyns prinsessudót verður til sýnis. Þá eru börnin sérstaklega hvött til að koma í eigin búningum hvort sem það eru prinsessukjólar eða annað,“ segir Þórir. Hann segir gestum og gangandi verða boðið upp á grillaðar pylsur og afmælisköku. „Sá sem öllu ræður er svo búinn að lofa sautján stiga hita og sól svo þetta getur ekki orðið annað en skemmtilegt.“

*vera@frettabladid.is*



Afmælisgestir koma til með að sjá gamalkunnar sögupersónur í bland við nýjar lifna við í Þjóðleikhúsinu á sunnudag. Hér hefur Þórir komist í búningageymslu leikhússins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN





heilsuakademían

Næstu námskeið hefjast
6. september

Landsins mesta úrval námskeiða:

Herþjálfun
Lífsstílsnámskeið
Karlapúl
Fit-Pilates
Box brennsla
TRX
Robe Yoga
Pole Freestyle
Sci-Fi
Opnir tímar



Hreyfing – heilbrigði – skemmtun

Gymstick Nordic
Walking
Herþjálfun ungliða
Eitt L.Í.F.
Tarzan námskeið
Breakdans
Dans
Sundskóli
Gæsanir/Steggjanir

Endurbætt Egilshöll

Frábært haust tilboð
Árskort í tækjasal aðeins 35.990 kr.
Opið hús 4. september. Fjöldi námskeiða í boði!
Dansnámskeið dansskóla Birnu Björns hefjast 6. september

Dansskóli Birnu Björns

Heilsuakademían Egilshöll – 594 9666 – ha.is – ha@ha.is



**Mokka** er elsta kaffihúsið í borginni, þar sem heitt súkkulaði og vöfflur eru meðal annars í boði.


vera

GALLA-
STRETCH-
BUXURNAR
KOMNAR
3 SNIÐ

olsen sandwich_

vera • Laugavegi 49
Sími 552 2020


Laugavegur er helsta verslunargatan í miðbæ Reykjavíkur. Hún liggur frá Bankastræti í vestri að Kringlumýrarbraut til austurs. Þar tekur Suðurlandsbrautin við. Lagning Laugavegar var samþykkt í bæjarstjórn árið 1885. Hann átti að auðvelda fólki ferðir í þvottalaugarnar sem gatan dregur nafn sitt af.

is.wikipedia.org

# Haustvindar blása

**Nú þegar kólna fer í veðri er gott að eiga góðan hatt, trefil eða hanska til að klæða af sér kuldann. Á Laugaveginum er að finna nokkrar verslanir sem selja fylgihluti fyrir alvöru herramenn.**

Þegar veturinn nálgast og kuldaboli bítur í kinnarnar sem eiga sér einskis ills von eftir gælur sumarsólarinnar er gott að eiga trefil, hanska og jafnvel hatt til að verjast ágangi hans.

Flottir fylgihlutir gera líka mikið fyrir heildarsvipinn og ekki verra að vera svolítið herramannslegur þegar gengið er um götur borgarinnar á rómantískum haustkvöldum.

*emilia@frettabladid.is*



Kormákur og Skjöldur
Kjörgarði Laugavegi 59.
**4.500 kr.**



Verslun Guðsteins
Laugavegi 34.
**3.900 kr.**



Karlmenn
Laugavegi 7.
**7.900 kr.**



Verslun Guðsteins
Laugavegi 34.
**4.900 kr.**



Kormákur og Skjöldur
Kjörgarði Laugavegi 59.
**7.900 kr.**



Sævar Karl
Bankastræti 7.
**29.800 kr.**



Cintamani Center
Laugavegi 11.
**7.490 kr.**




ANNA MARÍA DESIGN
GULLSMIÐUR
Handsmíðað
Skólavörðustígur 3
Sími 551 0036
www.annamariadesign.is

JANUSBÚÐIN
ULLARFATNAÐUR Á ALLA FJÖLSKYLDUNA!
NÝJAR VÖRUR Í REYKJAVÍK!
100 % MERINO ULL



LAUGAVEGI 25
REYKJAVÍK
S. 552-7499
JANUS
HAFNARSTRÆTI 99-101
AKUREYRI
S. 461-3006

Tilboð gildir alla daga...

Supertilboð
fyrir 2 eða fleiri gesti
Djúpsteiktar rækjur
með súrsætri sósu
Ýsu með sweetchilli sósu
Jian Pao svínakjöt
Steiktar eggjanúðlur með grænmeti
Jasmin hrísgrjón
Kr. 1.350 á mann

Combotilboð
fyrir 2 eða fleiri gesti
Djúpsteiktar rækjur
með súrsætri sósu
Heimabakaðar vorrúllur
Kung Pao kjúklingur
Steiktar eggjanúðlur
Jasmin hrísgrjón
Kr. 1.495 á mann

Tian
Austurlenskt Hádegishlaðborð
með 10 heitum réttum- Oriental Buffet



Mán - Fös frá 11:30-13:30
Kr. 1.590

Tian Chinese Restaurant Grensásvegi 12 S: 568 19 19 www.tianmatur.is

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉT 3. september 2010




# DANSVÆNIR STUÐ-DRENGIR

Félagarnir Hrafnkell Flóki Kaktus Einarsson og Guðlaugur Halldór Einarsson skipa teknódúettinn Captain Fufanu.

+ REYKJAVÍK DANCE FESTIVAL + DEAD DRUNK BUT TRYING + WWW.TOTA.IS
HLÝJAR HAUSTFLÍKUR FRÁ MISSONI + FORBOÐNA RÓSIN FRÁ AVRIL LAVIGNE





FRÁBÆRT FARTÖLVUTILBOÐ

**Acer Aspire 5541-303G32M**
- Acer Aspire 5541-303G32Mn
- 2.0Ghz AMD Athlon II Dual Core Mobile M300 örgjörvi
- 3GB DDR2 minni
- 320GB SATA diskur
- DVD og CD skrifari
- 15.6" WXGA LED breiðskjár
- ATI Radeon HD 4200 PCI-Express skjákort
- Windows 7 Home Premium

Kr. 97.950

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

# núna
✻ dansinn dunar

helgin MÍN



## VIGDÍS HREFNA PÁLSDÓTTIR LEIKKONA

Ég ætla að byrja helgina á að sjá leiksýninguna Dvergurinn hjá Agli Heiðari, vini mínum, á listahátíðinni Lókal. Á laugardagskvöldið ætla ég að gefa öllu góða fólkinu sem hefur hjálpað okkur við að flytja bjór. Á sunnudaginn verð ég svo í gervi Rauðhettu allan daginn á opnu húsi hjá Þjóðleikhúsinu, í tilefni af 60 ára afmæli þess.

### Nakin fegurð í vikunni

Íslenski listahópurinn The Weird Girls Project frumsýnir eftir helgina ellefta vídeóverk sitt. Ekki hefur enn þá verið gefið upp hvar eða hvernig verkið verður afhjúpað en víst er þó að þess er beðið með eftirvæntingu. Myndirnar sem sést hafa úr verkinu eru ævintýralega fallegar en á þeim klæðast stúlkurnar engu nema blómakrönsum. Það má því búast við að margir hlakki til að sjá útkomuna í hreyfimynd. Í hópnum eru hátt í sextíu ólíkar stúlkur sem taka þátt í verkefnum sem listakonan Kitty Von Sometime er forsprakki fyrir. Í þessu nýja verki hljóma undir ljúfir tónar tónlistarmannsins Ólafs Arnalds.



### Tískuspírur selja spjarir

þetta HELST

Fatamarkaðirnir halda áfram að spretta upp, mörgum til ánægju enda aldrei leiðinlegt að gera góð kaup. Á laugardaginn á milli 12 og 18 ætla þrjár smekkmanneskjur að selja spjarir sínar á Prikinu, vinkonurnar Anna Soffía, Sylvía og Svala Lind. Það verður örugglega vel þess virði að kíkja við hjá þeim, enda hafa þær allar unnið hjá einni af helstu vintage-verslunum landsins, Rokki og rósum. Þær verða með mikið magn af kápum, kjólum, jökkum, peysum, skóm og töskum.



Dansverkið Falling in love with Nina frumflutt á Reykjavík Dance Festival á morgun:

# TVÍRÆÐNI HLUTANNA

Dansverkið Falling in love with Nina er eitt þeirra níu verka sem eru frumflutt á Íslandi á Reykjavík Dance Festival sem nú stendur yfir. Höfundur verksins er Steinunn Ketilsdóttir, sem er reyndur danshöfundur og einn aðalskipuleggjenda hátíðarinnar í ár. „Þetta er sólóverk sem ég gerði fyrir Katrínu Johnson, góða vinkonu mína og dansara í Íslenska dansflokknum. Ég fékk ákveðna hugmynd um verkið og Katrín var fyrsta manneskjan sem kom upp í hugann á mér fyrir það.“

Steinunn og Katrín áttu í náinni samvinnu við að skapa verkið og og eyddu meðal annars tíma saman á Skagaströnd og sólarströnd í Portúgal. Verkið byggir ekki eingöngu á dansi, heldur að stórum hluta til á texta eftir Steinunni. „Inn í þetta fléttast pælingar um lífið og ástina, dauðann og tvíræðni hlutanna. Er til dæmis eitthvað sem lítur út fyrir að vera fallegt í raun og veru fallegt, ef þú staldrar við og horfir á það? Við erum oft á svo mikilli ferð í þessu lífi að við gleymum að staldra við, horfa í kringum okkur og upplifa. Það er nefnilega þá sem maður sér smáatriðin og hnökrana í lífinu. Þetta var mjög sterkur útgangspunktur hjá mér í verkinu.“



**Vinkonur** Katrín Johnson flytur verk vinkonu sinnar, Steinunnar Ketilsdóttur, á Reykjavík Dance Festival um helgina.
FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN

Falling in love with Nina verður sýnt í Norðurpólnum á laugardags- og sunnudagskvöld klukkan átta. Norðurpóllinn er einn af þremur sýningarstöðum Reykjavík Dance Festival en hinir eru Hafnarhúsið og Brim-húsið niðri við höfn, þar sem meðal annars fer fram miðnætursýning í kvöld undir stjórn Valgerðar Rúnarsdóttur.

Aðrir þátttakendur á hátíðinni eru meðal annarra Erna Ómarsdóttir, Isabelle Schad, þekktur danshöfundur frá Berlín, og fjöllistahópurinn Muscle and Hate Crew.

Allar nánari upplýsingar um dagskrá hátíðarinnar má nálgast á heimasíðunni www.dancefestival.is. *- hhs*




Drukknir þátttakendur vekja athygli:

# Gera grín á Netinu

Hluti af húmornum er hversu mikið við leggjum í þátt af þessu tagi. Ef þetta værum bara við vinirnir heima í stofu að hlæja, tekið upp á lélega myndavél, þá væri þetta ekki jafn flott,“ segir Magnús Ingi Sveinbjörnsson sem, ásamt nokkrum vinum sínum, framleiðir íslensku grínþættina Dead Drunk But Trying sem sýndir eru á YouTube.

Þættirnir ganga út á að leiða saman tvo keppendur sem innbyrða mikið magn af áfengi áður en þeir reyna að leysa einfaldar þrautir, sem vefjast fyrir drukknum þátttakendunum með kostulegum afleiðingum.

Magnús Ingi fékk hugmyndina að þáttunum þegar hann var staddur heima hjá vini sínum, sem var að setja saman hillu úr Ikea. „Skyndilega datt mér í hug hvort ekki væri fyndið að gera þetta ef við værum fullir. Tíu mínútum síðar vorum við komnir með hugmyndina að þáttunum og tókum fyrsta þáttinn upp daginn eftir,“ segir Magnús.



**Magnús Ingi Sveinbjörnsson, lengst til hægri, ásamt vinum sínum sem hjálpa til við gerð þáttanna.**
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hann segir þættina hafa vakið mikla athygli, meðal annars frá bandarískri sjónvarpsstöð. „Við ætlum að gera sex eða sjö þætti í fyrstu seríunni og frumsýna þættina á tveggja vikna fresti,“ segir Magnús, en nú þegar er hægt að horfa á tvo fyrstu þættina á YouTube. *- kg*

✻ augnablikið



**Í GERVI GOÐSINS** Frá dauða poppgoðsins Michaels Jackson hafa aðdáendur hans safnast saman í Prospect Park í Brooklyn á afmælisdegi hans, 29. ágúst. Margir bregða sér í gervi goðsins honum til heiðurs.
MYNDD/GETTY

föstudagur
**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Valgarður Gíslason
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Hallgrímsdóttir
*sigridurh@365.is sími 512 5432* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000


21% AFSLÁTTUR
af sófum og stólum. 3 - 9 september
Áður: 113.900,-
Nú: 89.981,-
Áður: 149.900,-
Nú: 118.421,-
NÝTT haust 2010
Áður: 75.900,-
Nú: 59.961,-
Sófasett Notalegt sófasett á þægilegu verði
NÝTT haust 2010
Áður: 79.900,-
Nú: 63.121,-
Áður: 55.900,-
Nú: 44.161,-
Sófi og stóll
Má bjóða þér sæti?
Tveir baststólar og borð
Áður: 54.900,-
Nú: 43.371,-
GLÖSIN ERU KOMIN
ótrúlegt verð kr. 390-490
Stóll Áður: 85.900,-
Nú: 67.861,-
NÝTT haust 2010
Stóll Áður: 75.900,-
Nú: 59.961,-
Púðar Raðaðu saman litum og munstri
verð frá 1.490,-
NÝTT haust 2010
Ódýra hornið
Gjafapokar
290,- og 390,-
the PIER
kemur stöðugt á óvart
www.pier.is
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# núna

✻ töfrandi tíska



**KISULEG ÞÓTT RIGNI** Hlébarðaskinn er heitt í haust. En það fer ekki alltaf vel með skinnið að vera úti í haustrigningunni. En því má redda með því að fjárfesta í hlébarðagúmmístígvélum frá Topshop til að klæðast á blautum dögum.

Hönnun hárgreiðslukonunnar Tótu Jóhannesdóttur vel tekið í Svíþjóð:

# TILBÚIN AÐ SLEPPA HÁRINU

Kjólar, jakkar og annar fatnaður eftir Tótu Jóhannesdóttur, sem hún hannar undir eigin nafni, hafa verið til sölu á vinsælum sænskum tískusíðum á borð við Shallamalla og Glitzy. Ekki er þó lengra en eitt og hálft ár síðan Tóta flutti til Stokkhólms og ákvað að reyna fyrir sér í heimi tískunnar þar. „Það hefur gengið framar vonum hjá mér og ég er mjög sátt við þann stað sem ég er komin á núna,“ segir Tóta. „Ég byrjaði strax á því að setja upp sýningu þegar ég kom hingað út. Ég var ekki beinlínis vel tengd inn í sænska tískuheiminn. En svo fann ég „lókal“ sem var mjög flott fyrir tískusýningu og hún gekk rosalega vel. Það virðist virka hérna að koma með góða hugmynd og vera til í að leggja svolítið á sig, þá er fólk tilbúið til að aðstoða mann.“

Þessi fyrsta sýning varð til þess að Tótu bauðst að selja hönnun sína á fyrrnefndum síðum. „Báðar línurnar sem ég hef verið með hafa selst upp og nú er ég að vinna í nýrri línu fyrir vefsíðuna www.nelly.com, sem er mjög vinsæl alþjóðleg tískusíða með marga hönnuði á sínum snærum, bæði stór nöfn og minni.“

Tóta er hárgreiðslukona að mennt en hefur þó lengi verið í því að hanna sjálf. „Ég á hlut í hárgreiðslustofunni 101 Hárhönnun á Skólavörðustíg en hef alltaf verið að hanna samhliða því. Fyrir um fimm árum tókum við okkur til tvær á Skólavörðustígnum og ákváðum að loka Skólavörðustígnum og halda tískusýningu. Þá byrjaði ég á því að sjá um hárið en strax næsta ár var ég með mína eigin línu. Við héldum þessu árlega eftir það.“

Eins og er vinnur Tóta hálft starf á hárgreiðslustofu en segist sjá fram á að kveðja hárið og einbeita sér alfarið að hönnuninni í náinni framtíð. Eftir áramótin ætlar hún að fara í klæðskeranám, sem hún vonast eftir að muni leiða hana áfram í hönnun undir eigin merki. Þangað til verður hún á kafi í hönnun fyrir Nelly, en sú lína er væntanleg í desember næstkomandi. *- hhs*



**Frá sumarsýningu Tótu** Fatnaður frá Tótu Jóhannesdóttur hefur verið til sölu á nokkrum vinsælum sænskum tískuvefsíðum. MYNDIR/ÚR EINKASAFNI




**Ný sending**

**af efnum og sniðum**

FÖNDRA

www.fondra.is

**Dalvegi 18, Kóp. - Sími 568 6500 - www.fondra.is**

Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16


# HLÝIR HAUSTSTRAUMAR

Aðdáendur hlýrra prjónaflíka falla vafalaust í stafi yfir haust- og vetrarlínu ítalska tískuveldisins Missoni. Línan er vægast sagt girnileg en í henni er að finna flíkur í öllum regnbogans litum, allt frá síðum peysum, til stuttra jakka og fallegra kjóla.






**Vilt þú æfa í hádeginu?**

**Þá gæti Hraðlestin hentað þér!**

Byrjendur: Þri og fim kl. 12.10
**Verð: 10.900,-**

Framhald: Mán, mið og fös kl. 12.10
**Verð: 13.900,-**

HEILSUBORG

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík
sími 560 1010 • www.heilsuborg.is


Við erum ódýrari
VEIÐIPORTIÐ
Veiðiportið • Grandagarði 3 • Sími 552 9940
Útsalan í fullum gangi
25%–65% AFSLÁTTUR
Í 4 DAGA
30° – 0 m/sek.
Sumir veiðifélagar eru
einfaldlega fallegri en aðrir.
OPNUNARTÍMAR
Á ÚTSÖLUNNI
FÖSTUDAG 9–19
LAUGARDAG 9–17
SUNNUDAG 10–16
Öndunarvöðlur frá 14.900 kr.
Tvíhendur 14 fet frá 19.900 kr.
Kasthjól frá 2.500 kr.
Fluguhjól frá 2.500 kr.
Polaroid gleraugu frá 1.500 kr.
Sjóstangir frá 3.900 kr.
Flökunarhnífar frá 1.900 kr.
Sæta áklæði 2 stk. 4.500 kr.
Allar laxaflugur 250 kr.
Silungaflugur 2 verð 100 og 150 kr.
Spúnar 275 kr.
Allar flugulínur 25% afsl.
Allir vöðlujakkar 25% afsl.
Allar flugustangir 20%–30% afsl.

# DANSVÆNIR STUÐDRENGIR

**_Hrafnkell Flóki Kaktus Einarsson_ og _Guðlaugur Halldór Einarsson_ kynntust fyrir tveimur árum í Borgarholtsskóla. Saman skipa þeir teknódúettinn Captain Fufanu og eru taldir vera bjartasta vonin innan íslenskrar danstónlistarsenu. Tónlist þeirra er meira að segja svo dansvæn að kona var handtekin fyrir að dansa hressilega við þeirra tóna á menningarnótt.**

*Viðtal:* **Álfrún Pálsdóttir**
*Ljósmyndir:* **Valgarður Gíslason**



**Samstilltir** Hrafnkell og Guðlaugur ná vel saman og eiga auðvelt með að spinna tónlist á staðnum þegar þess gerist þörf.

Já, það var mega fyndið. Hún var að dansa uppi á svölum fyrir ofan þar sem við vorum að spila. Svo byrjaði hún að sveifla kertastjaka og áfengisflösku út af svölunum. Fólk var byrjað að espa hana upp og þetta var farið verða svolítið hættulegt. Hún kastaði meira að segja heilu stóru brauði niður á áhorfendur. Svo kom löggan og þá klöppuðu allir. Mikið stuð,“ segir Hrafnkell hlæjandi og bætir við að það hafi verið mjög gaman að spila í miðbænum á menningarnótt.

„Já, það var mjög gaman að spila um kvöldið því það voru svo margir að labba framhjá og taka myndir. Meira að segja gamlir karlar voru að taka myndir og skoða bak við borðið okkar,“ segir Guðlaugur en hljómsveitin Captain Fufanu er ekki einungis með tölvur fyrir framan sig þegar þeir spila en þeir grípa í hin ýmsu hljóðfæri til að fá fram rétta tóna og jafnvel syngja þegar þannig liggur á þeim.

## GRÁR KÖTTUR Í SMEKKLEYSU

Hrafnkell Flóki kemur frá Reykjavík og Guðlaugur er frá Þorlákshöfn en nýfluttur til Reykjavíkur. „Ég bjó í Þorlákshöfn í átta ár og er loksins fluttur hingað,“ segir Guðlaugur og brosir en hann viðurkennir að það hafi ekki alltaf verið auðvelt að búa í litlu bæjarfélagi. „Það voru ekki margir á mínum aldri sem höfðu áhuga á sömu tónlist og ég, þess vegna var ánægjulegt að kynnast Hrafnkeli í Borgó.“ Strákarnir kynntust á listnámsbraut og eru að hefja sitt þriðja ár í skólanum um þessar mundir. „Ég kannaðist samt við Hrafnkel þegar ég byrjaði í skólanum því hann var alltaf að vinna í Smekkleysu og ég var þar eins og grár köttur í grunnskóla. Fór í hvert sinn sem ég kom í bæinn.“

„Ég vissi ekki um neinn annan á mínum aldri sem hlustaði á svona tónlist og það kom okkur í rauninni báðum mjög mikið á óvart að við skyldum hlusta á sömu tónlist,“ segir Hrafnkell og bætir við að þeir hafi fyrst orðið vinir og síðan hafi það leitt til að þeir byrjuðu að semja saman tónlist og stofna hljómsveitina. Þeir tóku þátt í Músíktilraunum árið 2009 og spiluðu á þó nokkuð mörgum tónleikum það ár. Nú virðast félagarnir ætla að taka þetta með trompi og eru meðal annars að spila í afmæli Partýzone um helgina.

## BESTA SENAN Í ÞÝSKALANDI

„Ég hef verið að gera raftónlist síðan ég var í níunda bekk,“ segir Guðlaugur og bætir við að hann hafi ekki verið mikið að sækja diskótekin á grunnskólatímabilinu. „Nei, mér fannst ekki nógu kúl að mæta á böllin í grunnskóla enda fílaði ég ekki tónlistina,“ segir Guðlaugur og rifjar upp þegar Captain Fufanu var beðin um að spila á einu grunnskólaballi fyrir nokkru síðan. „Vá, það var alveg spes. Það voru bara allir að borða nammi og sátu meðfram veggjunum. Enginn þorði að dansa heldur. Maður var alveg búinn að gleyma diskótekunum í grunnskóla,“ segir Hrafnkell hlæjandi.

Nú er Captain Fufanu að fara að spila á Iceland Airwaves í annað skipti og tekur þátt í sinni fyrstu erlendu tónlistahátíð í nóvember. Draumurinn er samt að komast til Þýskalands. Til að spila og drekka í sig danstónlistarmenninguna sem að þeirra sögn er sú stærsta og besta í heimi.

„Í Þýskalandi kann fólk að meta þessa tónlist og þar þekkir fólkið muninn á góðri og vondri danstónlist,“ segir Hrafnkell og Guðlaugur er sama sinnis: „Það væri algjör draumur að komast til Þýskalands og spila. Þar þekkir fólk til dæmis „drop“ í lögum og finnur ef það er góð skipting og taktur,“ segir hann.

## ENGIR PLÖTUSNÚÐAR

Captain Fufanu er oft tekin í misgripum fyrir plötusnúða á skemmtistöðum og gestir átta sig oft ekki á því að strákarnir eru að spila sína eigin tónlist. „Við höfum oft lent í því að fólk komi til okkar og biðji um óskalög. Einu sinni vorum við að spila á Venue og þá kom stelpa og bað okkur um að spila Lady Gaga. Ég sagði henni að við værum að spila okkar tónlist en hún var ekki alveg að skilja það. Vildi bara Lady Gaga,“ segir Hrafnkell hlæjandi, en hann varð að valda stelpunni vonbrigðum.

Strákarnir segjast ná ótrúlega vel saman og að þeir geti spunnið tónlist á staðnum ef það þarf. „Já, við þekkjum inn á hvorn annan og við vitum oftast hvað hinn ætlar




## * bak við tjöldin



**Besti bitinn í bænum:**
Í Múlakaffi.

**Besti tími dagsins:**
Þegar sólin skín hæst.

**Fyrirmyndin í lífinu:**
Keyboard Cat.

**Uppáhalds Íslendingurinn:**
Palli C.

**Hvar sjáið þið ykkur eftir fimm ár:**
Fimm barna feður.



að gera næst. Það er mjög þægilegt og náttúrulega alveg fullkomið þegar maður er að spila danstónlist og semja á staðnum," segir Hrafnkell og tekur sem dæmi tónleikana á menningarnótt. Þá voru þeir beðnir um að spila aðeins lengur vegna þess að það var svo góð stemning og þá spunnu þeir bara upp tónlist á staðnum.

## DJÚPT OG TAKTFAST TEKNÓ

„Þegar við byrjuðum að semja og spila saman fannst okkur allt geðveikt sem við gerðum. Hver einasti taktur og hvert einasta lag. Núna þori ég eiginlega ekki að hlusta á það sem við vorum að semja," segir Guðlaugur og Hrafnkell hlær. „Nú er sigtið orðið þrengra og við komnir með mikla fullkomnunaráráttu. Svo erum við líka búnir að breytast og finna okkar sánd."

Guðlaugur tekur í sama streng og segir að þeir séu meira að gera djúpt og taktfast teknó en elektrópopp eins og þeir byrjuðu að gera. „Þegar ég byrjaði að gera svona tónlist var ég mikið að hlusta á Chromeo og Kraftwerk eða svona danstónlist frá níunda áratugnum. Nú erum við komnir inn í dýpra teknó."

Captain Fufanu er komin með meira en nóg efni í plötu en útgáfa er samt ekki á dagskránni ennþá. Strákarnir vilja meina að það sé ekki markaður fyrir heila plötu með danstónlist heldur sé meira verið að gefa út eitt og eitt mix og það selt á netinu.

„Við stefnum frekar á að gefa tónlistina okkar út á netinu og selja hana þar. Danstónlist selst miklu frekar á netinu en auðvitað væri gaman að gera plötu einhvern tímann í framtíðinni," segir Hrafnkell.

## FERÐAST UM ALLAN HEIM

Hrafnkell er trompetleikari og var meðal annars liðtækur meðlimur Lúðrasveitar Reykjavíkur á sínum yngri árum. Hann er alls ekki óvanur því að standa á sviði og koma fram en hann hefur spilað úti um allan heim með hljómsveit föður síns, Einars Arnar Benediktsonar, Ghostigital. Sú reynsla á eflaust eftir að nýtast strákunum þegar þeir halda í fyrsta sinn út fyrir landsteinana til að spila á teknótónlistarhátíðinni, Insomnia, í Tromsö í Noregi í nóvember.

„Ég hef ferðast út um allan heim með pabba og spilað og fékk heilmikla reynslu út úr því sem ég get tekið með mér í þessa ferð," segir Hrafnkell en Guðlaugur grípur fram í: „Þetta er samt ekki eins, enda varstu þá að spila tónlist pabba þíns. Þá var ekki jafn mikið í húfi fyrir þig eins og núna þegar við erum að koma okkar eigin tónlist á framfæri, eða hvað?" spyr Guðlaugur og Hrafnkell kinkar kolli: „Jú, algjörlega, þetta er allt öðruvísi. Nú þarf maður að gera þetta allt sjálfur. Þó að vissulega sé pabbi góður í að gefa okkur ráðleggingar er hann jafnframt okkar stærsti gagnrýnandi. Sem er mjög gott og við kunnum vel að meta þann stuðning."

Guðlaugur kinkar kolli og segir að margir haldi að Einar Örn hafi hjálpað þeim að komast áfram og reddað þeim að spila á tónleikum. Það sé mikill misskilningur. „Ég held að það séu ekki neinir tónleikar sem hann hefur reddað fyrir okkur, við höfum verið sjálfir að vinna í þessu á fullu og svo hefur þetta bara allt saman undið upp á sig."

## PARTÝZONE UM HELGINA

Um þessar mundir heldur danstónlistarþátturinn Partýzone upp á 20 ára afmæli og eru strákarnir sammála því að þátturinn, sem er á laugardagskvöldum á Rás 2, hafi haldið danstónlistarsenunni á lífi á Íslandi. „Ég hef alltaf hlustað mikið á Partýzone-þættina. Til að vita hvað er nýtt í gangi og svona," segir Guðlaugur og bætir við að það séu ótrúlega margir farnir að hlusta á elektró og teknó í dag og að það sé að hluta til Partýzone að þakka.

Þeir sem vilja sjá og heyra strákana í Captain Fufanu á sviði geta barið þá augum á afmælishátíð Partýzone á Nasa annað kvöld.





# tíðin

*góðar hugmyndir*



**DJ HERO** innra með ansi mörgum býr bullandi plötusnúður sem bíður eftir að verða leystur úr læðingi. Það er nú hægt með þessum tölvuleik frá activision, þar sem þátttakendur skratsa, krossfeida og bítskipta á víxl til að safna stigum. Ekki skemmir fyrir að geta valið sér svöl dj-nöfn. Stórskemmtilegt.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**HÚFUR** Hef allt-af átt mjög mikið af húfum, derhúf-um og höttum. óútskýranleg þrá-hyggja.



## ARNALDUR BRAGI JAKOBSSON

**nemi**

**TOPP 10**



**SJÓNVARPIÐ** Sjónvarpið er mjög góð leið til að eyða dauðum tíma, bæði í að krota á það og horfa á það.



**GLERAUGU** Þessi sólgleraugu settist ég á rétt eftir að ég fékk þau, en kippti því í liðinn með því að líma bandið á þau. Þökk sé því haldast þau alltaf á mér.



**SNJÓBRETTIÐ** Eitt það besta við veturna er að geta farið á snjó-bretti með vinunum.



**SKISSUBÆKURNAR** Alltaf gott að geta krotað í bækur þegar maður fær góðar hugmyndir.



**GRJÓNAPUNGUR** Fátt er þægi-legra en að hlamma sér í grjóna-punginn fyrir framan sjónvarpið á rólegum kvöldum.



**BLAUTBÚNINGURINN** Ég keypti blautbúning-inn á lögregluuppboði á stolnum munum í Dan-mörku fyrir lítið sem ekkert. Ég hef notað hann ótrúlega mikið í hina heimskulegustu hluti.



**KINDIN** Þessa hauskúpu fann ég uppi á fjalli í útilegu þegar ég var lítll og ætlaði alltaf að gera ljósakrónu úr henni en hef enn ekki komið því í verk.



**TÖLVAN** Er nýbúinn að fá þessa tölvu, veit ekki hvar ég væri án hennar.



**LONGBOARDIÐ** Ég fer allt á þessu bretti, á Ís-landi sem og í útlöndum. Án efa besta fjárfesting ævinnar.









## Forboðna RÓSIN

Söngkonan Avril Lavigne er meðal fjölmargra stjarna sem leggja nafn sitt við ilmvötn. Nýi ilmurinn hennar heitir Forbidden Rose og er nafn ilmsins áskorun til stúlkna að vera djarfar og yfirstíga hindranir, finna spennuna í því og brjóta allar hömlur. „Ég vildi skapa ilm þar sem einstakur hugblær fyrri ilmsins míns er dýpkaður og tilfinningin mögnuð með dulúð og dálítlum töfrum,“ segir Avril um ilminn nýja. Í Forbidden Rose má merkja samspil ávaxta-, blóma- og viðartóna. Glasið er viðeigandi fyrir skilaboðin sem ilminum fylgja. Tappinn er í líki svartrar rósar og um háls glassins er silfraður gaddavír sem má taka af og nota sem hring.

# Apótekið þitt

í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2.






*Reykjavíkur Apótek er sjálfstætt starfandi apótek sem leggur áherslu á persónulega þjónustu og hagstætt verð. Apótekið er í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2.*

## Frí heimsendingarþjónusta til eldri borgara og öryrkja.

**AFGREIÐSLUTÍMI**

9–18:30 virka daga

10–16:00 laugardaga

**Reykjavíkur Apótek**


Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

# *Taktu hlýlega*

## Hjá Hrafnhildi
Engjateig 5 – 108 Reykjavík
S: 581-2141



**Litur: Svartur og blár**
**Stærð: 34–48**
**Verð: 49.900 kr.**



**Litur: Rauður**
**Stærð: 36–46**
**Verð: 26.900 kr.**



**Litur: svartur**
**– ekta skinn á kraga**
**Stærð: 36–48**
**Verð: 59.900 kr.**

## Cosmo
Kringlunni
S: 568-9980



**Litir: Svart**
**Stærð: 38–42**
**Verð: 39.900 kr.**



**Litir: Svart**
**Stærð: SM + ML**
**Verð: 49.900 kr.**



**Litir: Svart**
**Stærð: 1–4**
**Verð: 24.900 kr.**

## Warehouse
Smáralind og
Kringlunni
S: 517-3290



**Litir: Drapplituð**
**Verð: 14.990 kr**

## Oasis
Smáralind, Kringlunni
og Debenhams
S: 553-5111



**Litir: Beinhvítur**
**og dökk grár**
**Stærð: 8–16**
**Verð: 22.990 kr.**



**Litir: Svart, drappað og rautt**
**Stærð: 8–16**
**Verð: 22.990 kr.**



**Litir: Dökk grár og**
**fjólublár**
**Stærð: 8–16**
**Verð: 24.990 kr.**



**Litir: Rauður**
**Stærð: 8–16**
**Verð: 28.990 kr.**

# á móti haustinu



Litir: Svart og Beinhvítt
Stærð: 8–16
Verð: 59.990 kr.



Litir: Svart og beinhvítt
Stærð: 8–16
Verð: 59.990 kr.



Litir: Svart
Stærð: 8–16
Verð: 69.990 kr.



Litir: Beinhvítt
Stærð: 8–16
Verð: 59.990 kr.

## Karen Millen

Smáralind og Kringlunni
S: 533-1740 og 534-1740



Litir: Brún
Verð: 56.990 kr.



Litir: Svart
Verð: 48.990 kr.



Litir: Svart og ljós bleikt
Verð: 40.990 kr.



Litir: Svart
Verð: 44.990 kr.

## Warehouse

Smáralind og Kringlunni
S: 517-3290



Litir: Dökk grá
Stærð: 8–16
Verð: 24.990 kr

## Day Birger et Mikkelsen

Kringlunni
S: 517-3190



Litur: Svartur
– Dúnúlpa
Stærð: 34–42
Verð: 59.990 kr.



Litur: Svartur
– Dúnúlpa
Stærð: 34–42
Verð: 72.990 kr.



Litur: Dökk Grár
Stærð: 34–42
Verð: 69.990 kr.

## Gallerí 17

Kringlunni
og Smáralind
S: 512-1750



Litir: Svart kasmír.
Stærð: XS–XL
Verð: 29.900 kr.



Litir: Svart og mosagrænt
Stærð: XS–XL
Verð: 12.990 kr.



# FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

**Sveinbjörn Pálsson hönnuður og plötusnúður**



**1** Byrja daginn á góðu kaffi, alltaf á sama staðnum því þá rekst maður alltaf á skemmtilegt fólk.

**2** Fyrir hádegi kenni ég leturhönnun í LHÍ. Það er frábært að miðla þekkingunni til þessa efnilega og klára fólks.



**3** Eftir hádegi tek ég saman músík fyrir Funkþáttinn á X-inu. Ég eyði svona fimmtán klukkustundum á viku í að fara yfir tónlist og velja það besta úr fyrir þáttinn.

**4** Í kvöldmat elda ég eitthvað gríðarlega flókið, sem má mistakast. Eitt það skemmtilegasta sem ég veit er að berjast við langar og flóknar uppskriftir.



**5** Eftir kvöldmat les ég Stundum eftir Rán Flygenring. Bókmenntalegt þrekvirki eftir vanmetinn snilling, með stórkostlegum myndskreytingum.


Signatures Of Nature

náttúrulegar og lífrænar snyrtivörur

FRÁBÆR TILBOÐ UM HELGINA



NATURESCENT

Organic farming, 65% lífrænn grunnur, 35 % náttúrulegur, engin rotvarnarefni og án allra kemískra efna. Hentar fyrir alla.



PARABEN FREE

99.97% náttúruleg. Engin litarefni, inniheldur jurtir,steinefni, aloe vera, spirulina. Fyrir allar húðgerðir.

EFNISINNIHALD:

aloa vera barbadensis, steinefni, rasbberrys, möndlur, c-vítamín, e-vítamín, green tea, laufasafi, a-vítamín, spirulina, camomile, magnesium, lemongrass, olive olía, lavender, fruit olía, coconut, jojoba olía

Ég var búin að vera í rugli með húðina á mér vegna mikilla hitabreytinga og var búin að vera hjá húðsjúkdómalækni og á sterkum lyfjum þar sem ég var gjörn á að fá útbrot og þurrkubletti. Eftir tvær vikur með Mineral Flowers línunni hætti ég á lyfjunum. Húðin á mér er hefur aldrei verið heilbrigðari og fallegri. Ég mæli sérstaklega með gelinu til að hreinsa húðina fyrir svefninn.

Mineral Flowers línan er náttúruleg og einstaklega góð við íslenskar aðstæður þar sem aska, skyndilega hita- og rakabreytingar eru daglegt brauð. Þessi dásamlegu krem hafa losað mig við öll útbrot og húðlæknaheimsóknir. Whoop whoop fyrir því!



**Þorbjörg Marinósdóttir**
Blaðakona, bloggari og rithöfundur

signaturesofnature.is

Verslun okkar er í Smáralind
2. hæð við D-inngang. Sími 511-10-09





Skór frá Kennel&Schmenger

TUZZI

NÝ VERSLUN Í KRINGLUNNI

SÍMI 5688777

# Góðar stundir á svölunum

**Teitur Þorkelsson hefur ásamt sambýliskonu sinni, Sigríði Elvu Vilhjálmsdóttur, verið búsettur við Laugaveg í nokkur ár. Heima nýtur hann þess að sitja úti á svölum, slappa af og rækta framandi grænmeti.**



„Þingholtin og Laugavegurinn eru í sérstöku uppáhaldi hjá mér enda iðandi af mannlífi og uppfull af gömlu húsnæði með sál," segir Teitur Þorkelsson á svölunum heima. Teitur starfaði um árabil við fjölmiðla en vinnur nú hjá íslenska hönnunarfyrirtækinu Studio Bility. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Það er klárt mál að svalirnar réðu úrslitum, þessir tuttugu fermetrar með góðu útsýni út í bakgarðinn þar sem tignarleg reynitré breiða úr sér, full af berjum og fuglum á haustin, þannig að það er alveg eins og vera kominn upp í sveit.

Hérna sitjum við allt árið um kring, meira að segja með teppi og hitara á veturna, lesum, ræktum extótískt grænmeti og njótum samvistanna við hvort annað, frekar heldur en að hýrast inni," segir Teitur Þorkelsson athafnamaður glaðreifur, en hann hefur verið búsettur á Laugavegi síðustu ár ásamt sambýliskonu sinni Sigríði Elvu Vilhjálmsdóttur fréttamanni.

Hjónakornin búa í gömlu og að hluta til uppgerðu húsnæði og gætu helst ekki hugsað sér að búa annars staðar en í miðbænum að sögn Teits. „Við höfum bæði búið hérna í bænum með hléum síðastliðin ár og unum hag okkar vel en Þingholtin og Laugavegurinn eru í sérstöku uppáhaldi hjá mér, enda iðandi af mannlífi og uppfull af gömlu húsnæði með sál."

Teitur kvartar lítið undan næturlífinu, segir það bara tilheyra því að búa í miðbænum. „Það er kannski helst að ferðamenn sem eiga leið hjá á sunnudagsmorgnum fái ekki frið fyrir sauðdrukknu fólki og það er spurning um að reyna að sporna gegn því." Eins finnst honum leitt að horfa upp á niðurníddu húsin í borginni. „Borgin hefur sem stendur ekki mikið svigrúm til að bregðast við ástandinu, vonandi fer það bara að lagast," segir hann og hefur ýmsar hugmyndir um hvernig bæta mætti miðbæinn.

„Gaman væri að sjá meiri gróður, liti og gleði. Svo gæti verið sniðugt að prófa að breyta hluta Laugavegarins í göngugötu og draga þannig aðeins úr umferðinni sem er hér nánast allan sólarhringinn, sem bæði mengar og er kostnaðarsamt."

Teiti finnst þó margt hafa þróast til betri vegar í miðbænum og nefnir sérstaklega neðri hluta Laugavegarins í því samhengi. „Þar er allt til alls og áhugaverðar breytingar sem hafa átt sér stað eftir hrun.

Í húsum sem áður hýstu fínni verslanir eru nú kannski komnir listamenn og ungir strákar sem prenta á boli.

Þessar litlu verslanir ljá borginni skemmtilegan blæ og minna um margt á erlendar stórborgir eins og Kaupmannahöfn og Stokkhólm og sýna að engin ástæða er til að kringluvæða miðbæinn okkar."

*roald@frettabladid.is*

## Nýjar vörur

NÝJAR VÖRUR FRÁ EJ SIKKE LEJ ERU NÚ KOMNAR Í BARNAFATAVERSLUNINA RUMPUTUSKA Á LAUGAVEGINUM.

Í Rumputuska á Laugavegi 61 er nú komin ný sending af fallegum og litríkum barnafötum. Má þar meðal annars nefna föt frá Ej sikke lej sem hafa verið mjög vinsæl. Hægt er að skoða myndir af því sem er í boði í versluninni á rumputuski.is. - eö



Barnafötin í Rumputuska eru litrík og skemmtileg.





SIGURBOGINN

LAUGAVEGI 80 ■ TEL: 561 1330 ■ WWW.SIGURBOGINN.IS

*Góðar ferðatöskur geta gert gæfumuninn!*





Tösku og hanskabúðin

Skólavörðustíg 7 • www.th.is



felina

- ný sending.

10 % afsláttur af öllum vörum, föstudag og laugardag

Lífstykkjabúðin

Laugavegi 82 • Sími 551 4473



Bjóðum ykkur velkomin á langan laugardag

GRÆNN KOSTUR

Skólavörðustíg 8 • 101 Reykjavík • s. 552 2028

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 90 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...




Full búð af nýjum bolum!

DOGMA

Laugavegi - Kringlunni - Akureyri
- www.dogma.is -

# TAX FREE

## ALLIR SKÓR ÁN VIRÐISAUKASKATTS

miðvikudag til sunnudags



# SKÓAÐU ÞIG UPP!

## skór á alla fjölskylduna

BE WILD! · DreamTeam · bullboxer · ecco · aze · STUDIO London · FILANTO · Barbie · viking · true · Reebok · LATIBÆR · melania · grisport · Waterland · SPIDERMAN · DORA

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups..

Tilboðin gilda út sunnudaginn 5. september 2010.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**INDRIÐI G. ÞORSTEINSSON** rithöfundur lést þennan dag árið 2000

*„Það er helsti styrkur góðs skáldskapar að rísa í hlýleik sínum yfir vondar tíðir, gagnrýna án heiftar og leiðbeina án prédikunar.“*



## 80 ára afmæli

Þann 3. september er áttræð

**Erla Hafliðadóttir**, Brunnum 14, Patreksfirði. Erla hefur rekið gisti- og veitingaþjónustu á Patreksfirði í 40 ár og undanfarna áratugi starfrækt Gistihús Erlu. Erla tekur á móti gestum í Félagsheimili Patreksfjarðar laugardaginn 4. september milli kl. 16 og 18 og vonar að hún sjái sem flesta.

**ÞETTA GERÐIST:** 3. SEPTEMBER 1939

## *Aukafréttatími vegna innrásar*

Klukkan 11.48 á sunnudagsmorgni þann 3. september 1939 var aukafréttatími á dagskrá Ríkisútvarpsins. Fluttar voru þær féttir að Bretar hefðu sagt Þjóðverjum stríð á hendur í kjölfar innrásar Þjóðverja inn í Pólland. Seinni heimsstyrjöldin var hafin. Morgunblaðið gaf út aukablað daginn eftir þar sem fyrirsögnin var: „Það er stríð“. Til að byrja með urðu Íslendingar ekki varir við stríðið nema gegnum fréttir. Það breyttist þó 10. maí árið 1940 þegar



sást til breskra herskipa stefna á Reykjavíkurhöfn. Hernám Breta var til að koma í veg fyrir að Ísland félli undir þýsk yfirráð. Þjóðverjar höfðu sýnt landinu áhuga fyrir styrjöldina vegna hernaðarlegs mikilvægis þess í tengslum við siglingar um Norður-Atlantshaf. Í júlí 1941 gerðu Íslendingar herverndarsamning við Bandaríkin og fyrstu bandarísku hermennirnir komu stuttu síðar. Bresku hermennirnir yfirgáfu landið í desember sama ár.



†

*Yndisleg móðir okkar,*

**Sigrún B. Ólafsdóttir**
Árskógum 8, 109 Reykjavík,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut 1.9.2010. Jarðarförin fer fram frá Seljakirkju fimmtudaginn 9.9.2010 kl. 13.

**Dóra S. Hilmarsdóttir**
**Ólöf H. Hilmarsdóttir**



†

*Ástkær frænka okkar,*

**Björg Sólveig Jónsdóttir (Bubba),**
frá Bessastöðum í Fljótsdal,

lést þann 29. ágúst. Jarðsungið verður frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 7. september klukkan 15.00.
Fyrir hönd aðstandenda,

**Anna og María Frímannsdætur**
**Jóhanna Einarsdóttir**
**Auður, Jón og Anna Bergsteinsbörn.**



†

*Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Guðrún Ingvarsdóttir**
Sólvangsvegi 1, Hafnarfirði,

andaðist á St. Jósefsspítala, Hafnarfirði miðvikudaginn 1. september. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 10. september kl. 13.00.

**Ingvar Viktorsson** **Birna Blomsterberg**
**Guðmunda Inga Viktorsdóttir**
**Ingunn Elísabet Viktorsdóttir** **Sigurður Ólafsson**
**Matthías Viktorsson** **Inga H. Andreassen**
**Þorvaldur Jón Viktorsson** **Magnhildur Gísladóttir**
**Gunnar Viktorsson** **Harpa Hrönn Sigurðardóttir**
**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**



†

*Frænka okkar,*

**Margrét Hanna Eyjólfsdóttir**
Fossheiði 48, Selfossi,

lést þriðjudaginn 31. ágúst.

**Guðrún Ásbjörnsdóttir**
**Þorgeir Sigurðsson**
**Sigurður Ingi Sigurðsson**

FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKIÐ AXIS HÚSGÖGN: FAGNAR 75 ÁRA FARSÆLUM FERLI

# Aldrei hlaupið frá skuldum

Axis húsgögn hafa verið í eigu sömu fjölskyldunnar í 75 ár. Fyrirtækið var stofnað af Axel Eyjólfssyni húsasmið árið 1935 á Akranesi.

„Afi minn stofnaði fyrirtækið í litlum smíðaskúr við heimilið sitt og smíðaði alla tíð húsgögn,“ útskýrir Eyjólfur Eyjólfsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins í dag. „Fyrirtækið hefur síðan færst milli kynslóða. Við erum í þessu bræðurnir ég og Gunnar Eyjólfsson en við keyptum af föður okkar fyrir áramótin 2006. Sjálfur lét hann af störfum árið 2007 eftir 50 ára starf.“ Eyjólfur viðurkennir að þeir bræðurnir komi þó ekki úr smíðageiranum. Sjálfur er hann lögfræðingur og Gunnar bróðir hans vélvirki. „Við erum kannski svörtu sauðirnir hvað það varðar en við erum aldir upp á verkstæðinu og það hefur alltaf verið hluti af okkar lífi.“

Axis húsgögn flutti til Reykjavíkur árið 1947. Árið 1949 brann ofan af fyrirtækinu sem fluttist þá í Skipholtið. Síðan árið 1973 hefur Axis verið í Kópavogi. Hjá fyrirtækinu voru aðallega smíðuð húsgögn allt til ársins 1970 þegar markaðsumhverfið breyttist á landinu. Afi Eyjólfs, Axel, teiknaði mörg þeirra sjálfur og sonur hans Þórður, sem nú er látinn, teiknaði einnig fyrir fyrirtækið en hann var arkitekt að mennt.

„Hér voru smíðuð borðstofuhúsgögn, rúm, sófar og fleira en eftir að Ísland gekk í EFTA varð nánast ómögulegt að framleiða húsgögn hér á landi og hefur verið síðan,“ segir Eyjólfur. Axis hafi þó þá þegar verið farið að aðlaga sig breyttum aðstæðum með vélum til fjöldaframleiðslu. „Við vorum fyrsta fyrirtækið sem fór að fjöldaframleiða skápa og innréttingar hér á landi. Í dag erum við aðallega í innréttingum og skápum fyrir heimili, skrifstofuhúsgögnum svo sérsmíði.“

Á 75 ára starfsævi hefur Axis vaxið frá því að vera einn maður í smíðaskúr yfir í 30 manna fyrirtæki fullbúið vélum. Eyjólfur segir þó aldrei hafa verið teflt í neina tvísýnu í rekstrinum heldur þétt haldið um stjórnartaumana.

„Við höfum aldrei þanið okkur út í góðærum. Eftir hrun fórum við hins vegar í breytingar á húsnæðinu og keyptum Sökkul, 30 ára gamalt fyrirtæki sem fór í þrot. Við hefðum getað selt helmingi meira árið 2007 með því að bæta við okkur mannskap eða vélum en við kusum að gera það ekki. Það vissu allir að þessu myndi ljúka. Þessi 75 ár höfum við aldrei hlaupið frá skuldum og erum í dag í 4.300 fermetra húsnæði, fullu af vélum og það hvílir ekki króna á neinu.“ **heida@frettabladid.is**



**ÞAÐ HVÍLIR EKKI KRÓNA Á NEINU** Eyjólfur Eyjólfsson, forstjóri Axis húsgagna, segir aldrei hafa verið teflt í tvísýnu á 75 ára starfsferli fyrirtækisins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Fjóla Óskarsdóttir,**
Hjallabraut 33, Hafnarfirði,

andaðist á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Holtsbúð miðvikudaginn 1. september. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Elías Andri Karlsson** **Bára Ólafsdóttir**
**Ómar Sævar Karlsson** **Fjóla Valdimarsdóttir**
**Óskar Gísli Karlsson** **Vildís Halldórsdóttir**
**Sólbjörg Karlsdóttir**
**barnabörn, langömmubörn og langalangömmubarn.**




**Legsteinar og fylgihlutir**
- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**


Máltíð mánaðarins á KFC
KFC
Meltz
sweet chili
2 gerðir í boði
bbq
Meltz + franskar + gos
Aðeins
899
krónur
KFC
www.kfc.is
BETRA BRAGÐ Í 30 ÁR
0 GRÖMM TRANS-FITA
HAFNARFIRÐI - KÓPAVOGI - REYKJAVÍK - SELFOSSI - REYKJANESBÆ - MOSFELLSBÆ - FOSSVOGI

# Helgar

FRÉTTABLAÐIÐ



# blað

alla laugardaga

## Alltaf hlýtt á Hlemmi

– Saga Hlemmssvæðisins rakin í máli og myndum.

## Nóg pláss fyrir besservissera

- Karl Th. Birgisson, fyrrverandi útvarpsmaður og tilvonandi leikhúsmaður, og Auður Alfífa Ketilsdóttir, nýr ritstjóri Stúdentablaðsins, setjast á rökstóla.

## Hvar er ókeypis menningu að finna í Reykjavík?

- Leiðarvísir í helgarblaði Fréttablaðsins.



## Verslað fyrir heimilið í London, París, Stokkhólmi og Kaupmannahöfn.

- Ferðir fylgir Fréttablaðinu á laugardag.





# Í Bóksölunni

BAKÞANKAR
Bergsteins Sigurðssonar



Fyrir nokkrum árum, fleiri en ég kæri mig um að muna, vann ég í Bóksölu stúdenta í nokkur misseri. Eins og gefur að skilja var álagið mest í upphafi haustannar; vikurnar á undan bárust fleiri hundruð tonn af kennsluritum og lagerinn minnti einna helst á völundarhús úr bókum. Stundum sótti sú tilfinning að mér að ég myndi hreinlega daga uppi í rangölum vísdómsins. Svo byrjuðu kúnnarnir að streyma að í þúsundavís; háskólafólkið – framtíð landsins. Sumir dálítið utan við sig.

**MÉR** fannst til dæmis alltaf dálítið merkilegt að meðan sveimhugarnir úr hugvísindagreinum voru yfirleitt með á hreinu hvaða bækur þeir áttu að kaupa, mættu merkilega margir úr rúðustrikuðu fögunum á borð við hagfræði og verkfræði með aðeins óljósar hugmyndir um hvaða rit þeir þyrftu að nálgast, til dæmis litinn á kápunni. „Já, ég er hérna sko að leita að nýrri bók, kennd í verkfræði á öðru ári. Ég held að hún sé gul?“

**ÞETTA** er ekki fyrirspurnin sem þú vilt heyra við afgreiðsluborð klukkan korter í sex á föstudegi þegar tvö hundruð manna halarófa teygir sig alla leið út á stétt. Yfirleitt reyndi ég að gera mér upp yfirvegun þegar ég fékk svona fyrirspurnir, muldra „ójæja“ og „óekki“ til að virðast stóískur eins og Björn í Brekkukoti. Inni í mér langaði mig aftur á móti helst að stökkva yfir afgreiðsluborðið og berja viðkomandi í rot með gulri bók um verkfræði.

**EINN** samstarfsfélagi minn var ekki jafn auðsveipur og ég gagnvart þeim sem voru mest úti á þekju og tileinkaði sér meiri hreinskiptni í samskiptum við þá. „Gul bók, segirðu,“ sagði hann og horfði rannsakandi á spyrjandann. „Og þú ert á leið í verkfræði?“ „Já.“ „Og er þessi bók til prófs þar?“ „Já, það held ég.“ „Þú átt sumsé að læra allt sem stendur í þessari gulu bók utanað og endurtaka það á prófi?“ „Ja, eitthvað í þá áttina.“ Og þá kom lokahnykkurinn: „En þú manst ekki hvað stendur framan á bókinni?“

**EF VEL** tókst til varð þetta til þess að kveikja réttmætar efasemdir hjá verkfræðingsefninu (eða hvað það nú var) um hvort það væri á réttri hillu í lífinu. Þannig getur hóflega kersknisfullur afgreiðslumaður í bókabúð vestur í bæ haft þerapítísk áhrif, verið ráðvilltum einstaklingum leiðarljós og stýrt þeim á farsælli mið tilverunnar. Það er jú ekki allt á sömu bókina lært.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





MESTA ÚRVALIÐ
STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM
0% VEXTIR
ALLAR TÖLVUR VAXTALAUST Í 6 MÁNUÐI
8BLS
GLÆSILEGUR 8BLS BÆKLINGUR STÚTFULLIR AF TILBOÐUM
Ef þú finnur tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur
VERÐ VÖRN
þá lækkum við okkar verð á staðnum
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA


Erica komin
í verslanir!
Stútfullar búðir af brakandi
fersku íslensku grænmeti
TILBOÐ
ERICA
399 kr/stk.
íslenskt
grænmeti
ÞÚ VEIST
HVAÐAN ÞAÐ
KEMUR
Nýjar kartöflur!
Nýjar kartöflur
í 2,5 kg netapokum
rauðar, premier og gullauga
TILBOÐ
NÝJAR
KARTÖFLUR
279 kr/pk.
frábær uppspretta af
A & K vítamínum
TILBOÐ
ROMAIN SALAT
198 kr/stk.
C vítamínríkar
og svalandi!
TILBOÐ
APPELSÍNUR
198 kr/kg.
Stútfullar
af steinefnum!
TILBOÐ
GALÍA
MELÓNUR
159 kr/kg.
Frábærar
á milli mála!
TILBOÐ
PLÓMUR
299 kr/kg.
Romain salat
Appelsínur
Galía melónur
Plómur
Solla
Lífrænar vörur
Lífrænt ræktaður matur vex í lifandi jarðvegi og færir
okkur ómengaðan lífsþrótt.
Þegar ég vel lífrænt þá er ég að kjósa heilbrigði og
lífsþrótt, bæði fyrir mig og umhverfið.
LÍFRÆNT
Solla
NÝTT
BRÚNAR
LINSUBAUNIR
NÝTT
RAUÐAR
LINSUBAUNIR
NÝTT
ÞURRKAÐAR
KJÚKLINGABAUNIR
NÝTT
ÞURRKAÐAR
NÝRNABAUNIR
NÝTT
ADUKIBAUNIR
Ómissandi
með vængjunum!
BBQ
vængir
Buffalo
vængir
TILBOÐ
KJÚKLINGA
VÆNGIR 2 TEG.
399 kr/pk.
HAGKAUP
Ekta gráðostasósa
TILBOÐ
JÓI FEL
PIZZA DEIG
299 kr/pk.
ÓDÝRT Í
HAGKAUP
Gorgeous
TILBOÐ
CHICAGO TOWN
PIZZUR
399 kr/pk.
Gildir til 5. september á meðan birgðir endast.
24
Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær




# CHILI CON CARNE MEÐ HVÍTLAUKSJÓGÚRTI fyrir 4

*að hætti Rikku*

1 msk ólífuolía
1 laukur, saxaður
½ -1 rautt chilialdin, fræhreinsað og saxað
2 hvítlauksrif, pressuð
1 tsk chiliduft
1 tsk cumin
500 g nautahakk
400 g hakkaðir tómatar í dós
120 ml vatn
1 msk tómatmauk
400 g forsoðnar nýrnabaunir, skolaðar upp úr köldu vatni
Handfylli steinselja

Steikið laukinn, chili-aldinið og hvítlaukinn upp úr olíunni á meðalheitri pönnu. Bætið chilidufti og cumin saman við og steikið áfram í mínútu. Setjið nautahakkið saman við og brúnið vel. Hellið tómötunum og vatninu saman við ásamt tómatmaukinu og látið malla í 30-40 mínútur. Bætið baununum saman við og látið malla áfram í 5 mínútur.
Gott er að bera réttinn fram með hvítlauksjógúrti og hýðishrísgrjónum. Chili con carne er einnig mjög gott í allskyns mexíkóska rétti.

HVÍTLAUKSJÓGÚRT
150 g hrein jógúrt
2 msk sýrður rjómi
3 hvítlauksrif, pressuð
2 msk ferskt saxað kóríander
salt og nýmalaður pipa

Kkal: 404/ 20% RDA
Prótín: 40.7g / 81% RDA
Fita 14g/ 21% RDA
Kolvetni: 29.6g/ 10% RDA
Járn: 6.5 mg/ 36% RDA
Trefjar: 7.1g/ 28% RDA
Kalk: 147mg/ 15 % RDA

* Ráðlagður dagskammtur (RDA) er miðaður við 2.000 hitaeininga orkuþörf.




**Kjúklingalæri með legg**
með sólþurrkuðum tómötum




**Rifjasteik**




**Hamborgarar 80g**
4 stk. með brauði




**Lambatvírifjur**
kryddlegnar

## Santa Maria

Spennandi vörur í matargerð, þekktar fyrir sterkt kryddbragð. Í Hagkaup getur þú valið á milli 40 vörutegunda í mexíkósku vörulínunni Santa Maria.

Santa Maria er leiðandi í tex mex kryddum og mexíkóskri matargerð á norðurlöndum.
















HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

**!**

**Klukkan 10 til 16**
*Í kúlunni í Ásmundarsafni stendur nú yfir innsetning Ráðhildar Ingadóttur sem nefnist Svefnljós.*
*Ásmundarsafn er opið daglega í september frá kl. 10-16. Á sunnudag mun Ráðhildur ræða verk sitt.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Kristján leggur spilin á borðið*

„Þetta er sagan mín og ég legg öll spilin á borðið,“ segir Kristján Jóhannsson tenór um væntanlega ævisögu sína, Il grande tenore. Þórunn Sigurðardóttir skráir söguna og fer yfir feril söngvarans, allt frá æskuárum hans á Akureyri til dagsins í dag.

Í bókinni segir Kristján meðal annars frá því, að hann ætlaði sér aldrei að koma aftur til Íslands eftir fjaðrafokið sem varð út af umdeildum styrktartónleikum í Hallgrímskirkju um árið og frægu Kastljósviðtali í kjölfarið.

„Það halda margir að þeir þekki mig af því að ég hef verið



KRISTJÁN JÓHANNSSON

mikið í sviðsljósinu,“ segir Kristján. „En ímyndin sem fjölmiðlar skapa er ekki allt. Ég hef lifað viðburðaríku lífi, upplifað glæsta sigra en líka afar erfiða tíma. Þar sem ég er bæði skapstór og ekki orðvar maður kem ég mér oft í vandræði. Það veldur því kannski líka að þjóðin vilji stundum misskilja mig.“

Þá ræðir Kristján líka um veikindi eiginkonu sinnar, sem ollu því að um tíma gat hann ekki sungið.

Forlagið gefur út ævisögu Kristjáns, sem kemur út í byrjun nóvember.

**> Ekki missa af …**

Duttlungum, málverkasýningu, Þrándar Þórarinssonar á Laugavegi 26 (áður Skífan) lýkur á sunnudag. Duttlungar eru fjórða einkasýning Þrándar og samanstendur af olíumálverkum sem eru óður til Reykjavíkur og sýna borgina eins og Þrándur vildi hafa hana.

# Fjármálaöskuhaugar

Leikhús ★★★

**Nígeríusvindlið**
16 elskendur

16 elskendur spruttu fram á sviðið í Kassanum þó þeir væru bara tíu. Það var kannski fyrsta svindlið. Þjóðleikhúsið hóf leikárið með því að bjóða upp á blandaðan hóp ungra áhugasamra leikara sem sjálfir settu saman hraðnámskeið í að græða á vitleysingum og beita þá brögðum sem þegar eru þekkt meðal svikahrappa.

Nígeríusvindlið gerir hópurinn að sínu yrkisefni og heimfærir upp á Ísland. Að leysa öll þau vandamál sem nú hafa upp komið með svikum á svik ofan, er það sem þau sjá fyrir sér.

Hópurinn bregður sér í ýmis gervi og það er bongotrommustuð þó þau veltist um á öskuhaugum þriðja heimsins í plastpokahrúgum sem mynda tvö fjöll á sviðinu.

Að fá fólk til þess að borga inn á einhverja reikninga einhvers staðar í von um fúlgur á móti er jú fyrirbæri sem allflestir hafa lent í. Slíkar fúlgur komu fljúgandi í Nígeríusvindlinu, inn á reikninga hjá útsmognum (eða sjálfbjarga) aðilum sem buðu vesalingum í hinni heimsku Evrópu að ættleiða bóndagarm sem orðið hafði hvað verst úti í gosinu undir Eyjafjöllum.

Hugmyndirnar voru margar hverjar brilljant og hlátrasköllin létu ekki á sér standa. Þau unnu verkið eins og dansverk og stundum með tækni körsins. Margt var smart unnið en eins og oft vill verða þegar enginn einn er við stjórnvölinn voru sum atriði hreinlega of matreidd oní mannskapinn eins og þegar þau halda hvert sína ræðuna á námskeiði sem áhorfendum var boðið á; í stað þess að gera



það kannski einu sinni eða tvisvar gerðu þau það sex sinnum.

Frammistaða leikaranna var jöfn þó svo að þau Hlynur Páll og Aðalbjörg Þóra hefðu leikið einna best á salinn. Það verður athyglisvert að sjá hverjum þau vefja inn í leikinn síðar en á fyrstu sýningunni voru það Stefán Jónsson leikstjóri og Þórarinn Eldjárn skáld sem birtust og urðu hluti af verkinu fyrir svo utan að áherslupenninn Vilhjálmur Bjarnason bregður upp miklum mafíósahatti og vitnar í Stein Steinarr um draum sérhvers manns.

Þetta var á köflum mjög fyndið og hugmyndin að gera eymd Afríku og allra þriðjaheimsvesalinga að okkar stórgróða er svo sem ekkert ný. Draumurinn rætist; við verðum fjármálaöskuhaugur. Hvað erum við ekki búin að gera mikið grín að vitlausum Ameríkönum sem ættleiða hvali? María þýska Volfendorf eða hvað hún nú hét sem ættleiddi íslenskan bónda var líklega sú sem kitlaði hláturtaugar áhorfenda hvað mest.

Þetta var ágætt en hefði mátt vinna betur og með aðeins meiri auðmýkt gagnvart efninu. Öskur og gassagangur verður því miður oft bara öskur og gassagangur.

**Elísabet Brekkan**

**Niðurstaða:** Hugmyndarríkt verk og á köflum bráðfyndið en hefði mátt vinna betur.

# REYKJAVÍK DANCE FESTIVAL SPRENGIR AF SÉR BÖNDIN

**Danshátíðin Reykjavík Dance Festival hófst á miðvikudag og stendur fram á sunnudag. Hátíðin er sú umfangsmesta til þessa og stefnir í að aðsóknarmet frá því í fyrra verði slegið.**

Þetta er í sjöunda sinn sem Reykjavík Dance Festival er haldin. Lovísa Ósk Gunnarsdóttir, sem situr í stjórn hátíðarinnar, segir hana einkennast af meiri breidd í ár en oft áður.

Hátíðin byrjaði af krafti á miðvikudagskvöld. Krökkt var út úr dyrum á opnunarkvöldinu.

„Hátíðin hefur farið stækkandi frá ári til árs og miðað við mætinguna á opnunarkvöld sýnist mér allt stefna í að aðsóknarmetið frá því í fyrra verði slegið,“ segir Lovísa.



**LOVÍSA ÓSK** Sífellt fleiri skipuleggjendur erlendra danshátíða mæta á Reykjavík Dance Festival til að kynna sér íslenska danslist. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Mest allt í sjálfboðavinnu**

Vöxtur Reykjavík Dance Festival er eitt dæmi um hvernig vegur danslista hefur vaxið hér á landi á liðnum árum, sem Lovísa þakkar tilkomu Listaháskóla Íslands.

„Það útskrifast sífellt fleiri danslistamenn og hópurinn stækkar smám saman og þéttist. Það er mikil samstaða innan stéttarinnar og mikil gróska og sköpunarkraftur, öðruvísi væri ekki hægt að halda þessa hátíð.“

Stjórn Reykjavík Dance Festival hefur úr litlu fé að moða og hátíðin er að stóru leyti skipulögð í sjálfboðavinnu.

„Við fáum styrki frá borginni og menntamálaráðuneytinu sem hrökkva fyrir hluta af yfirbyggingunni. Annað er gert í sjálfboðavinnu. Þetta er mikið álag en helgast af því að hátíðin hefur sprungið út, sem er auðvitað jákvætt.“

**Vaxandi orðstír**

Eitt af meginmarkmiðum hátíðarinnar er að stækka markaðssvæði íslenskra dansverka. Undanfarin þrjú ár hafa skipuleggjendur varið hluta af því fé sem er til umráða í að bjóða skipuleggjendum erlendra hátíða á Reykjavík Dance Festival.

„Orðstír okkar er augljóslega að aukast,“ segir Lovísa. „Fyrsta árið þurfti nánast að draga erlenda skipuleggjendur hingað. Í fyrra komu aðeins fleiri og í ár tökum við eftir að auk skipuleggjendanna sem við bjóðum mæta fleiri á eigin vegum. Það eru allmörg dæmi um verk sem hafa verið sýnd á hátíðinni sem hafa verið keypt á aðrar hátíðir erlendis og ferðast um alla Evrópu..“

Sýningar hátíðarinnar fara fram á þremur stöðum: Hafnarhúsinu, Norðurpólnum á Seltjarnarnesi og Brimhúsinu en boðið verður upp á strætóferðir frá Hafnarhúsi út á Seltjarnarnes og til baka.

**bergsteinn@frettabladid.is**

**LISTAMENN Á REYKJAVÍK DANCE FESTIVAL**

Á hátíðinni verða frumsýnd ný sviðsverk, auk vídeóverka og dansgjörninga.

Höfundar verkanna í ár eru: Erna Ómarsdóttir og Valdimar Jóhannsson, Margrét Sara Guðjónsdóttir, Ólöf Ingólfsdóttir, Steinunn Ketilsdóttir, Isabelle Schad og Laurent Goldring (Þýskaland/Frakkland) Saga Sigurðardóttir og Anat Eisenberg (Ísrael), Dansfélagið Krummi, Valgerður Rúnarsdóttir, Hrafnhildur Einarsdóttir og Muscle And Hate Crew (Svíþjóð).

Nánari upplýsingar um dagskrána má finna á dancefestival.is.




Hristu þig í haustgírinn
með 5 Á RICHTER og LÍSU
föstudags- og laugardagskvöld
Leiftur frá liðinni tíð
Kringlukráin

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

Listmunauppboð
í Gallerí Fold

ferfram mánudaginn og þriðjudaginn
6. og 7. september, kl. 18 báða dagana
í Gallerí Fold, á Rauðarárstíg



Þorvaldur Skúlason

Á uppboðinu er úrval góðra verka, meðal annars fjölmörg verk gömlu meistaranna

Verkin verða sýnd:
í dag föstud. 10–18, laugard. 11–17, sunnud. 12–17, mánud. 10–17 (öll verk)
þriðjud. kl. 10–17 (verkin sem ekki eru boðin upp á mánudag)

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

# Láttu hjartað ráða




„Ítalska ólífuolían mín er heilnæm og gerir líkamanum einstaklega gott, jafnt útvortis sem innvortis.“

Solla

10-11 BÓNUS HAGKAUP

Fæst í verslunum Hagkaups, Bónus og 10-11 · **www.lífrænt.is**

HIMNESKT

> ÍTALÍA BREYTTI CLOONEY

**George Clooney** segir í samtali við The Sun að villan við Como-vatn hafi breytt lífi hans. „Ég var svo upptekinn af vinnunni og hugsaði ekkert út í mitt persónulega líf. Como-villan breytti því viðhorfi og sýndi mér að það er líf utan tökustaðarins.“



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Jón Jónsson heldur tónleika

Hljómsveitin Jón Jónsson kemur fram í fyrsta sinn í langan tíma á skemmtistaðnum Risinu í Tryggvagötu fimmtudagskvöldið 9. september.

Hljómsveitin er hugarfóstur Hafnfirðingsins Jóns Ragnars Jónssonar. Sveitin sendi frá sér lagið Lately í vor og sat það á topp tíu lista Rásar 2 í sjö vikur samfleytt. Nýlega kom síðan út lagið Kiss in the Morning sem hefur einnig fengið góðar viðtökur.

Hægri hönd Jóns Ragnars í tónlistinni er Kristján Sturla Bjarnason sem spilar á píanóið og aðstoðar við útsetningar, upptökur og hluta af lagasmíðunum. Saman eiga þeir, ásamt nokkrum öðrum félögum, upptökuverið Hljóðmúla í Ármúlanum þar sem þeir taka upp öll sín lög. Lögin eru undir sterkum áhrifum bandaríska tónlistarmanna á borð við Jack Johnson, John Mayer og Gavin Degraw, en þó með íslenskri áferð. Aðrir meðlimir bandsins eru Gauti Rafn Ólafsson, Brynjar Ingi Unnsteinsson og Steinþór Guðjónsson.

Tónleikarnir í Risinu hefjast kl. 21.30 og miðaverð er 1.000 krónur.



**JÓN JÓNSSON** Jón Ragnar Jónsson er forsprakki hljómsveitarinnar Jón Jónsson.








**BREIÐBANDIÐ** Suðurnesjasveitin hefur gefið út sína þriðju plötu.

# Bingó og Gay Pride

**Suðurnesjasveitin Breiðbandið hefur gefið út sína þriðju plötu og nefnist hún Breiðbandið – Bætir á sig. Á plötunni er að finna lagið Popppunktur sem hljómsveitin notaði til að „væla“ sig inn í samnefndan sjónvarpsþátt. Önnur lög á plötunni fjalla um stjórnartíð Gordons Brown, fyrrum forsætisráðherra Bretlands, bingó í Vinabæ og gleðigönguna Gay Pride. Eiginkonur og bjór koma einnig við sögu sem fyrr. Breiðbandið spilar næst á Ljósanótt í Reykjanesbæ í kvöld á stóra sviðinu.**

# HEILLUÐ AF INDLANDI

**Íslensk hönnun hefur slegið í gegn að undanförnu og íslenskir hönnuðir gerðu góða hluti á tískuvikunni í Kaupmannahöfn. Una Hlín Kristjánsdóttir fékk meðal annars boð á tískuvikuna í New York.**





**GENGUR VEL** Una Hlín Kristjánsdóttir tekur þátt í tískuvikunni í New York. Hönnun hennar hefur slegið rækilega í gegn undanfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fatahönnuðurinn Una Hlín Kristjánsdóttir stofnaði merkið Royal Extreme fyrr á árinu og hafa viðtökurnar verið gríðarlega góðar. Una Hlín sótti meðal annars tískuvikuna í Kaupmannahöfn í ágúst og fékk nýverið boð á tískuvikuna í New York sem hefst 9. september næstkomandi.

„Ég komst í samband við nýtt íslenskt fyrirtæki sem heitir Designers Market, en markmið þess er að koma íslenskum hönnuðum á framfæri í Bandaríkjunum. Þau komu mér í samband við fyrirtækið Nordic New York, sem valdi fjögur tískumerki frá Norðurlöndunum til að sýna á tískuvikunni og ég var þar á meðal,“ útskýrir Una Hlín sem heldur til New York 11. september þar sem hún verður bæði með bás á sölusýningunni og tískusýningu.

Una Hlín var á meðal þeirra íslensku hönnuða sem tóku þátt í nýyfirstaðinni tískuviku í Kaupmannahöfn og segir hún það að mestu hafa gengið vel. Una Hlín flaug beint til Danmerkur frá Indlandi þar sem hún hafði dvalið í nokkrar vikur á meðan hún undirbjó næstu línu Royal Extreme.

Aðspurð segist Una Hlín hafa heillast mikið af Indlandi og segir dvölina þar hafa veitt sér mikinn innblástur. „Nýja línan átti að innihalda um sextíu hluti, en endaði á því að innihalda yfir áttatíu hluti,“ segir Una Hlín og hlær. „Ég varð svo heilluð af efnunum og litunum sem ég sá á Indlandi að ég bætti við línuna.“ Ný Royal Extreme verslun opnar 20. september auk þess sem sérstök vefverslun fer í gagnið sama dag. Hægt er að skoða hönnun Unu Hlínar á vefsíðunni beroyalextreme.com.

sara@frettabladid.is


Útsölulok
um helgina!

ÚTSALA

Allt að
70%
afsláttur
af flottum
skólavörum

Eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872


# Í kennaranám til Taílands

Gyða Pétursdóttir flytur til Taílands í byrjun október þar sem hún hyggst læra til jógakennara. Gyða mun dvelja ásamt öðrum nemendum á paradísareyjunni Koh Samui og stunda þar hot-jóga, hugleiðslu og læra kennslutækni.

„Ég er búin að stunda hot-jóga hjá Jóhönnu í Sporthúsinu síðan í febrúar og féll alveg fyrir íþróttinni. Ég fór svo að skoða skóla á netinu og fann einn í Bandaríkjunum og annan í Taílandi. Ég ræddi þetta svo við Jóhönnu og komst þá að því að hún hafði sjálf lært í skólanum í Taílandi. Hún var hæstánægð með námið og það var meðal annars ástæðan fyrir því að ég ákvað að fara þangað,“ útskýrir Gyða sem dagsdaglega starfar hjá markaðsdeild Brimborgar. Námskeiðið stendur yfir í mánuð og er kennt á hverjum degi frá klukkan hálf sjö um morguninn og fram á kvöld. „Við stundum jóga tvisvar á dag og þess á milli lærum við sögu íþróttarinnar, anatómíu mannsins, hugleiðslu og almenna kennslutækni,“ segir Gyða og bætir við: „Ég veit að þetta er erfitt nám og hlakka til að sjá hvernig líkaminn bregst við svona stífri þjálfun.“

Gyða segir að hana hafi lengi langað að kenna íþróttir meðfram skrifstofuvinnunni og segist jafnvel geta hugsað sér að snúa sér alfarið að jógakennslu í framtíðinni. Gyða hlakkar mikið til ferðarinnar og er þegar farin að telja niður dagana. „Ég er löngu byrjuð að telja niður dagana. Ég er ekki bara að fara út í skemmtilegt nám og upplifa eitthvað nýtt heldur fæ ég að sameina bæði nám og ferðalag í einn og sama pakkann. Svo er skólinn auðvitað á mikilli paradísareyju sem skemmir ekki fyrir,“ segir hún að lokum. - sm



**SPENNT** Gyða Pétursdóttir flytur til Taílands þar sem hún mun leggja stund á nám í hot-jóga. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

BESTA SKEMMTUNIN SAMBÍÓIN




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| AULINN ÉG-3D M/ ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| AULINN ÉG-3D M/ ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| DESPICABLE ME-3D M/ ensku. Tali | kl. 8 | L |
| THE GHOST WRITER | kl. 5:30 - 8 - 10:20 | 12 |
| THE GHOST WRITER | kl. 4 - 10:20 | VIP |
| STEP UP 3-3D | kl. 8 - 10:10 | 7 |
| HUNDAR OG KETTIR 2-3D M/ ísl. Tali | kl. 4 - 6 | L |
| HUNDAR OG KETTIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |
| LETTERS TO JULIET | kl. 8 - 10:20 | L |
| THE SORCERER´S APPRENTICE | kl. 10:40 | 7 |
| INCEPTION | kl. 8 - 10:40 | 12 |
| INCEPTION | kl. 7:20 | VIP |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |

| SAMBÍÓIN SELFOSSI | | |
|---|---|---|
| AULINN ÉG M/ ísl. Tali | kl. 6 - 8 | L |
| THE LAST AIRBENDER | kl. 10:10 | 7 |
| STEP UP 3 | kl. 8 - 10:10 | 7 |
| HUNDAR OG KETTIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| THE GHOST WRITER | kl. 8 - 10:40 | 12 |
| STEP UP 3-3D | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| HUNDAR OG KETTIR 2-3D M/ ísl. Tali | kl. 4 - 6 | L |
| INCEPTION | kl. 8 | 12 |
| THE SORCERER´S APPRENTICE | kl. 5:50 - 10:40 | 7 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA -3D M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| CATS & DOGS-3D ísl. Tali | kl. 6 | L |
| STEP UP-3D | kl. 8 | 7 |
| THE GHOST WRITER | kl. 10 | 12 |
| THE SORCERER'S APPRENTICE | kl. 6 | 7 |
| LETTERS TO JULIET | kl. 8 | L |
| INCEPTION | kl. 10 | 12 |

SPARBÍÓ KR 600 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU OG KR. 950 Á 3D MERKT GRÆNU

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ
SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| THE OTHER GUYS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THE OTHER GUYS LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| AULINN ÉG 3D | kl. 3.30 - 5.40 | L |
| AULINN ÉG 2D | kl. 3.30 | L |
| DESPICABLE ME 3D | kl. 3.30 - 5.40 - 8 | 12 |
| SCOTT PILGRIM vs THE WORLD | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| THE EXPENDABLES | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| SALT | kl. 10.30 | 12 |
| KARATE KID | kl. 5.10 | L |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ
SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE OTHER GUYS | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| THE FUTURE OF HOPE | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| AULINN ÉG 3D | kl. 5.45 | 12 |
| THE HUMAN CENTIPEDE | kl. 10.20 | 18 |
| THE EXPENDABLES | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| SALT | kl. 8 | 14 |
| VAMPIRES SUCK | kl. 6 | 12 |
| THE LAST AIRBENDER 2D | kl. 5.30 | 10 |

BORGARBÍÓ
SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| THE OTHER GUYS | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| AULINN ÉG 3D | kl. 4 (900 kr.) - 6 | L |
| DESPICABLE ME 3D | kl. 8 | L |
| SCOTT PILGRIM vs THE WORLD | kl. 3.50 (600 kr.) | 12 |
| THE EXPENDABLES | kl. 10 | 16 |

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| AULINN ÉG 3D | 4 og 6 - ÍSLENSKT TAL | L |
| AULINN ÉG 2D | 4 og 6 - ÍSLENSKT TAL | L |
| DESPICABLE ME 3D | 4, 8 og 10 - ENSKT TAL | L |
| THE OTHER GUYS | 8 og 10.15 | 12 |
| SCOTT PILGRIM | 5.50 | 12 |
| EXPENDABLES | 8 og 10.15 | 16 |




**EVERYTHING EVERYTHING** Hljómsveitin er eitt heitasta bandið á Iceland Airwaves-hátíðinni sem verður haldin í október.

# Mátti ekki fljúga til Íslands

**Everything Everything er eitt heitasta bandið sem spilar á Iceland Airwaves-hátíðinni í október. Söngvarinn Jonathan Higgs fékk aldrei að fara til Íslands þegar hann var lítill.**

Everything Everything spilar á Iceland Airwaves-hátíðinni um miðjan október. Hljómsveitin þykir ein sú efnilegasta í Bretlandi um þessar mundir og komst hún á lista breska ríkisútvarpssins, BBC, yfir fimmtán efnilegustu sveitir ársins 2010.

Everything Everything spilar léttleikandi og litríka popptónlist undir áhrifum níunda áratugarins og kom fyrsta plata hennar, Man Alive, út 30. ágúst. Hún hefur fengið fína dóma, þar á meðal fjórar stjörnur í tímaritunum Q og Mojo. „Við höfum verið að vinna í lögunum í tvö ár, þannig að þetta hefur tekið sinn tíma,“ segir söngvarinn og gítarleikarinn Jonathan Higgs.

Meðlimir sveitarinnar koma frá Newcastle og Kent á Englandi en í Manchester varð hún að veruleika. Higgs útskýrir: „Ég var í skóla með Mike trommara og síðan hitti ég Jeremy bassaleikara í háskóla í Manchester. Síðan hittum við Alex sem var í annarri hljómsveit en hún hætti og á svipuðum tíma hætti gítarleikarinn okkar þannig að hann gekk til liðs við okkur,“ segir hann. „Við áttum einhver demó í pokahorninu sem við vorum ánægðir með og ákváðum að læra að spila þau saman. Það gekk vel því hinir eru frekar góðir hljóðfæraleikarar en ég er aftur á móti lélegur.“

Ekki skemmdi það fyrir að bakgrunnur strákanna var svipaður í tónlistinni. „Við lærðum allir á klassísk hljóðfæri í æsku og í framhaldinu lærðum við á rokkhljóðfæri. Við hlustum líka á svipaða tónlist,“ segir hann og nefnir Radiohead, Bítlana og bandaríska R&B-tónlist, þar á meðal Destiny´s Child.

Jonathan hlakkar mikið til að spila á Íslandi í haust. „Við höfum aldrei farið þangað. Foreldrar mínir fóru oft þangað þegar ég var að alast upp. Bróðir minn og systir fóru líka en mér var aldrei leyft að fara því ég var ekki nógu stór. Ég man að þau heilluðust af hverunum og eldfjöllunum. Ísland hlýtur að vera ótrúlegt land.“

Söngvarinn er vel kunnugur íslenskri tónlist og nefnir Björk og Sigur Rós til sögunnar, sem kemur alls ekki á óvart miðað við vinsældir þeirra erlendis. „Við erum miklir aðdáendur Bjarkar og þegar ég var í háskóla hlustaði ég mikið á Sigur Rós. Kærastan mín var mesti Sigur Rósar-aðdáandi í öllum heiminum,“ segir hann og hlær.

Jonathan lofar flottum tónleikum á Iceland Airwaves. „Tónleikarnir okkar eru frekar kraftmiklir og það lifnar alltaf mikið yfir lögunum okkar. Ef fólk fer á tónleikana okkar án þess að hafa hlustað á plötuna gætu þeir orðið ruglingslegir. Ég mæli með því að fólk hlusti fyrst á plötuna og komi síðan og horfi á okkur, þá nær það okkur miklu betur.“ freyr@frettabladid.is

# Spilist hátt fyrir hámarksáhrif

Tónlist ★★★★

**Okkar**

Miri

Hljómsveitin Miri kemur frá Seyðisfirði. Hún var stofnuð árið 2003 og gerði sína fyrstu plötu, Fallegt þorp, tveimur árum síðar. Eins og á fyrri plötunni þá er tónlistin á þeirri nýju, Okkar, að langmestu leyti án söngs. Miri hefur vakið mikla athygli fyrir líflega og hressilega frammistöðu á tónleikum. Það má segja að stundum hafi gáskinn og fjörið í kynningum og sviðstilþrifum næstum skyggt á tónlistina. Það var þess vegna forvitnilegt að að setja plötuna í spilarann og heyra hvernig tónlistinni reiðir af án nærveru meðlimanna sjálfra.

Það er kúnst að gera instrúmental rokkplötu. Þegar söngur og textar eru ekki lengur inni í myndinni reynir ennþá meira á lagasmíðarnar og hljóðfæraleikarana. Það eru nokkrar augljósar leiðir færar. Þar á meðal dramatísk innlifunarleið post-rokksins og leið proggaranna sem felst í flóknum lagasmíðum og fingraleikfimi. Báðar geta alveg virkað vel. Miri fer hins vegar aðra leið. Lögin níu á Okkar eru ekkert sérstaklega flókin, en þau eru snilldarlega samin og útsett þannig að platan er fjölbreytt og skemmtileg frá upphafi til enda. Gítarsamspilið er í aðalhlutverki, en þeir Miri-menn nota líka aukahljóðfæri eins og flautu, munnhörpu, lúðra og víbrafón til að gefa lögunum karakter. Aðallega eru það samt lagasmíðarnar sjálfar og útsetningarnar sem búa til góða plötu. Fyrstu tvö lögin Góða konan og Ég á heima á Íslandi eru bæði mjög melódísk, en það fyrra skartar líka skemmtilegri dub-meðferð á trommuleiknum. Í Sumarið 2009 er munnhörpuleikur Örvars í múm í forgrunni og í lögum eins og Grafandi Andra, dragandi anda og Drekar eru styrkbreytingar og stigmögnun í aðalhlutverki auk þess sem víbrafónleikur setur sterkan svip á það fyrrnefnda. Lokalagið Jeppar er svo kraftmikið kraumandi rokkgrúv sem nær hámarki þegar lagið brotnar upp með tilvísun í gítarklifið í Marquee Moon með Television. Magnað lag og fullkominn endir á flottri plötu.

Enn er eftir að geta hljómburðarins á plötunni. Hann er í sérflokki og greinilegt að Curver sem stjórnaði upptökunum og sá um hljóðútsetningarnar hefur verið í stuði. Trausti Júlíusson

**Niðurstaða:** Á heildina litið frábær plata. Ég verð að bæta því við að Okkar nýtur sín best á miklum styrk í góðum græjum. Hún datt ekki almennilega inn hjá mér fyrr en ég hækkaði vel í henni. Skilaboðin til íslenskra tónlistaráhugamanna eru þess vegna einföld: Kaupa Okkar og hækka í botn!




MIÐLUNARSPILARAR • MÚSAMOTTUR • AUKAHLUTIR • FARTÖLVUTÖSKUR • GEISLADISKAR • PRENTARAR • SKJÁKORT • LYKLABO
SKRIFARAR • VINNSLUMINNI • ÓTRÚLEGUR AFSL. • MINNISKORT • VEFMYNDAV
HLJÓÐKORT • HÝSINGAR • HLJÓÐN
TÖLVULEIKIR • TAKMA

# ÚTSALA

## ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR




500GB

### HARÐUR DISKUR

Samsung SA502HJ
500GB 3.5 7200rpm harður diskur.

**7.990**

FULLT VERÐ KR. 11.990



### LYKLABORÐ

Logitech

Logitech UltraX Premium
OEM lyklaborð með ábrenndum íslenskum stöfum.

**2.990**

FULLT VERÐ KR. 4.990




720P
HDMI
CARD

### UNITED MEDIASPILARI

United HD MMP 9530
3.5" margmiðlunarspilari með HDMI, Optical og Composite tengi, innb. SD/MMC kortalesara USB Uplink ofl.

**10.990**

FULLT VERÐ KR. 14.990

### FARTÖLVA




Toshiba Satellite PRO S300L-10E
2.0GHz Intel Core 2 Duo T5870 örgjörvi • 2GB DDR2 minni • 160GB SATA harðdiskur • 8xDVD±RW Dual Layer og CD-RW skrifari • 15.4" WideScreen WXGA skjár • Intel Graphics MA 4500MHD skjákort • Windows Vista Business ásamt XP Pro möguleika

**79.990**

FULLT VERÐ KR. 119.990

### FARTÖLVA




Samsung R730-JS04SE
2.2GHz Intel Pentium Dual-Core T4400 - Centrino Duo örgjörvi • 4GB DDR3 1066MHz minni • 500GB SATA harðdiskur • DVD og CD skrifari • 17.3" WXGA LED skjár • Intel Graphics MA 4500 skjákort • VGA vefmyndavél • Windows 7 Home Premium

**129.990**

FULLT VERÐ KR. 159.990

NOKKUR DÆMI UM GÓÐ TÆKIFÆRI

**Vírusvarnir frá 2.990 krónum**
**Allt prentarablek með 10% afslætti**
**Allur prentpappír með 15% afslætti**
**Mýs og lyklaborð á frábæru verði**

**Allt að 40% afsláttur af heyrnartólum**
**Þráðlaus netbúnaður frá 2.490 krónum**
**Tölvuíhlutir á fáránlegu verði, skjákort, harðdiskar ofl.**
**Síðustu eintök af fjölda fartölva á algjöru rýmingarverði**
**....og margt, margt fleira – sjón er sögu ríkari**

# TÖLVULISTINN

TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>SÍMI 414 1700 | GLERÁRGÖTU 30<br>SÍMI 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>SÍMI 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>SÍMI 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>SÍMI 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>SÍMI 414 1750 |

# sport

sport@frettabladid.is



## 200.000.000

**NORSKA LANDSLIÐIÐ** í knattspyrnu fær um 200 milljónir íslenskra, komist það alla leið á EM. Íslenska liðið hefur engan slíkan samning en Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, segir að ef Ísland kæmist alla leið yrðu leikmenn verðlaunaðir ríkulega þar sem KSÍ fengi þá umtalsverðar tekjur í kassann.



**UTAN VALLAR**
**Eiríkur Stefán Ásgeirsson**
segir sína skoðun

# *Í dag þarf endurreisn Ólafs að byrja*

Í dag verður Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari að sýna að hann sé á réttri leið með landsliðið. Í fyrsta sinn síðan hann tók við þjálfun liðsins er raunveruleg pressa á honum. Eins og forverar hans hefur Ólafur fengið eina undankeppni til þess að aðlagast landsliðinu – koma sínum áherslum að og fastmóta sinn leikmannahóp. Í dag hefst ný undankeppni og Ólafur byrjar með hreinan skjöld.

Hvaða væntingar er hægt að gera til íslenska landsliðsins í knattspyrnu? Liðið er í erfiðum og fámennum riðli í undankeppni EM 2012. Af liðunum í riðlinum er Ísland talið lakast – í fimmta og neðsta styrkleikaflokki.

Engu að síður eru þær kröfur gerðar til liðsins að það nái í einhver stig – sérstaklega á heimavelli. Það er skiljanleg krafa. Laugardalsvöllur á að vera vígi þar sem ekkert lið á að geta bókað auðveldan sigur.

**Leikgleðin og áhuginn**

En það er fleira sem kemur til en úrslit leikja og stigafjöldi, þó svo að það séu vissulega mikilvæg atriði. Leikmenn íslenska landsliðsins þurfa að leggja sig fram og berjast til síðasta blóðdropa. Það á að vera gaman að spila með íslenska landsliðinu. Aðeins þannig verður gaman að horfa á íslenska landsliðið spila.

Ef leikgleði og áhugi verða aðaleinkenni íslenska landsliðsins undir stjórn Ólafs Jóhannessonar er hálfur sigur unninn. Það eru hins vegar mörg ár síðan hinn almenni áhorfendi fann að þessi stemning væri ríkjandi í íslenska landsliðshópnum, ef frá eru taldir fyrstu leikir þess eftir að hann tók við. Síðan þá hefur hallað undan fæti og andleysið náði algeru hámarki í skelfilegum 1-1 jafnteflisleik gegn Liechtenstein í síðasta mánuði.

Fyrir ári mættust Ísland og Noregur undir lok undankeppninnar fyrir HM 2010. Ísland var óheppið að vinna ekki sigur og mátti sætta sig við ódýrt 1-1 jafntefli. Ísland spilaði vel í þessum leik og þó svo að niðurstaðan hafi orðið neðsta sæti riðilsins og aðeins fimm stig þótti liðið hafa endað á jákvæðum nótum.

Hér til hliðar má sjá árangur liðanna á undanförnu ári, fyrst og fremst í vináttulandsleikjum. Eins og leikur liðanna sýndi í fyrra á Ísland fullt erindi í þetta norska lið sem hefur oft verið betra en nú.

Á samanburði á árangri liðanna má sjá að báðum liðum hefur vegnað ágætlega í sínum leikjum. Augljósasti munurinn er þó sá að Noregur hefur verið að vinna flesta sína leiki sem hafa verið spilaðir við talsvert sterkari andstæðinga en þá sem Ísland hefur mætt.

**Í ruslflokki**

Noregur spilaði síðast við Úkraínu og Frakkland. Ísland við Andorra og Liechtenstein. Margoft hefur komið fram að það hefur reynst erfitt fyrir Ólaf að fá alvöru vináttulandsleiki og er honum vissulega vorkunn í því. En munurinn á gæðum undirbúnings liðanna fyrir leikinn í kvöld er augljós og Ísland fær ekki betri andstæðinga í framtíðinni nema að styrkja stöðu sína á alþjóðlegum vettvangi. Engu líkara er en að landsliðið í dag sé í ruslflokki.

Ólafur nýtur góðs af sterku U-21 landsliði Íslands sem hefur verið að halda uppi merki karlaknattspyrnunnar á Íslandi undanfarin misseri. Það er óskandi að hann færi sér þann meðbyr í nyt.

Það er einnig óskandi að íslenska landsliðið byrji vel gegn Noregi í kvöld, kalli fram gamlan baráttuanda og láti Norðmennina finna vel fyrir sér.

**Leikir Íslands**

**Árangur Íslands undanfarið ár:**

| Dags. | Andstæðingur | h/ú | úrslit |
|---|---|---|---|
| 9.9.09 | Georgía | h | 1-1 |
| 13.10.09 | Suður-Afríka | h | 1-0 |
| 10.11.09 | Íran | ú | 0-1 |
| 14.11.09 | Lúxemborg | ú | 1-1 |
| 3.3.10 | Kýpur | ú | 0-0 |
| 21.3.10 | Færeyjar | h | 2-0 |
| 24.3.10 | Mexíkó | ú | 0-0 |
| 29.5.10 | Andorra | h | 4-0 |
| 11.8.10 | Liechtenstein | h | 1-1 |
| Samtals 9 leikir: | 3 sigrar, 5 jafntefli, 1 tap | | |
| Markatala: | | | 10-4 |

**Leikir Noregs**

**Árangur Noregs undanfarið ár:**

| Dags. | Andstæðingur | h/ú | úrslit |
|---|---|---|---|
| 9.9.09 | Makedónía* | h | 2-1 |
| 10.10.09 | Suður-Afríka | h | 1-0 |
| 14.11.09 | Sviss | ú | 1-0 |
| 3.3.10 | Slóvakía | ú | 1-0 |
| 29.5.10 | Svartfjallaland | h | 2-1 |
| 2.6.10 | Úkraína | h | 0-1 |
| 11.8.10 | Frakkland | h | 2-1 |
| * í undankeppni HM 2010 | | | |
| Samtals 7 leikir: | | | 6 sigrar, 1 tap |
| Markatala: | | | 9-4 |





**GLEÐI** Gleðin hefur skinið úr andlitum leikmanna landsliðsins í vikunni. Það virðist vera létt yfir hópnum sem lætur skotin ganga á milli manna, meðal annars á Facebook. Hér gantast þeir Aron Einar Gunnarsson og Gunnleifur Gunnleifsson á landsliðsæfingu á Laugardalsvelli í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Eigum helmingsmöguleika á því að vinna þennan leik

**Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari segir að ekkert í leik Norðmanna eigi að koma Íslandi á óvart. Landsliðsþjálfarinn býst við erfiðum leik þar sem fast verði tekist á. Hann segir möguleikann á góðum úrslitum þó vera ágætan.**

**FÓTBOLTI** Undankeppni EM 2012 hefst í dag. Fyrsti mótherji Íslands í keppninni er kunnuglegur en frændur vorir Norðmenn sækja okkur heim á Laugardalsvöllinn í kvöld. Ísland og Noregur voru einnig saman í riðli í síðustu undankeppni og þá enduðu báðir leikirnir með jafntefli.

Báðir leikirnir voru ágætlega leiknir af hálfu íslenska liðsins

„Bæði þessi lið eru líkamlega sterk og ég geri ráð fyrir miklum átakaleik. Fyrir fram mætti kannski segja að það væru 60 prósent líkur á sigri Noregs. Þar sem við erum á heimavelli jafnast líkurnar og ég tel okkur eiga helmingsmöguleika á því að vinna þennan leik,“ sagði Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari á blaðamannafundi í gær en hann er að stýra liðinu í sinni annarri undankeppni.

„Það eru margir ungir leikmenn í liðinu að þessu sinni. Einhverjir þeirra munu byrja leikinn en ég hef ekki ákveðið hverjir það verða,“ sagði Ólafur sem mun væntanlega tilkynna byrjunarlið sitt í hádeginu í dag. Hann sagði það vera ljóst að einhverjar breytingar yrðu á liðinu og meðalaldurinn lægri en oft áður.

Eiður Smári spilaði mjög vel í báðum leikjunum gegn Noregi í síðustu undankeppni en hann verður fjarri góðu gamni í kvöld þar sem landsliðsþjálfarinn gaf honum frí til þess að finna sér nýtt félag. „Auðvitað söknum við Eiðs Smára enda er hann okkar sterkasti leikmaður.“

Ólafur segir að það eigi ekkert að koma liðunum á óvart í leik hvorum annars. Þau þekkist vel eftir að hafa mæst í síðustu undankeppni.

„Það eina sem gæti komið þeim á óvart er að við verðum með einhverja yngri stráka sem þeir þekkja ekki of vel. Þeir gætu tekið boltann á hælinn og boðið upp á einhverja stæla sem kæmu Norðmönnum á óvart,“ sagði Ólafur.

Helsti styrkleiki beggja liða eru föstu leikatriðin. Norðmenn munu sakna stóra framherjans John Carew í kvöld en hann er frá að þessu sinni.

„Carew er hættulegur í föstum leikatriðum enda frábær skallamaður. Það er því ágætt að vera laus við hann,“ sagði Ólafur. „Bæði lið eru líkamlega sterk og spila ekki beint brasilískan fótbolta. Við stöndum vel að vígi þar og erum tilbúnir í líkamlegan leik gegn Norðmönnum. Til þess að vinna leikinn þurfum við að vera á fullu allan leikinn og gefa okkur í verkefnið.“ **henry@frettabladid.is**

Lítils háttar meiðsli hjá íslenska hópnum en aðeins einn leikmaður fjarverandi:

# Brynjar meiddur og Grétar tæpur

**FÓTBOLTI** Það er skarð fyrir skildi í íslenska landsliðinu að Brynjar Björn Gunnarsson getur ekki spilað leikinn í kvöld. Hann meiddist í leik með Reading um síðustu helgi og hefur enn ekki jafnað sig.

„Það er einnig mjög tæpt að hann geti spilað með okkur gegn Danmörku eftir helgi,“ sagði Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari.

Grétar Rafn Steinsson hefur verið að glíma við meiðsli en hann er bjartsýnn á að geta verið með af fullum krafti í kvöld.

„Ég er ágætur. Ég hef tekið rólega á því á æfingum síðustu daga. Það hefur verið mikið álag á mér en það sem skiptir máli er að vera í standi þegar leikurinn hefst. Það þýðir ekkert að vera bestur á æfingum í upphafi vikunnar. Ég verð klár þegar leikurinn verður flautaður á,“ sagði Grétar Rafn og Ólafur bætti því við að hann reiknaði með Grétari sterkum í leiknum.

Rúrik Gíslason hefur verið veikur síðustu daga en Ólafur sagðist einnig vonast til þess að hann yrði klár í slaginn í kvöld.

Ólafur segir ekki ljóst hvort hann muni bæta nýjum leikmönnum við hópinn. Hann ætlar að taka stöðuna eftir leikinn í kvöld og sjá til hvort einhverjir fleiri leikmenn verði fyrir hnjaski. Ef allt upp í þrír leikmenn detta úr hópnum mun hann taka nýja menn inn ef aðeins Brynjar verður fjarverandi býst hann ekki við því að kalla á nýja menn. **- hbg**



**KLÓRAÐ** Grétar Rafn á æfingu landsliðsins í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


ICELANDAIR
ibs
ICELANDAIR STYÐUR LANDSLIÐIÐ
í blíðu og stríðu
AUDDI OG STEINDI
Í BEINNI Á IBS.IS
FÁÐU MEIRA ÚT ÚR LEIKNUM
ÁFRAM ÍSLAND
Fylgstu með Audda og Steinda lýsa leiknum á sinn hátt í beinni á ibs.is og upplifðu leikinn öðruvísi.
Sendu kveðjur til landsliðsstrákanna í knattspyrnu og besta kveðjan getur unnið ferð fyrir 2 til einhvers af áfangastöðum Icelandair.
ÍSLAND – NOREGUR
Í DAG KL. 18:55

1. deild karla í knattspyrnu:

## Þór á toppinn eftir sigur á KA

**FÓTBOLTI** Þór komst á topp 1. deildar karla í knattspyrnu eftir sigur á grönnum sínum á KA á Akureyri í gær. Þór er með 40 stig á toppnum og á tvo leiki eftir en Leiknir og Víkingur eru með 39 og eiga leik til góða á Þór.

Alls voru 1.550 manns á vellinum í gær og þeir sáu Þór komast yfir strax á þriðju mínútu. Atli Sigurjónsson skoraði þá af stuttu færi og tuttugu mínútum síðar tvöfaldaði Þorsteinn Ingason forystu Þórs.

Sigurður Marinó Kristjánsson skoraði síðasta mark leiksins af löngu færi og allt ætlaði um koll að keyra á meðal stuðningsmanna Þórs, enda rígurinn á milli félaganna mikill.

Þór á eftir að mæta HK og Fjarðabyggð, Leiknir spilar við HK á morgun, Fjarðabyggð og loks Fjölni en Víkingar við ÍR á morgun, KA og svo HK. **- hþh**

FYRIR 229 KRÓNUR FÆRÐ ÞÚ:
VHS SPÓLU Í KOLAPORTINU
EÐA
FRÁBÆRA SKEMMTUN Í HEILAN SÓLARHRING FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
Stöð 2, Stöð 2 Bíó og Stöð 2 Extra kosta aðeins 229 krónur á dag.
Tryggðu þér áskrift í dag!

# Við verðum að spila án ótta

**Enski landsliðsþjálfarinn Fabio Capello er undir pressu í kvöld þegar enska landsliðið reynir að rétta úr kútnum eftir vonbrigðin á HM. Landsliðsþjálfarinn óskar eftir stuðningi áhorfenda þó svo þeir séu ósáttir.**



**UNDIR PRESSU** Stuðningsmenn enska landsliðsins hafa margir hverjir snúið bakinu við Fabio Capello landsliðsþjálfara. Hans verk er að ná þeim aftur á sitt band. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

**FÓTBOLTI** Fjölmargir leikir fara fram í undankeppni EM 2012 í kvöld og ljóst að margra augu verða á leik Englands og Búlgaríu.

Enska landsliðið beið skipbrot á HM í Suður-Afríku undir stjórn Ítalans Fabio Capello. Ítalinn er þrátt fyrir það enn við stjórnvölinn og fær annað tækifæri með enska liðið.

Það hefur mikið gengið á síðan HM lauk. Einhverjir leikmenn eru hættir að gefa kost á sér, umræðan í kringum landsliðið hefur ekki verið góð og Capello hefur mátt þola margs konar persónulega gagnrýni.

Hann stefnir á að yngja liðið upp en hefur engu að síður skilið unga og efnilega leikmenn fyrir utan hópinn. Það er því mikil pressa á Capello í kvöld.

„Það er hluti af starfinu að vera undir pressu. Þegar ég vinn leiki er ég besti þjálfari í heimi en þegar ég tapa þá er ég sá lélegasti,“ sagði Capello sem hefur marga fjöruna sopið á löngum ferli.

„Auðvitað lærði ég mikið af HM. Maður lærir alltaf með hverri reynslu. Ég hef breytt ýmsu en ekki miklu. Við verðum samt að leika án ótta. Mér finnst leikmennirnir taka vel á því á æfingum, þeir eru með fínt sjálfstraust og vonandi skilar það sér inn í leikinn. Búlgarar verða erfiðir enda með fínt lið sem kann þá list vel að verjast. Við verðum samt að vinna og ég vona að stuðningsmennirnir standi með okkur.“

Capello fékk góð tíðindi um helgina er Wayne Rooney skoraði loksins. Reyndar skoraði hann aðeins úr víti en mark er mark og þetta mark létti pressunni örlítið af framherjanum.



**FANN SIG EKKI Á HM** Rooney komst aldrei í gang á HM og vill eflaust ólmur skora í kvöld. NORDIC PHOTOS/GETTY

„Ég var að fylgjast með þessum leik. Hann var góður, hann er kominn til baka og ég gleðst yfir því að hann hafi skorað,“ sagði Capello sem hótaði reyndar að hætta að gefa viðtöl eftir mjög óvægna meðferð sem hann fékk hjá slúðurblaðinu The Sun á dögunum.

„Rooney hleypur mikið á vellinum og hann má fara þangað sem hann vill. Rooney mun spila þennan leik gegn Búlgörum með stæl.“

Capello hefur verið mikið gagnrýndur fyrir það hvernig hann lokaði dyrunum á David Beckham. Hann hefur dregið í land þar og ítrekaði aftur í gær að dyrnar stæðu opnar fyrir Beckham eins og aðra leikmenn landsliðsins.

Phil Jagielka, leikmaður Everton, mun væntanlega leika í miðju ensku varnarinnar þar sem vantar bæði John Terry og Rio Ferdinand. Capello segist vera langt kominn með að velja byrjunarliðið.

„Joe Hart verður í markinu. Svo eru það Rooney, Gerrard, Gareth Barry, Ashley Cole, Glen Johnson og Jagielka. Ég er líklega búinn að velja tíu leikmenn í liðið. Það er smá vafi með eitt sæti,“ sagði Fabio Capello. **henry@frettabladid.is**

## Þjálfarar óskast hjá Handknattleiksdeild HK

Vegna mikillar stækkunar á handknattleiksdeild HK vantar bæði þjálfara og aðstoðarþjálfar fyrir veturinn 2010 2011. Við leitum bæði eftir þjálfurum með og án reynslu. Íþrótta- og/eða uppeldismenntun er kostur.
Allar nánari upplýsingar veitir Ólafur Finnbogason yfirþjálfari í olafur@veidifor.is eða 822 2307

## Þjálfarastyrkir ÍSÍ haust 2010

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands auglýsir eftir umsóknum um þjálfarastyrki vegna menntunar erlendis. Umsóknir berist á þar til gerðum eyðublöðum fyrir 21. sept. nk. Upplýsingar gefur sviðsstjóri fræðslusviðs ÍSÍ í síma 460 1467 og á vidar@isi.is

SPARISJÓÐURINN
REYKJANESBÆR
REYKJANES MARAÞON
4. september
á Ljósanótt í Reykjanesbæ
Flögu tímataka
Kort af hlaupaleið er á hlaup.is
Skráning er hafin á hlaup.is og í Lífsstíl 420 7001
Rásmark hjá Lífsstíl sundmiðstöð
Hálfmaraþon (ræsing kl. 9:30)
10 km hlaup (ræsing kl. 10:15)
3,5 km skemmtiskokk (ræsing kl. 10:20)
HS ORKA HF Nesprýði
Glæsileg úrdráttarverðlaun, m.a. peningaverðlaun



**SKOT** Samherji Veigars hjá Stabæk skaut létt á hann í norskum fjölmiðlum í gær. Veigar þarf að hefna sín með í leiknum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Norskir fjölmiðlar eru varkárir en heimta sigur í kvöld:

# Missi engan svefn yfir Veigari Páli

**FÓTBOLTI** Veigar Páll Gunnarsson hefur leikið frábærlega í Noregi allan sinn feril og fær sinn skerf af athygli þarlendra fjölmiðla fyrir leik Íslands og Noregs í kvöld. Veigar hefur verið heitur með Stabæk undanfarið.

Jon Knudsen verður í marki Norðmanna en hann spilar með Stabæk líkt og Veigar og segir samherja sinn vera góðan leikmann. „En ég er ekki að missa neinn svefn yfir honum,“ sagði Knudsen og bætti við að sjálfstraustið í hópnum væri mikið eftir sigur á Frökkum í vináttuleik í ágúst.

Veigar er eflaust staðráðinn í að framkalla martraðir fyrir hann næstu daga með góðum leik í kvöld.

Aftenbladet býst við því að Ísland stilli upp í 4-2-3-1 leikkerfi með tvo djúpa miðjumenn og að Veigar spili fyrir aftan Heiðar Helguson „í Guðjohnsen-stöðunni“ eins og þeir kalla hana. „Það hentar Veigari vel,“ segja þeir.

Alls eru sex leikmenn í íslenska hópnum á mála hjá liðum í Noregi. Aftenbladet slær því föstu að Birkir Bjarnason og Indriði Sigurðsson, samherjarnir hjá Viking, byrji báðir leikinn, ásamt Kristjáni Erni Sigurðssyni.

Flestir fjölmiðlar eru varkárir en segja þó að ef allt sé eðlilegt eigi norska liðið að vinna. Aftenbladet segir þó að riðillinn megi alls ekki hefjast á því að liðið „kasti frá sér stigum gegn lélegasta liðinu í riðlinum“. **- hþh**

Borguðu 150-200 milljónir:

## Fáir Norðmenn sjá leikinn

**FÓTBOLTI** Þó svo að íbúafjöldi Noregs sé tæplega fimm milljónir má gera ráð fyrir að fleiri Íslendingar en Norðmenn hafi aðgang að leik landanna á morgun í sjónvarpstækjum sínum.

Leikurinn verður sýndur á Canal+ í Noregi og er talið að 50-100 þúsund Norðmenn hafi áskrift að stöðinni. Menningarmálaráðherra Noregs, Anniken Huitfeldt er óánægð með þetta.

„Það er mjög mikil synd að fáir eigi möguleika á að horfa á jafn mikilvægan leik hjá norska landsliðinu,“ sagði hún við norska fjölmiðla í gær.

Canal+ yfirbauð bæði NRK, norska ríkissjónvarpið, og TV2 og sagði einn dagskrárgerðarmanna NRK að stöðin hefði borgað á bilinu 150-200 milljónir króna fyrir útsendinguna af leiknum í kvöld.

„Það er bara markaðurinn sem ræður för í þessu,“ segir hann. Einn forráðamanna TV2 segir þetta ótrúlega upphæð. „Ef þetta er rétt fá þeir aldrei peninginn sinn til baka.“ **- esá**



**NORSKAR STJÖRNUR** Aldrei hafa færri átt kost á að sjá alvöruleik með norska knattspyrnulandsliðinu, fullyrða norskir fjölmiðlar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Gott og skemmtilegt til heimilisins!

## Skeifan Reykjavík Glerártorg Akureyri

### Toshiba

Toshiba 32" LCD HD ready 50hz
BH32AV733F

| | |
|---|---|
| Upplausn: | 1366x768 |
| Dýnamísk skerpa: | 12000:1 |
| Endurnýjunartíðni: | 50Hz |
| Móttakari: | DVB-T |
| Tengi: | 2x HDMI |

BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða

99.999

### Samsung

SAMSUNG 32" LE32C455 LCD
SALE32C455E1W
Upplausn: 1366x768
Endurnýjunartíðni: 50hz - Móttakari: Háskerpa
Tengi: 3 HDMI / Scart o.fl.

BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða

127.999

### DMtech DVD

DMtech 2009HP DVD spilari
NLDVD2009HP
Með HDMI 1.3 upscale og Dolby digital decoder
DVD upscale í 1080p
Tengi: HDMI 1.3, Component, Composite, RCA
Audio, S-video, SPDIF, Coaxial digital, Scart

12.999

### Acer

Acer AS5532-5509
AMD Athlon 64 TF-36
2GB DDR2-667
15.6" WXGA (1366x768) high-brightness TFT LCD
ATI Radeon HD 3200 skjástýring
320GB SATA diskur
Draft-N Wireless LAN
Vefmyndavél, kortalesari
Rafhlaða 2,5klst
Windows 7 Home Premium

79.999

BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða

### Acer

Acer 5534-1121
AMD Athlon 64 X2 Dual-Core L310
4GB(2x 2GB) DDR2-667
15.6" WXGA (1366x768) Acer CineCrystal TFT LCD
ATI Radeon HD 3200 skjástýring
320GB SATA 5400rpm diskur
Draft-N Wireless LAN
Vefmyndavél, kortalesari
Rafhlaða 3,5klst
Windows 7 Home Premium

99.999

BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða

### Acer

Acer 5542 Bluray
15.6" HD LED CineCrystal
AMD Athlon II X2 M300
4GB DDR2
512MB ATI HD4200
320GB SATA 5400RPM
Windows 7 Home Premium 64-bit
Bluray drif

BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða

139.999
~~149.999~~

### Packard Bell

Packard Bell
TT TM94-RB-004
AMD Athlon II Dual-Core Mobile P320
4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
15.6" HD LED Diamond View skjár
512MB ATI HD4200 DX10.1 öflug skjástýring
320GB SATA 5400RPM
300Mbps Draft-N þráðlaust 802.11 b/g/n net
1.3MP HD 1280x1024
vefmyndavél, kortalesari
Allt að 3 tíma endingu
Windows 7 Home Premium 64-bit

BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða

119.999

### Packard Bell

Packard Bell
TT TM86-GN-005
Intel Core i3-330M 2.13GHz
4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
15.6" HD LED Diamond View skjár
512MB Core i HD Graphics
PCI-E2.0 DX10 Intel skjástýring
320GB SATA 5400RPM
300Mbps Draft-N þráðlaust 802.11 b/g/n net
1.3MP HD 1280x1024
vefmyndavél,
kortalesari
Allt að 3 tíma endingu
Windows 7 Home Premium 64-bit

BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða

129.999
~~134.999~~

### Packard Bell

Packard Bell
TT TM85-JO-010
Intel Core i5-430M 2.26GHz, Dual Core örgjörvi
4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
15.6" HD LED Diamond View skjár
512MB ATI HD5470 DX11 skjákort
með allt að 1GB HyperMemory
500GB SATA 5400RPM
300Mbps Draft-N þráðlaust 802.11 b/g/n net
1.3MP HD 1280x1024
vefmyndavél, kortalesari
Allt að 3 tíma endingu
Windows 7 Home Premium 64-bit

BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða

149.999

## Vaxtalausar raðgreiðslur á fartölvum, sjónvörpum og heimilistækjum!

### Þvottavél

ZANUSSI ÞVOTTAVÉL
1000SN - 6KG

HZ914 904 429

1000 snúningar á mínútu
Tekur 6 kg.
Þvottahæfni: A
Þeytivinduafköst: C
Orkuflokkur: A+

79.999

BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða

### Þvottavél

ZANUSSI ÞVOTTAVÉL
1200SN - 7KG

HZ914 904 801

1200 snúningar á mínútu
Tekur 7 kg.
Þvottahæfni: A
Þeytivinduafköst: B
Orkuflokkur: A+

89.999

BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða

### Þurrkari

ZANUSSI ÞURRKARI
6KG - MEÐ BARKA

HZ916 093 090

Barkaþurrkari með tímarofa.
Lægra hitastig fyrir viðkvæmt tau.
Valhnappur fyrir bómull eða gerviefni.

79.999

BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða

### Þurrkari

ZANUSSI ÞURRKARI
7KG - BARKALAUS

HZ916 094 209

Barkalaus þurrkari með rakaskynjara.
Taumagn 7 kg.
Ryðfrí tromla og krumpuvörn.

89.999

BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða

### Uppþvottavél

ZANUSSI UPPÞVOTTAVÉL
HVÍT
HZ911 549 035

12 manna uppþvottavél
h/b/d 85/60/61
5 kerfi

89.999

ZANUSSI UPPÞVOTTAVÉL
GRÁ
HZ911 549 032

12 manna uppþvottavél
h/b/d 85/60/61
5 kerfi

99.999

BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða

### Kæliskápur

ZANUSSI KÆLISKÁPUR
140SM 19/44L

HZ920 403 264
Hæð: 140 sm
Breidd: 55 sm
Dýpt: 61 sm
Orkunotkun: A

79.999

### Kæliskápur

ZANUSSI KÆLISKÁPUR
185SM 249/110L
GRÁR

HZ925 032 159
Hæð: 185 sm
Breidd: 60 sm
Dýpt: 63 sm
Kælir: 249L
Frystir: 110L
Orkunotkun: A+

119.999

### Frystiskápur

ZANUSSI FRYSTISKÁPUR
85SM HVÍTUR

HZ933 012 625

Hæð: 85 sm
Breidd: 55 sm
Dýpt: 60 sm
91 lítra frystihólf
Orkunotkun: A

59.999

BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða

BT

BT SKEIFAN - BT GLERÁRTORG S: 550-4444 - www.bt.is

> **Drew Barrymore**

Ég er ekki á eftir frægð og frama eða auðlegð og völdum. Ég vil helst hafa gott starf og góða vini; það er það sem skiptir máli í lífinu.“

***Drew Barrymore fer með aðalhlutverk í gamanmyndinni Duplex sem er á dagskrá Skjás eins kl. 21.40 í kvöld.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON HRISTIR HÖFUÐIÐ

# *Sjónvarpsefni sem spillir æskunni*

Þar sem knattspyrnan er ekki farin að einoka sjónvarpstæki heimilisins af fullri alvöru hefur unglingnum á heimilinu verið gefinn nokkuð laus taumur á fjarstýringunni. Og fullorðna fólkið hefur því þurft að horfa á vinsælustu þætti unga fólksins. Sú var tíðin að fjölskyldur landsins sameinuðust fyrir framan Derrick á þriðjudagskvöldum með Prins Póló, lakkrísröri og kók í gleri. Hinn strangheiðarlegi þýski lögreglumaður fangaði vondu gæjana af fágun og heiðarleika og mann langaði aldrei til að komast í kast við lögin, þökk sé Derrick. En nú er öldin önnur; sjónvarpsþættirnir í dag virðast ganga út á það eitt að vera eins tíkarlegur og mögulegt er.

Þriðjudagskvöld reyndist sérstaklega erfitt fyrir húsbónda heimilisins en húsfreyjan hafði vit á því að forða sér frá „imbakassanum“ sem svo sannarlega var réttnefni þetta kvöld. Dagskráin hófst á Make it or Break it en hann fjallar um fimleikastúlkur sem keppast um að komast í ameríska landsliðið. Dramatíkin var yfirþyrmandi í þáttunum, önnur hver senan gekk út á eitthvert uppgjör, það féllu tár og öðru hverju mátti heyra óendanlega væmna og Blunt-lega gítartónlist.



Næst var kallað „þetta er fyndnasti þátturinn í dag“. Það var Cougar Town með vinastúlkunni Courtney Cox. Þvílík hörmung, þvílíkir fimmaurabrandarar, þvílíkt og annað eins. Og svona mætti lengi telja, Gossip Girl og það nýjasta, Pretty Little Liars. Innantómt rusl um heilalausa krakka sem þrá ekkert frekar en að stinga hver annan í bakið. Og kannski hljóma þessi orð eins og ástríðufull fortíðarhyggja, þrá eftir sakleysi kalda stríðsins þar sem hlutirnir voru annaðhvort svartir eða hvítir. Ef til vill ætti ég að kaupa mér farmiða í næstu ferð tímavélarinnar og hverfa aftur til þess tíma þegar ekkert sjónvarp var á fimmtudögum. Mér er bara alveg sama; sjónvarpsefni þarf ekki að vera svona mikil klisja um ekki neitt.

## FÖSTUDAGUR



▶ **18.00** TMNT: Teenage Mutant Ninja Turtles STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **18.40** Ísland - Noregur SJÓNVARPIÐ



▶ **20.15** Oprah's Big Give STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.00** England - Búlgaría STÖÐ 2 SPORT



▶ **21.25** The Diplomat STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**15.50 Davíð Stefánsson frá Fagraskógi** Þáttur gerður í tilefni af því að öld var liðin frá fæðingu þjóðskáldsins.
**16.55 Fræknir ferðalangar** (61:91)
**17.20 Leó** (23:52)
**17.25 Táknmálsfréttir**
**17.35 Mörk vikunnar** Í þættinum er fjallað um íslenska kvennafótboltann.
**18.00 Fréttir**
**18.30 Veðurfréttir**
▶**18.40 Landsleikur í fótbolta** (Ísland - Noregur) Karlalandslið Íslands og Noregs eigast við á Laugardalsvelli í beinni útsendingu. Leikurinn er liður í undankeppni EM 2012.
**21.00 Eitthvað nýtt** (Something New) Bandarísk bíómynd frá 2006 um ástir blökkukonu og hvíts karlmanns.
**22.40 Taggart – Heimþrá** (Taggart - Homesick) Skosk sakamálamynd þar sem rannsóknarlögreglumenn í Glasgow fást við snúið sakamál. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**23.30 Skrímslið í ánni** (Gwoemul) Suður-kóresk bíómynd frá 2006. Skrímsli lætur á sér kræla í Han-ánni í Seoul og ræðst á fólk. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**01.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Mrs. Henderson Presents**
**10.00 Dumb and Dumber**
**12.00 TMNT: Teenage Mutant Ninja Turtles**
**14.00 Mrs. Henderson Presents**
**16.00 Dumb and Dumber**
▶**18.00 TMNT: Teenage Mutant Ninja Turtles**
**20.00 The Object of My Affection**
**22.00 Spider-Man 3**
**00.15 All In**
**02.00 Lady Vengance**
**04.00 Spider-Man 3**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Tommi og Jenni, Elías, Hvellur keppnisbíll, Kalli litli Kanína og vinir, Lalli
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 60 mínútur**
**11.05 Beauty and the Geek** (7:10)
**11.50 Amne$ia** (4:8)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Project Runway** (13:14)
**13.45 La Fea Más Bella** (230:300)
**14.30 La Fea Más Bella** (231:300)
**15.25 Wonder Years** (10:17)
**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Kalli litli Kanína og vinir, Tommi og Jenni
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (3:25)
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 American Dad** (11:20) Fimmta teiknimyndaserían um Stan og fjölskyldu hans frá höfundum Family Guy.
**19.45 The Simpsons** (11:21)
**20.10 Ameríski draumurinn** (3:6) Hörkuspennandi og sprenghlægilegir þættir.
**20.55 Þúsund andlit Bubba** Einstakir þættir þar sem fylgst er með Bubba Morthens á tónleikaferð í kringum landið í tilefni af 30 ára starfsafmæli hans.
▶**21.25 The Diplomat** Seinni hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar mánaðarins.
**22.55 Year of the Dog** Gamanmynd með Molly Shannon og John C. Reilly.
**00.35 Cadillac Man** Sölumaður á það á hættu að missa vinnuna, ástkonuna, hina vinkonuna, mafíuvendarengilinn sinn og dóttur sína allt sömu helgina.
**02.10 Undisputed II: Last Man Standing** Hörkuspennandi bardagamynd.
**03.40 The Boy in the Striped Pyjamas** Einkar áhrifarík kvikmynd þar segir frá hinum 9 ára gamla Bruno, sem þarf að flytjast með foreldrum sínum frá Berlín og út í sveit.
**05.15 The Simpsons** (11:21)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag** (e)

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**18.00 Pepsímörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum Pepsí-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa verða að sjálfsögðu á sínum stað.
**19.10 Barclays** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Öll mót ársins á PGA mótaröðinni krufin til mergjar.
**20.05 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Árið sem framundan er skoðað gaumgæfilega og komandi mót könnuð.
**20.30 Meistaradeild Evrópu** Skyggnst á bakvið tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu. Hitað upp fyrir komandi leiki og um leið hinir ýmsu leikir grandskoðaðir.
▶**21.00 England - Búlgaría** Bein útsending frá undankeppni EM 2012.
**22.45 Players Championship** Sýnt frá Players Championship mótinu í póker en þangað mættu flestir af bestu pókerspilurum heims.
**23.40 WCP V - PCA Bahamas - World Cup Of Poker 1** Sýnt frá evrópsku mótaröðinni í póker.
**00.30 WCP V - PCA Bahamas - World Cup Of Poker 2**

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**16.00 Sunnudagsmessan** Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta framhjá sér fara.
**17.00 Chelsea - Stoke / HD** Sýnt frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**18.45 Tottenham - Wigan** Sýnt frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**20.30 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**21.00 PL Classic Matches: Blackburn - Leicester, 1997**
**21.30 Premier League World 2010/11** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**22.00 Football Legends - Di Stefano** Að þessu sinni verður fjallað um Alfredo Di Stefano.
**22.30 PL Classic Matches: Newcastle - Liverpool, 1998**
**23.00 Wolves - Newcastle** Sýnt frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Dynasty** (26:30) (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**16.40 Dynasty** (27:30) Ein frægasta sjónvarpssería allra tíma.
**17.25 Rachael Ray**
**18.10 Three Rivers** (13:13) (e)
**18.55 How To Look Good Naked - Revisited** (3:6) (e)
**19.45 King of Queens** (8:25) (e)
**20.10 Bachelor** (4:11) Raunveruleikaþáttur þar sem rómantíkin ræður ríkjum. Stelpurnar níu sem eftir eru reyna að heilla Jason með söng sínum. Hann fer með sex stelpur á tökustað sápuóperunnar General Hospital og hittir leikarana. Tvær stúlkur fá að eiga með honum rómantíska kvöldstund.
**21.40 Duplex** (e) Bráðfyndin gamanmynd með Ben Stiller og Drew Barrymore í aðalhlutverkum. Þau leika ungt par sem á bjarta framtíð. Þau finna draumahúsið sitt en því fylgir einn ókostur. Gömul kona er leigjandi í húsinu og hún er ekki á þeim buxunum að fara. Draumurinn breytist fljótt í hreina martröð og unga parið er að ganga af göflunum í baráttunni við gömlu herfuna og þau gætu þurft að grípa til örþrifaráða. Leikstjóri er Danny DeVito. 2003.
**23.10 Parks & Recreation** (18:24) (e)
**23.35 Law & Order: Special Victims Unit** (4:22) (e)
**00.25 Life** (20:21) (e)
**01.15 Last Comic Standing** (10:11) (e)
**02.00 Premier League Poker II** (5:15) Skemmtilegt pókermót þar sem 12 af sterkustu pókerspilurum heims reyna með sér.
**03.45 Jay Leno** (e)
**04.30 Jay Leno** (e)
**05.15 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórnin skoðar nýjustu tíðindi.
**21.00 Golf fyrir alla** 8. hola með Unni og Hirti og 9. hola með Júlíönu og Fjólu.
**21.30 Eldum íslenskt** Það gerist ekki betra íslenska nýmetið.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.10

### Ameríski draumurinn




Hörkuspennandi og sprenghlægilegir þættir með Audda og Sveppa í æsilegu kapphlaupi yfir Bandaríkin þver og endilöng. Þeim til aðstoðar í ferðinni eru þeir Egill Gilzenegger og Villi Naglbítur. Villisveppirnir eru staddir í Memphis þar sem þeir feta í fótspor konungs rokksins á meðan 2 harðir rúlla inn í San Francisco þar sem þeirra bíður heldur öfugsnúin áskorun. Ekki missa af einni mínútu af mest spennandi kapphlaupi ársins!

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Þúsund andlit Bubba

### Stöð 2 kl. 20.55

Einstakir þættir þar sem fylgst er með Bubba Morthens á tónleikaferð um landið í tilefni af 30 ára starfsafmæli hans. Hér gefst fágætt tækifæri til að skyggnast bak við tjöldin og fylgjast með því sem gengur á bæði fyrir og eftir tónleika, svo ekki sé minnst á allar óborganlegu sögurnar sem Bubbi segir.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.15** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Fram á nótt
**14.03** Girni, grúsk og gloríur
**15.03** Útvarpssagan: Húsið
**15.25** Rölt milli grafa
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Fimm fjórðu
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.20** Auglýsingar
**18.21** Spegillinn
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Tónlist fólksins
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Hringsól
**21.30** Kvöldsagan: Stofnunin
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.13** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## EXTRA

**19.30 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar, sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum, veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur

▶**20.15 Oprah's Big Give** (7:8) Stórmerkileg þáttaröð þar sem sjónvarpsdrottningin Oprah Winfrey skipuleggur heljarinnar reisu um Bandaríkin og hún lætur tíu ólíka einstaklinga keppa innbyrðis í gjafmildi. Þeir fá til umráða umtalsverða fjármuni sem þeir geta ráðstafað að vild til góðgerðamála og þeirra sem virkilega þurfa á aðstoð að halda.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 The Diplomat** Fyrri hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar mánaðarins. Virtur stjórnarerindreki er sakaður um glæp. Fljótlega kemur í ljós að ekki er allt sem sýnist.

**23.20 The Forgotten** (7:17) Spennuþættir í anda Cold Case með Christian Slater í aðalhlutverki. Þættirnir fjalla um óbreytta borgara sem taka lögin í sínar hendur og klára rannsókn á ákveðnum sakamálum sem lögreglan hefur gefist upp á.

**00.05 Oprah's Big Give** (7:8)

**00.50 The Doctors**

**01.30 Ameríski draumurinn** (3:6) Hörkuspennandi og sprenghlægilegir þættir með Audda og Sveppa í æsilegu kapphlaupi yfir Bandaríkin þver og endilöng. Þeim til aðstoðar í ferðinni eru þeir Egill Gilzenegger og Villi Naglbítur.

**02.15 Fréttir Stöðvar 2**

**03.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.35** After You've Gone **13.05** After You've Gone **13.35** The Green, Green Grass **14.05** The Green, Green Grass **14.35** ‚Allo ‚Allo! **15.05** Dalziel and Pascoe **15.55** The Weakest Link **16.40** Monarch of the Glen **17.30** My Hero **18.00** Harry and Paul **18.30** Lead Balloon **19.00** Little Britain **19.30** Hustle **20.20** The Jonathan Ross Show **21.10** Harry and Paul **21.35** Come Dine With Me **22.00** The Jonathan Ross Show **22.50** Torchwood **23.40** My Hero

## DR 1

**12.00** Rabatten **12.30** Nabokrig **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Hjerteflimmer Classic **14.30** AF1 - alle for 1 **14.50** Alfred **15.00** Emil fra Lønneberg **15.30** Fredagsbio **15.40** Alfons Åberg keder sig **15.50** Lillefinger **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Talent 2010 **19.00** TV Avisen **19.30** Talent 2010 - udvælgelsen **19.55** The Code **21.30** Mary Reilly

## NRK 1

**12.30** Toppform **13.00** NRK nyheter **13.10** Millionær i forkledning **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Bondeknolen **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.40** Norge rundt **18.05** I mitt liv - Inger Lise Rypdal **19.00** 20 sporsmål **19.25** Tause vitner **21.05** Kveldsnytt **21.20** Hotel Babylon **22.10** Pop-revy fra 60-tallet **22.40** Hjerte til hjerte **23.20** Little Britain USA **23.45** Country jukeboks u/chat

## SVT 1

**12.20** Veronica Mars **13.00** Sommarkväll med Anne Lundberg **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Båttokig **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Doobidoo **19.00** The Bank Job **20.15** Elvis Costello med gäster **21.00** Million Dollar Baby **23.10** Sommarkväll med Anne Lundberg




## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Það er Ostabúðin á Skólavörðustíg, hún er langbest. Ég fæ mér salatið með heitreyktri gæsabringu.“*

Anna Hrund Másdóttir listakona.

# Vekur athygli þýskra bloggara

Fjallað var um verslunina Glad I Never á þýsku netsjónvarpsstöðinni Berlinfashion.tv fyrir skemmstu, en verslunin er í eigu Íslendingsins Baldvins Dungal og var opnuð í desember síðastliðinn.

„Stúlkan sem sér um þennan tískuþátt gengur um borgina og finnur skemmtilegar búðir sem hún fær svo leyfi til að fjalla um. Glad I Never er ekki búin að vera það lengi til að maður afþakkar ekki ókeypis augýsingu þannig ég spjallaði við hana í tæpa klukkustund og sýndi henni búðina. Ég hef bara horft á myndbandið einu sinni því ég varð svo pirraður á öllum málfræðivillunum hjá mér,“ segir Baldvin og hlær. Hann rekur verslunina í samstarfi við móður sína, Elínu Kjartansdóttur, og Elsu Maríu Blöndal, söngkonu og fatahönnunarnema.

Aðspurður segist Baldvin hafa fengið hina ýmsu tískubloggara í heimsókn síðan verslunin var opnuð og segir slíka umfjöllun góða fyrir viðskiptin. „Það koma alltaf einhverjir viðskiptavinir að skoða sem segjast hafa lesið umfjöllun um verslunina á netinu, en það verður þó aldrei nein sprenging í kúnnafjölda eftir svona umfjöllun.“

Að sögn Baldvins gengur rekstur verslunarinnar ágætlega og fjölgar viðskiptavinunum með hverjum mánuði. „Ætli það megi ekki segja að þetta sé rekið á sléttu en þetta batnar alltaf með hverjum mánuðinum, þannig það er góð ástæða til að vera bjartsýnn. Við reynum líka að vekja athygli á okkur með því að hafa skemmtilegar uppákomur í versluninni minnst einu sinni í mánuði og það hefur reynst vel.“ segir Baldvin. - sm



**GÓÐ UMFJÖLLUN** Baldvin Dungal rekur verslunina Glad I Never í miðborg Berlínar. Fjallað var um verslunina á þýsku netsjónvarpsstöðinni Berlinfashion.tv.



**LÁRÉTT**
**2.** grunnflötur, **6.** tveir eins, **8.** stúlka, **9.** arr, **11.** hætta, **12.** vatt, **14.** iðja, **16.** kúgun, **17.** skjön, **18.** flinkur, **20.** tveir, **21.** treysta.

**LÓÐRÉTT**
**1.** sæti, **3.** hljóm, **4.** fugl, **5.** af, **7.** helber, **10.** kann, **13.** fljótfærni, **15.** ekki margir, **16.** tíðum, **19.** ullarflóki.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gólf, **6.** ee, **8.** mær, **9.** sig, **11.** vá, **12.** snerí, **14.** starf, **16.** ok, **17.** ská, **18.** fær, **20.** ii, **21.** trúa.

**LÓÐRÉTT: 1.** sess, **3.** óm, **4.** lævirki, **5.** frá, **7.** einskær, **10.** get, **13.** ras, **15.** fáir, **16.** oft, **19.** rú.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1 Vaktarabærinn.
2 Washington DC.
3 Daníel Hafn Sigurðsson.

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

ALMA GUÐMUNDSDÓTTIR: SKRÝTIÐ AÐ HEYRA LAGIÐ Í SJÓNVARPI

# Milljónir hlusta á söng stúlknanna í The Charlies

Stúlkurnar í hljómsveitinni The Charlies, þær Alma Guðmundsdóttir, Steinunn Camilla Sigurðardóttir og Klara Elíasdóttir, halda áfram að vekja verðskuldaða athygli í Borg Englanna. Nýverið bauðst þeim að syngja kynningarlag hins vinsæla sjónvarpsþáttar Dancing With The Stars, en þátturinn er með svipað áhorf og American Idol í Bandaríkjunum.

Lagið sem stúlkurnar syngja er endurgerð af klassíkinni Eye of the Tiger með hljómsveitinni Survivor en texta og nafni lagsins breytt í Fighter on the Dancefloor og vísar þar með í danskeppnina sjálfa. Að sögn Ölmu fóru þær stöllur inn í hljóðver á fimmtudegi og var auglýsingin með laginu farin í loftið innan við viku síðar. Áætlað er að The Charlies komi svo fram í einum þættinum í vetur og syngi þá lagið fyrir áhorfendur. Alma segir þetta einstakt tækifæri fyrir hljómsveitina. „Það að fá að syngja lag í auglýsingu í einum vinsælasta sjónvarsþætti í Bandaríkjunum er alveg frábært tækifæri fyrir okkur. Það er líka rosalega skrítið að hugsa til þess að milljónir manna séu að hlusta á lag sem við syngjum.“

Hún segir þær hafa heyrt lagið í fyrsta sinn í sjónvarpinu fyrir nokkrum dögum síðan og var það undarleg tilfinning. „Okkur finnst þetta kannski meira spennandi en fólki heima því maður veit hvað þessir þættir eru vinsælir og hvað það er mikil eftirvænting eftir nýju þáttaröðinni,“ segir hún og hlær.

Aðspurð segir Alma annars nóg að gera hjá stúlkunum og eyða þær miklum tíma í æfingar og fundarhöld með yfirmönnum plötufyrirtækisins. „Það er hellingur í gangi og ótrúlegustu hlutir að koma upp, þannig að við erum í voða góðum gír,“ segir hún kampakát.

sara@frettabladid.is







**THE CHARLIES**

Hér sjást **stúlkurnar** inni í hljóðveri ásamt **Mark Byers**, höfundi lagsins. Vinsældir Dancing with the Stars fara vaxandi með ári hverju og ríkir mikil eftirvænting eftir nýju þáttaröðinni. Á meðal keppendanna í ár má nefna tónlistarmanninn **Michael Bolton**, leikkonuna Jennifer Grey, **David Hasselhoff** og Bristol Palin, dóttur fyrrum varaforsetaframbjóðandans Söruh Palin.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær er **Björgvin G. Sigurðsson**, fyrrum viðskiptaráðherra, nú að leggja lokahönd á bók um upplifun sína af efnahagshruninu. Bókin hefur hlotið vinnutitilinn Fullkominn stormur. Sé nafninu snúið upp á ensku myndi hún þá heita Perfect Storm en það var einmitt heitið á frægri kvikmynd George Clooney. Hvort þetta er tilviljun ein eður ei þá er það kannski eilítil kaldhæðni að myndin fjallar um mann sem hundsar allar viðvaranir um mikið óveður og siglir litla fleyinu sínu inn í gin sterks fellibyls.



Frumraun **Baltasars Kormáks** í Hollywood, Inhale, verður sýnd á árlegri kvikmyndahátíð í Woodstock um næstu mánaðamót. Myndin fer síðan í almenna dreifingu í bandarískum kvikmyndahúsum 22. október. Óvíst er hvort Baltasar verður viðstaddur hátíðina því hann er önnum kafinn við tökur á Djúpinu auk þess sem tökur á bandarískri endurgerð myndarinnar Reykjavík Rotterdam, sem nefnist Contraband, hefjast hugsanlega á næstunni.

Fari svo að Baltasar verði á meðal gesta á Woodstock-hátíðinni verður hann í góðra manna hópi því Hollywood-stjarnan Keanu Reeves verður þar heiðursgestur. Hátíðin, sem hóf göngu sína árið 1999, er virt í kvikmyndabransanum og hefur í gegnum árin laðað að sér fræga gesti, þar á meðal leikarana Kevin Bacon, **Tim Robbins** og Steve Buscemi. - fgg, fb




# ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is



**Finnski hesturinn** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 15/10 kl. 20:00 frums U | Lau 30/10 kl. 20:00 4.sýn Ö | Lau 6/11 kl. 20:00 7.sýn |
| Lau 16/10 kl. 20:00 2.sýn Ö | Sun 31/10 kl. 20:00 5.sýn Ö | Fim 11/11 kl. 20:00 8.sýn |
| Lau 23/10 kl. 20:00 3.sýn Ö | Fös 5/11 kl. 20:00 6.sýn | |



**Fíasól** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 4/9 kl. 13:00 U | Lau 11/9 kl. 15:00 U | Lau 18/9 kl. 13:00 |
| Lau 4/9 kl. 15:00 U | Sun 12/9 kl. 13:00 Ö | Lau 18/9 kl. 15:00 Ö |
| Lau 11/9 kl. 13:00 Ö | Sun 12/9 kl. 15:00 Ö | Sun 19/9 kl. 13:00 |



**Hænuungarnir** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 10/9 kl. 20:00 Ö | Fim 16/9 kl. 20:00 U | Sun 19/9 kl. 20:00 |
| Lau 11/9 kl. 20:00 Ö | Fös 17/9 kl. 20:00 Ö | Fim 23/9 kl. 20:00 |
| Sun 12/9 kl. 20:00 Ö | Lau 18/9 kl. 20:00 Ö | Fös 24/9 kl. 20:00 Ö |



**Íslandsklukkan** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 9/9 kl. 19:00 Ö | Sun 19/9 kl. 19:00 Ö | Lau 25/9 kl. 19:00 Ö |
| Fös 10/9 kl. 19:00 Ö | Mið 22/9 kl. 19:00 U | Fös 1/10 kl. 19:00 |
| Lau 18/9 kl. 19:00 Ö | Fös 24/9 kl. 19:00 Ö | Lau 2/10 Kl. 19:00 |



**Gerpla** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 21/10 kl. 20:00 Ö | Fös 29/10 kl. 20:00 | Fim 4/11 kl. 20:00 |



**Hamskiptin** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 3/9 kl. 20:00 Ö | Sun 12/9 kl. 20:00 Ö | Fös 17/9 kl. 20:00 |
| Lau 11/9 kl. 20:00 Ö | Fim 16/9 kl. 20:00 | |



**Nígeríusvindlið** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 4/9 kl. 20:00 | Sun 5/9 kl. 20:00 | |



**Þér er boðið í skemmtilegustu afmælisveislu ársins!**
Sunnudaginn 5. sept. frá 14-16


# Mynduðu brennandi bústað

„Þetta gekk alveg ótrúlega vel, alveg eins og í sögu,“ segir Anna María Karlsdóttir, annar af framleiðendum kvikmyndarinnar Okkar eigin Osló.

Sumarbústaður var „brenndur“ við tökur á myndinni í Miðfellslandi við Þingvallavatn á dögunum. Um eitt hundrað manns voru á svæðinu, þar á meðal lögregla, slökkvilið og eftirlitsaðilar, til að sjá um að allt gengi vel fyrir sig. „Við byggðum utan um hann og brenndum það. Svo stóð hann eftir óhultur,“ segir Anna um bústaðinn og tekur fram að leikmyndahönnuðurinn Eggert Ketilsson hafi unnið þarna gott starf ásamt brennudeild myndarinnar. „Þetta var einn tökudagur. Það var kveikt margoft í og slökkt aftur.“

Tökur á myndinni halda áfram á Þingvöllum fram eftir mánuðinum. Eftir það verður tekið upp í Reykjavík og síðan verður farið til Óslóar. Okkar eigin Osló er svo væntanleg í kvikmyndahús í febrúar. Með helstu hlutverk fara Brynhildur Guðjónsdóttir, Þorsteinn Guðmundsson, Hilmir Snær Guðnason og Laddi. Leikstjóri er Reynir Lyngdal. - fb



**LOGANDI BÚSTAÐUR** Bústaðurinn við Þingvallavatn í ljósum logum við tökur á Okkar eigin Osló. Þorsteinn Guðmundsson og Brynhildur Guðjónsdóttir haldast í hendur á meðan Laddi fylgist með í fjarska. MYND/VERA PÁLS

# HEILDSÖLU LAGERSALA

**VIÐ ERUM AÐ RÝMA TIL Á LAGERNUM FYRIR NÝJUM VÖRUM OG SELJUM ÞVÍ ELDRI LAGER OG SÝNISHORN Á ÓTRÚLEGU VERÐI!**

# 40-60% afsláttur

**FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR**

## - aðeins í 5 daga!



Mikið úrval af vetrarfatnaði, golffatnaði, útivistarfatnaði, softshell og super stretch peysum, barna fatnaði og mörgu fl.

| Verðdæmi: | verð áður | verð nú |
|---|---|---|
| 3 laga jakkar | 37.990- | **18.900-** |
| 3 laga buxur | 37.990- | **18.900-** |
| Golfjakkar | 19.990- | **9.900-** |
| Golfregnbuxur | 22.900- | **12.900-** |
| Útivistarjakkar | 24.900- | **14.900-** |
| Barnaúlpur | 17.900- | **7.900-** |
| Skíðabuxur barna | 14.900- | **7.900-** |
| Skíðaúlpur 2 laga | 29.900- | **14.900-** |
| Skíðabuxur | 21.900- | **9.900-** |
| Fleece barnapeysur | 11.900- | **4.900-** |
| Soft-shell barnapeysur | 14.900- | **5.900-** |
| Barnagallar | 11.990- | **5.900-** |
| Barnaregnjakkar | 10.990- | **4.900-** |
| Regnbuxur | 8.990- | **4.900-** |

**OPNUNARTÍMAR**

| | | |
|---|---|---|
| Fimmtudagur | 2. sept. | kl: 12-20 |
| Föstudagur | 3. sept. | kl: 12-20 |
| Laugardagur | 4. sept. | kl: 10-18 |
| Sunnudagur | 5. sept. | kl: 11-18 |
| Mánudagur | 6. sept. | kl: 12-20 |

**Lagersala ZO-ON - Nýbýlavegi 18 (Dalbrekku megin) - Kópavogi - www.zo-on.is**

ZO•ON ICELAND

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060







## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Vala út af borðinu



Fréttablaðið greindi frá því í gær að hjónin Ragnhildur Steinunn og Haukur Ingi Guðnason væru að gera heimildarmynd um 34 ára gamla konu sem fæddist í líkama karls og hygðist ganga undir kynleiðréttingu. Einhverjir glenntu upp augun yfir þessu því fyrir ári var greint frá því að Ragnhildur ætlaði að gera heimildarmynd um Völu Grand og hennar ferli. Vala hefur reyndar verið í fjölmiðlum út af sinni kynleiðréttingu stanslaust þannig að það yrði lítil frétt í slíkri mynd.

### Kúabóndi stangar prófessor



Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, hélt því fram í morgunþætti Rásar 2 í fyrradag að matarverð hér væri tuttugu til fimmtíu prósentum hærra en í Danmörku og innan Evrópusambandsins. Nafni prófessorsins, Baldur Helgi, framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda, sagði í gær fullyrðingar prófessorsins rakalaust bull á netsíðu sambandsins, naut.is. Hann bendir á að Hagstofan hafi birt niðurstöður evrópsks verðsamanburðar á mat, drykkjarvöru og tóbaki. Þar megi sjá að matarverð í Danmörku sé um þrjátíu prósentum hærra en hér. Hann klykkir út með að ýmsir hafi greinilega gleymt að lesa heima. - fgg

## Mest lesið vísir.is

1. Hnífur fannst í garði – gæti verið morðvopnið
2. Stefán Pálsson: Ótrúlega ósmekklegur kveðjuhrekkur
3. Hver er þessi Guðbjartur Hannesson?
4. Guðbjartur inn – Kristján út og Árni skiptir um stól
5. Ásmundur Einar: Ögmundur verður ekki þægur ráðherra
6. Ósátt við ákvörðun Guðlaugs Þórs








4. og 7. september: Fúsi 90 ára – afmælistónleikar
Sigrún Hjálmtýsdóttir, Bergþór Pálsson og Jónas Ingimundarson

30. september, 1. október og 5. febrúar: Regína Ósk og Carpenterslögin
Regína Ósk ásamt hljómsveit

15. október: Árni Thorsteinsson 140 ára
Jónas Ingimundarson heiðrar minningu skáldsins

14., 16., 22. og 23. október: Páll Rósinkrans – brot af því besta í bland við nýtt efni
Páll Rósinkrans ásamt gestum

12. og 13. nóvember: Karlakór Dalvíkur
Karlakórinn ásamt hljómsveit

24. og 25. nóvember: Elvis Presley í 75 ár – útgáfutónleikar
Friðrik Ómar ásamt hljómsveit flytur öll bestu Elvislögin

26. nóvember: Víkingur Heiðar Ólafsson – útgáfutónleikar
Víkingur Heiðar píanóleikari



10. desember: Litla flugan – bestu lögin hans Fúsa
Egill Ólafsson, Björns Thoroddsen og gestir

19. desember: Jólatónleikar fjölskyldunnar
Skólakór Kársness og gestir

15. janúar: Nýárstónleikar Salarins
Sigrún Hjálmtýsdóttir og Salon Islandus

22. og 23. janúar: Meistari Kristinn
Kristinn Sigmundsson og Jónas Ingimundarson

15. febrúar: Bergþóra Árnadóttir – minningartónleikar
Öll bestu lög Bergþóru flutt af landskunnum listamönnum

19. mars: Tónleikaveisla kennara við Tónlistarskóla Kópavogs
kl. 13.00: „Ferðalag á framandi slóðir"
kl. 15.00: „Portrett" – Ríkharður H. Friðriksson
kl. 17.00: „Fjögur leika tríó"



TÍBRÁ tónleikar

12. september: Opnunartónleikar
Gissur Páll Gissurarson, Þóra Einarsdóttir og Jónas Ingimundarson

3. nóvember: Lög eftir Henri Duparc
Sólrún Bragadóttir, Ágúst Ólafsson og Gerrit Schuil

9. janúar: Tvö píanó
Aladár Rácz og Helga Bryndís Magnúsdóttir

19. febrúar: Vetrarferðin
Bjarni Thor Kristinsson og Ástríður Alda Sigurðardóttir

5. mars: Blómatónar
Herdís Anna Jónasdóttir og Semjon Skigin

30. mars: Fiðla og píanó
Sigurbjörn Bernharðsson og Anna Guðný Guðmundsdóttir

2. apríl: Selló og píanó
Bryndís Halla Gylfadóttir og Edda Erlendsdóttir

16. apríl: Söngtónleikar
Sigríður Ósk Kristjánsdóttir, Anna Guðný Guðmundsdóttir og Bryndís Halla Gylfadóttir

Fyrir alla fjölskylduna!
Barnatónleikar í Salnum í allan vetur, sjá nánar á salurinn.is

Ómar Ragnarsson – skemmtikraftur í 50 ár!
16. og 17. september:
Ómar Ragnarsson ásamt einvala liði skemmtikrafta og tónlistarmanna

Ríó Tríó – brot af því besta!
28., 29., 30. og 31. október:
Ríó Tríóið skemmtir ásamt ýmsum góðum gestum



Til eru fræ – minningartónleikar um Hauk Morthens
7. október:
Helgi Björnsson ásamt einvala liði heiðrar minningu Hauks Morthens

Af fingrum fram – Jón Ólafsson og gestir
4. nóvember: Gunnar Þórðarson
18. nóvember: Raggi Bjarna
24. febrúar: Egill Ólafsson
3. mars: Páll Óskar Hjálmtýsson
10. mars: Björgvin Halldórsson
17. mars: Guðrún Gunnarsdóttir



Gítarveisla Bjössa Thor
5. og 6. nóvember:
Björn Thor fær með sér ýmsa listamenn

Fjöldi annarra tónleika og viðburða má finna á **salurinn.is**. Fylgstu með! Miðasala á salurinn.is, midi.is og í síma 570 0400.

TOYOTA Toyota styður Salinn

salurinn.is